INGA ÞÓREY JÓHANNSDÓTTIR

*Flýgur á framandi slóðir í huganum*

• á ferðinni

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




LJÓSANÓTT

*Menning, tónleikar, flugeldar og gleði*

Sérblað um Ljósanótt

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. september 2009 — 207. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



### Buff spilar lög Magga Eiríks

Hljómsveitin Buff er að taka upp plötu með eigin útgáfum af lögum Magga Eiríks.

FÓLK 24

### Sólkrossinn til Þýskalands



Rithöfundurinn Óttar M. Norðfjörð hefur gert útgáfusamning við þýskt fyrirtæki vegna skáldsögunnar Sólkrossinn.

FÓLK 34

### Samtal um dauðann

Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur vann rannsóknarverkefni um ekkla á Íslandi.

TÍMAMÓT 20



### Landsliðshópurinn klár

Landsliðsþjálfarinn útskýrir af hverju Jóhannes Karl er ekki í leikmannahópnum.

ÍÞRÓTTIR 28

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI** Í dag verður hæglætisveður. Búast má við rigningu með köflum sunnan- og suðvestanlands en það léttir heldur til á Norður- og Austurlandi. Hlýjast verður suðvestanlands.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 106% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.


# Lögregla rannsakar opinbera styrki til stjórnmálaflokka

**Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra skoðar styrki opinberra fyrirtækja til stjórnmálaflokka. Rannsóknin beinist að styrkþegunum, en fjórir flokkar þáðu slíka styrki. Brotin geta varðað sektum eða fangelsisvist.**

**LÖGREGLUMÁL** Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra rannsakar nú styrkveitingar fyrirtækja í opinberri eigu til stjórnmálaflokka fyrir kosningarnar 2007. Rannsóknin snýst um hugsanlegt lögbrot flokkanna en ekki fyrirtækjanna. Brotin geta varðað sektum og alvarleg brot gegn lögunum fangelsi allt að sex árum.

Sjálfstæðisflokkurinn veitti móttöku styrkjum frá þremur fyrirtækjum í opinberri eigu: Neyðarlínunni, Orkubúi Vestfjarða og Íslandspósti.

Framsóknarflokkurinn, Samfylkingin og Vinstrihreyfingin – grænt framboð þáðu einnig framlög Íslandspósts. Eftir að Ríkisendurskoðun birti þessar upplýsingar sögðust flokkarnir ætla að endurgreiða styrkina.

Í lögum um fjármál stjórnmálasamtaka sem tóku gildi í ársbyrjun 2007 er lagt bann við því að þiggja styrki frá fyrirtækjum sem eru að meirihluta í eigu eða undir stjórn ríkis eða sveitarfélaga.

Efnahagsbrotadeildin hafði einnig hug á því í vor að rannsaka hugsanleg tengsl þrjátíu milljóna styrks FL Group til Sjálfstæðisflokksins og þess sem síðar gerðist í REI-málinu. Einnig stóð þá til að skoða hugsanleg tengsl 25 milljóna styrks Landsbankans til sama flokks í tengslum við stofnun Landsvirkjun Power.

Efnahagsbrotadeildin hafði jafnframt hug á að taka fríðindi sem kjörnir fulltrúar nutu til skoðunar, sérstaklega fræga laxveiðiferð nokkurra kjörinna fulltrúa í boði Hauks Leóssonar.

Ríkissaksóknari staðfestir að ekki hafi verið taldar nægilegar vísbendingar til formlegrar rannsóknar á þessum málum.

Þurft hefði að sýna fram á að styrkir og fyrirgreiðslur hefðu verið veittar til að hafa áhrif á afgreiðslu stjórnvalds í málum tengdum fyrirtækjunum. Erfitt væri að sanna það. Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, segir að aðrir styrkir en frá opinberu fyrirtækjunum verði ekki skoðaðir meira nema frekari upplýsingar berist embættinu.

Þess má geta að rannsóknarnefnd Alþingis er að skoða samskipti bankanna við kjörna fulltrúa síðustu árin. - kóþ / sjá síðu 12




**SIGLDIR OG SJÓAÐIR** Þessir félagar á Dísinni tóku þátt í þriðjudagskeppni siglingaklúbbsins Brokeyjar í gær og sjást hér koma á leiðarenda í Reykjavíkurhöfn. Keppni af þessu tagi hefur verið haldin vikulega í allt sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alþjóðleg kvikmyndahátíð:

# Iben formaður dómnefndar

**FÓLK** Danska leikkonan Iben Hjejle verður formaður dómnefndar í keppninni um Gyllta lundann, aðalverðlaunin á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík, RIFF, sem verður haldin síðar í mánuðinum. Hjejle er vafalítið þekktust hérlendis sem kona Caspers Christensen í gamanþáttunum Klovn.



IBEN HJEJLE

„Þetta er alveg frábært,“ segir Hrönn Marínósdóttir hjá RIFF um komu Iben til landsins. „Það eru svo margir sem þekkja hana úr þáttunum og hún er skemmtileg leikkona líka. Það er mikil ánægja með þetta enda er hún búin að gera mikið af góðum hlutum.“ Iben verður ein fimm kvenna í dómefnd hátíðarinnar.

- fb / sjá síðu 34

Íslensk hönnun á boðstólum í verslun Topshop við Oxford Circus:

# E-label til sölu í Lundúnum

**VIÐSKIPTI** Fatnaður frá íslenska fatamerkinu E-label verður til sölu í verslun Topshop við Oxford Circus í Lundúnum.

Ásta Kristjánsdóttir, annar eigenda E-label, segir þetta einstakt tækifæri. „Við erum mjög ánægðar með að hafa komist þarna að. E-label verður fyrst um sinn selt í Edit-deildinni þar sem nýir og upprennandi hönnuðir fá að njóta sín,“ segir Ásta. Hún segir E-label vera eitt af sjö fatamerkjum sem valin voru úr miklum fjölda umsókna en í viku hverri berist Topshop um hundrað umsóknir frá fatahönnuðum.

E-label hefur hlotið afar jákvæða umfjöllun í erlendum fjölmiðlum, meðal annars á vefsíðu tískutímaritsins Elle, í tímaritinu Grazia og í London Paper.

Að sögn Ástu er væntanleg í vor ný lína frá E-label sem verður sú fyrsta í lit en hingað til hafa flíkurnar aðeins fengist í svörtu.

Fatnaður E-label er hannaður á Íslandi en framleiddur á Indlandi. Þrjú prósent hagnaðar fyrirtækisins renna til indverskra mannúðarsamtaka. Sala á fatnaði E-label í Topshop hefst 25. október næstkomandi.

- sm / sjá síðu 34







**SPURNING DAGSINS**



*Bjarni, er allt að verða band-ý-vitlaust?*

„Já, það eru sífellt fleiri sem láta kylfu ráða kasti.“

Bandýíþróttin hefur sótt í sig veðrið á Íslandi. Bjarni Rafn Gunnarsson leikur bandý með Bandýmannafélaginu Viktori.

Ásakanir um slóðaskap ganga á víxl á milli Alþjóðahúss og Reykjavíkurborgar:

# Öllum sagt upp í Alþjóðahúsi

**VINNUMARKAÐUR** Öllum starfsmönnum Alþjóðahúss, fjórtán talsins, hefur verið sagt upp störfum frá og með áramótum. Ástæðan er tafir á afgreiðslu þjónustusamnings Reykjavíkurborgar við Alþjóðahúsið fyrir næsta ár. Fulltrúar Alþjóðahúss og Reykjavíkurborgar benda hvor á annan þegar spurt er um ástæður tafanna.

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri borgarinnar, en mannréttindaráðið sér um samningsgerðina, sagði í fréttum RÚV í gær að ástæðan væri sú að Alþjóðahús ætti eftir að skila ársreikningum.

Katla Þorsteinsdóttir, stjórnarformaður Alþjóðahúss, segir hins vegar að öllum reikningum sem máli skipta hafi verið skilað í vor. Nú sé hins vegar verið að kalla eftir ársreikningi sjálfseignarstofnunarinnar sem á Alþjóðahús, en kemur ekki nálægt rekstrinum. Það sé smámunasemi þótt í samningum segi að honum skuli skilað.



**ALÞJÓÐAHÚS** Í Alþjóðahúsi er rekin ýmis þjónusta fyrir útlendinga, og upp á síðkastið hefur þeim verið veitt mikil aðstoð við að flytja úr landi frá eignum og skuldum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Katla gagnrýnir jafnframt að framlag borgarinnar þetta árið, sem hefur verið þrjátíu milljónir á ári, hafi án samráðs við Alþjóðahús verið lækkað í tuttugu milljónir, og það á miðju starfsári þegar áætlanir höfðu gert ráð fyrir meira fé. Enn fremur hafi fimm milljónir af þessum tuttugu átt að berast í gær, en það ekki gengið eftir vegna áðurnefndrar deilu.

Störf þessara fjórtán starfsmanna og um 300 verktaka þar til viðbótar eru nú í uppnámi þar til greitt verður úr deilunni. **- sh**

Fasteignafélagið Eik:

## Tapið nemur 334 milljónum

**VIÐSKIPTI** Eik fasteignafélag hf. tapaði tæpum 334 milljónum króna á fyrri helmingi ársins. Tap félagsins allt árið í fyrra nam 31,6 milljónum. Í tilkynningu um uppgjörið segir að velta Eik hafi verið 903 milljónir króna, sem er tólf prósenta aukning frá fyrra ári. Heildareignir félagsins voru að andvirði 20,4 milljarðar króna og handbært fé frá rekstri var 193 milljónir króna.

Í tilkynningunni segir enn fremur að ekki hafi tekist að semja um endurfjármögnun lána sem voru á gjalddaga í júní að fjárhæð 537 milljónir króna en viðræður standa yfir.



**PETRONAS-TURNARNIR** Alain Robert reyndi síðast að klífur turnana árið 2007. NORDICPHOTOS/AFP

Klifrarinn Alain Robert:

## Á topp hæsta húss Malasíu

**MALASÍA, AP** Alain Robert, sem hefur verið uppnefndur Köngulóarmaðurinn, var handtekinn í Malasíu í gær eftur að hann hafði klifrað upp annan tvíburaturnanna í höfuðborginni Kúala Lúmpúr.

**Robert læddist framhjá öryggisvörðum við Petronas-turnana og náði að komast upp á topp byggingarinnar. Hann hefur áður reynt að klífa byggingarnar, sem eru 88 hæða, en í bæði skiptin verið stöðvaður og handtekinn í kringum sextugustu hæð. Hann gæti nú átt yfir höfði sér sex mánaða fangelsi og 850 dollara sekt vegna málsins. - þeb**

# Skógar munu þekja allt láglendi Íslands

**Allt láglendi Íslands mun verða undirlagt af sjálfsprottnum skógi vegna minni sauðfjárbeitar og hlýnandi loftslags. Þegar kominn fimm þúsund hektara birkiskógur á Skeiðarársandi, segir framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands.**

**UMHVERFISMÁL** „Ef hlýnun loftslags heldur áfram á þessari öld eins og gert er ráð fyrir verður aukningin gífurleg,“ segir Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, um þá sprengingu sem orðin er hér á landi í sjálfsánum trjágróðri.

„Þróunin hefur verið ört vaxandi á síðustu árum. Það munu breiðast út hér birkiskógar og víðir aðallega og þekja allt láglendi þar sem beit hamlar ekki,“ segir Brynjólfur.

Útbreiðsla skóga mun ráðast af því hvernig beit verður háttað í framtíðinni. Brynjólfur segir að þar fari sauðkindin fremst í flokki. Hann bendir á að fyrir fáeinum áratugum hafi verið um ein milljón kinda hér á vetrarfóðrum. Í dag séu það aðeins um 400 þúsund fjár auk þess sem dregið hafi úr beit á úthögum. „Tiltölulega lítið af sauðfé getur einfaldlega haldið niðri svona gróðri,“ útskýrir hann.



**BRYNJÓLFUR JÓNSSON**

Brynjólfur segir trjágróður víða vera að ná sér á strik. „Á aðalfundi Skógræktarfélagsins um síðustu helgi var til dæmis rætt um landnám birkis á Skeiðarársandi. Þar er að vaxa upp fimm þúsund hektara samfelldur birkiskógur. Og á Vestfjörðum eru allir firðir að fyllast af birki og víði,“ er meðal dæma sem Brynjólfur nefnir. Þá minnist hann einnig á Austurland, Hvalfjörð og svæði við þéttbýlismörk höfuðborgarsvæðisins.



**SJÁLFSPROTTIN TRÉ** Rétt ofan við byggðina í Árbæ og Norðlingaholti er mikið af sjálfsánum trjám eins og hér við Suðurlandsveg hjá Hólmsá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mikið hefur verið ræktað af skógum síðustu ár en Brynjólfur segir þá starfsemi munu skila miklu minna en sú sjálfsáning sem nú sé hafin og aukast muni ár frá ári. Fyrst og fremst verði það birki, víðir og ösp sem breiðist út því fræ furu og grenis séu þyngri og berist aðeins fáeina tugi metra með vindi en fræ fyrrnefndu tegundanna geti borist marga kílómetra. Þar sem birkiskógurinn vaxi nú upp skammt vestan gömlu Skaftárbrúarinnar séu til dæmis allmargir kílómetrar í næsta skóg.

„Fé hefur ekki verið sleppt á Skeiðarársand í mörg ár. Þar er orðið mannhæðarhátt birki og það verður kominn nokkuð samfelldur birkiskógur á Skeiðarársandi eftir tuttugu til þrjátíu ár,“ segir Brynjólfur.

Miklar breytingar munu verða á vistkerfi landsins verði það víði vaxið milli fjalls og fjöru eins og þegar landnámsmennirnir settust hér að. „Slíkum skógum fylgir mikið og fjölbreytt vistkerfi, alls kyns smálífverur, sveppir og annað. En allt hefur þetta tilhneigingu til að leita jafnvægis,“ segir Brynjólfur. **gar@frettabladid.is**

Skoðanakönnun ASÍ:

## 19 prósent þurft sérstök úrræði

**EFNAHAGSMÁL Fimmti hver einstaklingur hefur þurft á sérstökum úrræðum að halda til að geta staðið skil á greiðslu lána. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir ASÍ í júlí. Svo virðist sem jafnhátt hlutfall tekjuhæsta hópsins og þess tekjulægsta sé í vanda.**

**Af þeim sem telja sig í vandræðum hafa sjötíu prósent sótt um eða nýtt sér þau úrræði sem í boði eru. Þeim mun menntaðra sem fólk er, því líklegra er að það sæki sér aðstoðina sem í boði er. Einungis 37 prósent þeirra sem hafa nýtt sér úrræðin telja þau leysa málin nægjanlega vel. - sh**

Innbrot í höfuðborginni:

## Þjófur faldi sig undir fjórhjóli

**LÖGREGLUMÁL** Fimm menn gistu fangageymslur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eftir að hafa verið gripnir við innbrot í fyrrinótt. Einn hafði brotist inn í fyrirtæki við Gjáhellu í Hafnarfirði og fannst í hnipri undir fjórhjóli. Fjórir brutust inn í söluturn í Árbæjarhverfi og stálu talsverðu af tóbaki.

Lögregla stöðvaði þá á bíl skömmu síðar og var þýfið í bílnum. Þeir verða yfirheyrðir með aðstoð túlks. Einn komst undan eftir innbrot í íbúð við Kleppsveg, þaðan sem hann stal einhverjum verðmætum.

**SAMGÖNGUR**

### 1.800 í Papey

Ríflega 1.800 manns hafa farið út í Papey í sumar með Papeyjarferðum. Það er um fimmtán prósenta aukning frá eldra farþegameti. Forsvarsmenn Papeyjarferða eru ánægðir með sumarið eins og fleiri á Djúpavogi, að því er segir á fréttavefnum djupivogur.is.

**ÚTIVIST**

### Vetraropnun á Ylströndinni

Afgreiðslutími á Ylströndinni í Nauthólsvík fyrir veturinn tekur gildi í dag. Opið verður á mánudögum klukkan 17-19, á miðvikudögum 11-13 og 17-19 og á föstudögum klukkan 11-13. Áfram verður frítt í búningsaðstöðu, sturtur og heitan pott.

**SKÓLAR**

### Áætlun vegna undirmönnunar

Ríkislögreglustjóri hefur farið fram á að gerðar verði viðbragðsáætlanir í skólum landsins. Á Akranesi hefur til dæmis verið farið yfir reglur um viðbrögð og aðgerðir vegna undirmönnunar í leikskólum, sem skapast í veikindum eða öðrum fjarvistum starfsmanna í leikskólum bæjarins.

Yfirmaður Sameinuðu þjóðanna í Afganistan segir uppbyggingarstarf á villigötum:

# Fjöldi ára hefur farið í súginn

**AFGANISTAN, AP** Alþjóðlegt uppbyggingarstarf í Afganistan hefur að mörgu leyti verið unnið fyrir gýg árum saman vegna þess að samhæfingu hefur skort.

Þetta segir Kai Eide, yfirmaður Sameinuðu þjóðanna í Afganistan, sem heldur því fram að ríkin sem standa að uppbyggingarstarfi í Afganistan verði að átta sig á því að samhæfa verði starfið og setja þeim heildstæð markmið.

„Smáskammtaaðferðirnar munu skila ekki árangri,“ sagði Eide. „Nú er komið nóg af slíkum aðferðum.“

Eide útlistaði ekki nánar hvað hann ætti við, en uppbyggingarstarfið í Afganistan hefur oft verið gagnrýnt fyrir að áherslan sé á smærri verkefni sem auðvelt er að framkvæma en skila kannski litlum árangri fyrir landið í heild. Stærri verkefni á borð við endurnýjun og uppbyggingu vegakerfisins hafi mætt afgangi.

Í dag koma háttsettir embættismenn frá 27 löndum saman í París til að ræða uppbyggingarstarfið í Afganistan, sem nú hefur staðið yfir í nærri átta ár. Búist er við að fundurinn verði til þess að afgönsk stjórnvöld taki á sig meiri ábyrgð.



**KAI EIDE** Erindreki Sameinuðu þjóðanna í Afganistan segir nóg komið af smáskammtaaðferðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ástandið í Afganistan hefur versnað töluvert. Ofbeldi hefur sjaldan verið meira og nýafstaðnar forsetakosningar gætu orðið uppspretta nýrra átaka vegna óvissu um úrslitin og ásakana um kosningasvindl. **- gb**

Hugmyndaþing í Reykjavík:

## Hugmyndavettvangur borgara

**BORGARMÁL Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum í gær tillögu meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um að efna til hugmyndaþings í Reykjavík á haustmánuðum.**



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

**Á hugmyndaþingi hafa borgarbúar tækifæri til að skiptast á skoðunum um málefni borgarinnar og koma fram með hugmyndir um tækifæri eða úrbætur á sviði atvinnu-, umhverfis-, mennta- eða skipulagsmála. Hugmyndaþing verður framkvæmt í samstarfi við íbúa, háskóla og félaga- og hagsmunasamtök.**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segir að þingið sé mikilvægur vettvangur til að koma á framfæri góðum hugmyndum sem borgarbúar og borgaryfirvöld geti unnið úr í sameiningu. - shá**

0 kr. Nova í Nova
– einnig fyrir myndsímtöl!

2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir símatilboðum Nova.
Gildir í áskrift og frelsi.




útborgun 0 kr.
Samsung L700
Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 24.000 kr.

# Það er eins og allt hljómi betur þegar það kostar ekki krónu!

O kr. Nova í Nova fyrir símtöl, myndsímtöl, SMS og MMS til rúmlega fimmtíu þúsund viðskiptavina Nova – hvort sem þú þekkir þá eða ekki. Vertu velkomin(n) á stærsta skemmtistað í heimi!

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 01.09.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,76 | 125,36 |
| Sterlingspund | 202,49 | 203,47 |
| Evra | 178,47 | 179,47 |
| Dönsk króna | 23,974 | 24,114 |
| Norsk króna | 20,719 | 20,841 |
| Sænsk króna | 17,471 | 17,573 |
| Japanskt jen | 1,3395 | 1,3473 |
| SDR | 194,88 | 196,04 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
231,4831
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Framkvæmdastjóri segir keppinaut hafa sniðgengið samkeppnislög:

# Stunduðu undirboð á sementi

**SAMKEPPNISMÁL** Framkvæmdastjóri Sementsverksmiðjunnar á Akranesi hefur sent Viðskiptaráði, samtökum í atvinnulífinu og alþingismönnum bréf þar sem hann sakar keppinaut sinn, Aalborg Portland á Íslandi, um að hafa stundað undirboð á byggingamarkaði allt frá árinu 2000.

Í bréfi sínu segir Gunnar H. Sigurðsson að Sementsverksmiðjan geri enga athugasemd við þátttöku Aalborg Portland á íslenskum samkeppnismarkaði „svo fremi sem fyrirtækið virði heiðarlega viðskiptahætti“. Svo sé hins vegar ekki raunin.

Í tölum sem Gunnar birtir máli sínu til stuðnings kemur fram að sementsverð til Íslands var aðeins um helmingur verðsins í Danmörku og hefur lækkað um níu prósent frá árinu 2000. „Á sama tímabili hækkaði sementsverð Aalborg Portland um 33 prósent sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun á mörkuðum ytra og vegna umframeftirspurnar á sementi“, segir í bréfinu. „Ekki verður annað séð en að Aalborg Portland hafi stundað stöðug undirboð allt frá þeim tíma er fyrirtækið kom á ný inn á markaðinn á Íslandi. Það eru vinnubrögð sem Sementsverksmiðjan á erfitt með að sætta sig við og áskilur sér rétt til að skoða frekar,“ segir Gunnar. - shá



**SEMENTSVERKSMIÐJAN** Fullyrt er að innflytjandi hafi stundað undirboð frá 2000. FRÉTTABLAÐIÐ/H.KR.

HB Grandi á Vopnafirði:

# Ný fiskimjölsverksmiðja rís

**SJÁVARÚTVEGUR** Framkvæmdum við nýja fiskmjölsverksmiðju HB Granda á Vopnafirði miðar vel, að sögn Sveinbjörns Sigmundssonar verksmiðjustjóra. Lokið var við að steypa verksmiðjugólfið á laugardaginn var og í gær var lokið við að flytja stálgrindur í sjálft verksmiðjuhúsið.

Sveinbjörn segir að ekki muni taka langan tíma að reisa grindurnar en svo verði farið í að klæða húsið. Allt sé á áætlun.

„Samhliða því verða ýmis stór tæki, sem voru í verksmiðju Faxamjöls í Reykjavík, flutt inn á verksmiðjugólfið,“ segir Sveinbjörn. - kh

Fjölskylduhjálp Íslands:

# Skólagögnum úthlutað í dag

**SAMFÉLAGSMÁL** Fjölskylduhjálp Íslands úthlutar í dag 500 skólapökkum fyrir börn af efnalitlum heimilum. Gjafirnar eru afrakstur söfnunar nokkurra kvenna sem tóku sig til og stofnuðu það sem þær kalla skólastoð. Kveikjan að þeirri söfnun var fregnir sem bárust af foreldrum sem hringdu börn sín inn veik í skólann vegna þess að þeir áttu ekki fyrir námsgögnum.

Um er að ræða vörur fyrir bæði grunnskólabörn og fólk á framhaldsskólastigi. Pökkunum verður úthlutað í dag klukkan 15 í húsakynnum Fjölskylduhjálparinnar við Eskihlíð 2 til 4. - sh

Vinnuslys í Árbæjarhverfi:

# Mikið slasaður eftir hátt fall

**SLYS Karlmaður féll af fjórðu hæð húss í Árbæjarhverfi á sjötta tímanum í gær. Ekki fengust upplýsingar um líðan hans hjá lögreglu rétt áður en blaðið fór í prentun, nema að staðfest var að slysið hefði verið alvarlegt. Maðurinn var fluttur á slysadeild Landspítalans og veitti lögreglа sjúkrabifreið forgang þar sem mikil umferð var.**

**Um vinnuslys var að ræða en tildrög þess eru óljós, að sögn lögreglu. Rannsókn stendur nú yfir.** - shá

## LEIÐRÉTTING

Í frétt í blaði gærdagsins segir að móðir hafi krafist skaðabóta af dæmdum nauðgara, Jóni Péturssyni, fyrir hönd ólögráða sonar síns, vegna þess áfalls sem sonurinn varð fyrir þegar hann horfði upp á ofbeldið gegn móður sinni. Hið rétta er að drengurinn sá Jón beita húshjálp ofbeldi á heimili hans, en húshjálpin var fyrrverandi sambýliskona Jóns.



**FRÁ SVARTSENGI** Óljóst er hvernig ríkið, lífeyrissjóðirnir, sveitarfélög og fleiri ætla að fjármagna kaup á meirihluta í HS Orku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hver sjóður kaupi lítinn hlut í HS Orku

**Útilokað er talið að lífeyrissjóðir vilji kaupa stóran hlut í HS Orku. Bankarnir eru taldir munu gegna lykilhlutverki í kaupum opinberra aðila á meirihluta í félaginu. Hlutur GGE, sem er 55 prósent, er metinn á rúmlega tuttugu milljarða.**

**ORKUMÁL** Lífeyrissjóðir eru taldir ólíklegir til að vilja eiga stóran hlut í HS Orku, komi til þess að opinberir aðilar taki sig saman um kaup á 55 prósenta hlut Geysis Green Energy í félaginu.

Fjármálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið munu á næstu dögum setja saman viðræðuhóp ríkisins, lífeyrissjóðanna, Grindavíkurbæjar og fleiri aðila um samstarf um eignarhald á HS Orku. Kannaður verða forsendur þess að ganga til samninga við Geysi Green Energy um kaup á meirihlutaeign þess félags. Stjórnvöld leggja áherslu á aðkomu sterkra eigenda að HS Orku svo það geti gegnt stóru hlutverki í atvinnuuppbyggingu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er talið ólíklegt að lífeyrissjóðirnir séu tilbúnir að setja verulega fjármuni í eitt félag. Auk þess takmarkast fjárfestingargeta hvers lífeyrissjóðs við lög um lífeyrissjóði sem banna fjárfestingar umfram tuttugu prósent í óskráðum félögum. Eftir hrunið var lögum breytt þannig að fjárfestingarhlutfallið var hækkað úr tíu prósentum. Ástæðan var að svo mörg félög hefðu dottið út úr kauphöllinni og fleiri óskráð félög yrðu á ferðinni sem hugsanlegur fjárfestingarkostur fyrir lífeyrissjóðina. Vegna þessa er talið útilokað að einstakir lífeyrissjóðir nýti takmarkaða fjárfestingarheimild í eitt eða fá fyrirtæki.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefur sagt að ríkissjóði verði seint beitt til kaupa á hlut GGE. Hann útilokar ekki að leitað verði til almennings með fjármögnun slíkra kaupa. „Það er allt of snemmt að segja nokkuð um það,“ sagði Steingrímur í gær, spurður hvað ríkið væri tilbúið að teygja sig langt í kaupum á hlut GGE í HS Orku.

Heimildarmenn Fréttablaðsins eru sammála um að aðkoma ríkisins hljóti að verða í gegnum ríkisbankana; Íslandsbanki og Landsbanki eigi hagsmuna að gæta nú þegar vegna eignarhluta þeirra í GGE. Það sama á við um fjóra til sex lífeyrissjóði sem eiga fjórutíu prósent í Glacier Renewable Energy Fund, sem aftur á stóran hlut í GGE. Í nýrri fimm manna stjórn GGE eru fulltrúar lífeyrissjóða, Landsbanka og Íslandsbanka auk verkfræðistofunnar Mannvits.

Hlutur GGE, sem er um 55 prósent, er metinn á um tuttugu milljarða króna ef forsendur samnings Magma Energy og Orkuveitu Reykjavíkur er hafður til hliðsjónar.

svavar@frettabladid.is

Ríkisábyrgð vegna Icesave:

# Fleiri andvígir en hlynntir

**KÖNNUN Meirihluti landsmanna er á móti ríkisábyrgð vegna Icesave sem Alþingi samþykkti síðastliðinn föstudag. 63 prósent aðspurðra eru andvíg ríkisábyrgðinni en 24 prósent eru hlynnt. Þetta kemur fram í nýjum Þjóðarpúlsi Gallup sem greint var frá í fréttum Ríkissjónvarpsins í gærkvöld.**

**Sex af hverjum tíu kjósendum Samfylkingar eru hlynntir ábyrgðinni en tæplega helmingur kjósenda Vinstri grænna.**



**JÓN ÓLAFSSON** Selur nú vatn til flugvallargesta í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Jón Ólafsson enn í útrás:

# Íslenskt vatn á risaflugvöllum

**VIÐSKIPTI** Icelandic Glacial, vatnið sem framleitt er af athafnamanninum Jóni Ólafssyni, verður brátt til sölu á áttatíu veitingastöðum á níu flugvöllum í Bandaríkjunum. Í tilkynningu frá Icelandic Water Holdings, fyrirtæki Jóns, segir að náðst hafi samningar við veitingastaðakeðju um þetta.

Vatnið verður meðal annars til sölu á hinum risastóru flugvöllum JFK og LaGuardia í New York og O'Hare í Chicago. „Vatnið er nú í boði á nokkrum af fjölförnustu flugvöllum Bandaríkjanna sem gríðarlegur fjöldi fólks fer um á ári hverju og við erum virkilega ánægð með þetta samstarf,“ segir Jón í tilkynningunni. - sh






## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir
Veðurfréttamaður

**MILT OG HÆGT**
Veðurfar næstu daga einkennist af mildu hægviðri. Í dag rignir aðeins sunnan og vestanlands en léttir heldur til í öðrum landshlutum. Hiti verður svipaður og undanfarið en það hlýnar heldur er helgin nálgast.



Á MORGUN
Hæg breytileg átt um allt land.

FÖSTUDAGUR
Hæg suðlæg eða breytileg átt.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 31 |
| Basel | 27 |
| Berlín | 25 |
| Billund | 18 |
| Eindhoven | 19 |
| Frankfurt | 24 |
| Friedrichshafen | 22 |
| Gautaborg | 18 |
| Kaupmannahöfn | 18 |
| Las Palmas | 25 |
| London | 19 |
| Mallorca | 32 |
| New York | 26 |
| Orlando | 32 |
| Ósló | 17 |
| París | 19 |
| San Francisco | 20 |
| Stokkhólmur | 20 |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Hakkari á Hilton

Haustráðstefna atvinnulífsins, föstudaginn 11. september 2009







**Kevin Mitnick er þekktasti tölvuhakkari veraldar og var um árabil eftirlýstur af FBI. Mitnick er einn af lykilfyrirlesurum Haustráðstefnu atvinnulífsins, sem Skýrr heldur föstudaginn 11. september á Hilton Nordica hótel í Reykjavík.**

Kevin Mitnick byrjaði að hakka tölvu- og símakerfi fyrir liðlega þremur áratugum. Eftir langan afbrotaferil var hann handsamaður og dæmdur í fimm ára fangelsi árið 1995.

Mitnick sneri síðan rækilega við blaðinu og er nú virtur ráðgjafi á sviði gagnaöryggis. Fyrirlestur hans á Haustráðstefnunni nefnist „The Art of Deception" eða „Blekkingarlist".

Haustráðstefna atvinnulífsins er stærsti viðburður ársins í upplýsingatækni. Þar verða fluttir 46 fyrirlestrar á sex fyrirlestralínum: Oracle, Microsoft, Viðskiptagreind, Öryggislausnir og Bland í poka. Skráðu þig tímanlega. Takmarkaður fjöldi sæta í boði.

**Skráning fer fram á vefsvæði Skýrr (skyrr.is).**



Allt á einum stað | 569 5100 skyrr@skyrr.is | Skýrr

Fíton/SÍA

**KJÖRKASSINN**



*Á meirihluti í HS Orku að vera í opinberri eigu?*

| | |
|---|---|
| Já | 81% |
| Nei | 19% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú áhyggjur af því að Vítisenglar hafi haslað sér völl á Íslandi?*

Segðu skoðun þína á visir.is. **vísir**

Þrír njósnarar nasista fóru um Ísland vorið 1944:

# Áttu að fylgjast með skipum

**BRETLAND** Vorið 1944 töldu Þjóðverjar miklar líkur á því að Bandamenn myndu ráðast inn í Frakkland frá Íslandi, í því skyni að frelsa Frakkland undan hernámi nasista. Þetta kemur fram í skjölum, sem þjóðskjalasafnið í Bretlandi birti í gær. Í skjölunum segir frá ferð þriggja manna, Þjóðverjans Ernsts Freseni-us og Íslendinganna Hjalta Björnssonar og Sigurðar Júlíussonar, sem nasistar sendu til Íslands til að kanna skipaferðir og herflutninga.

Í frétt breska dagblaðsins The Telegraph, sem byggð er á skjölunum, segir að selveiðimaður nokkur hafi séð til ferða þremenninganna skammt frá Borgarfirði eystri og þótt þeir grunsamlegir.



**HITLER OG FÉLAGAR** Tveir Íslendingar og einn Þjóðverji voru sendir til Íslands til að njósna um yfirvofandi árás, sem nasistar töldu að yrði skipulögð frá Íslandi. NORDICPHOTOS/AFP

Þrír njósnarar Bandamanna, sem hétu Miller, Hoan og Frick, fréttu af þessu þar sem þeir sátu að snæðingi á hóteli á Seyðisfirði 5. maí 1944. Þeir héldu af stað og handtóku mennina, sem síðan voru sendir til Bretlands og voru þar í haldi til stríðsloka. Í yfirheyrslum þar gáfu Íslendingarnir fúslega upplýsingar um ferðir sínar, en Fresenius vildi sem minnst segja. Mennirnir þrír eru sagðir hafa gengið í njósnaskóla í Noregi, þar sem þeir lærðu leyniskrift, dulmál og skemmdarverkastarfsemi.

Fresenius hafði áður búið hér á landi í nokkur ár. Hann var frumkvöðull í ylrækt á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, en hélt aftur til Þýskalands nokkru eftir valdatöku Hitlers. **- gb**

Stúlka á fermingaraldri:

## Lokkur settur í nafla á salerni

**LÖGREGLUMÁL Stúlka á fermingaraldri fékk gat í naflann á almenningssalerni í verslunarmiðstöð í Reykjavík í sumar. Stúlkan hafði komist í kynni við mann á netinu sem setti lokk í naflann að hennar ósk. Samkvæmt upplýsingum lögreglu er ekki um einsdæmi að ræða. Upp komst um málið þegar stúlkan þurfti að leita til læknis vegna graftar í naflanum, þar sem lokkurinn var fjarlægður. Forráðamaður hennar tilkynnti um málið til lögreglu í kjölfarið.**

**Lögreglan vill benda forráðamönnum á að kynna sér vefsíður um örugga netnotkun, til dæmis saft.is. - þeb**

Stígakerfi borgarinnar:

## Bekkir of fáir fyrir göngufólk

**FÓLK** Bekkir meðfram göngustígnum sem liggur með suðurströnd Reykjavíkur og áfram inn í Fossvogsdal eru of fáir, að sögn hverfisráðs Vesturbæjar, sem vill að bekkjunum verði fjölgað til muna.

„Á ferðum okkar um stíginn rekumst við oft á eldri borgara sem sitja á þeim örfáu bekkjum sem nú þegar eru á leiðinni og hefur okkur oftsinnis verið tjáð að gott væri að geta gengið lengra, en of strjált sé á milli bekkja til að mögulegt sé að hvílast reglulega. Einnig er margt fólk með ung börn sem gæti vel nýtt sér fjölgun bekkja til að setjast niður með nesti eða hreinlega til að njóta fagurs útsýnis,“ útskýrir hverfisráðið. **- gar**

Lockerbie-sprengjumaður:

## Heilsu al-Megrahi hrakar hratt

**LÍBÍA, AP Lockerbie-sprengjumaðurinn Abdel Baset al-Megrahi liggur nú á sjúkrahúsi í Líbíu.**



**ABDEL BASET AL-MEGRAHI**

**Að sögn embættismanna þar í landi hefur heilsu hans hrakað gríðarlega undanfarna daga.**

**Al-Megrahi var sleppt úr fangelsi í Skotlandi 20. ágúst síðastliðinn af mannúðarástæðum. Hann þjáist af krabbameini í blöðruhálskirtli. Við komuna til Líbíu tóku hundruð manna fagnandi á móti honum.**

**Al-Megrahi var eini maðurinn sem var sakfelldur fyrir sprengjuárás í flugvél Pan Am-flugfélagsins yfir Lockerbie í Skotlandi árið 1988. - þeb**

# Notuðu eldvarnaverkefni sem yfirskin en töluðu af sér í síma

**Jónas Ingi Ragnarsson notaði eldvarnaverkefni sitt og Tinds Jónssonar sem yfirskin til að kaupa hráefni í meinta amfetamínframleiðslu. Hann segist ekki hafa ætlað að framleiða fíkniefni heldur selja milliefnið.**

**DÓMSMÁL** Jónas Ingi Ragnarsson, oft kenndur við „líkfundarmálið“, pantaði hráefni sem nota má við amfetamínframleiðslu undir því yfirskini að það væri fyrir þróun eldvarnaefnis, sem hann og Tindur Jónsson unnu saman að.

Aðalmeðferð í máli Jónasar Inga og Tinds hófst í héraðsdómi Reykjaness í gær. Þeir eru ákærðir fyrir að hafa staðið að framleiðslu fíkniefna í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði sumarið 2008. Í húsnæðinu fundust meðal annars 38 kíló af efninu P-2-NP, sem notað er til að búa til milliefnið P-2-P, sem notað er við framleiðslu á amfetamíni og metamfetamíni.

Jónas Ingi og Tindur neita báðir að hafa ætlað að framleiða fíkniefni. Við skýrslutöku í gær sagðist Jónas Ingi hafa verið þjónustuaðili fyrir fíkniefnaframleiðendur, það er útvegað mönnum í „þessum iðnaði“, eins og verjandi hans komst að orði, löglegt hráefni og búnað til fíkniefnaframleiðslu, svo sem mjólkursykur, vogir, lampa og fleira. Á vordögum 2008 hafi aðili, sem Jónas neitar að nefna, beðið hann um að útvega sér efnið P-2-P. Efnið er eftirlitsskylt. Taldi Jónas því að erfitt yrði að flytja það inn til landsins og ákvað að búa það til sjálfur og selja fyrrnefndum aðila. Hann hafi talið í mesta lagi um brot á reglugerð að ræða en ekki lagabrot. Kvaðst hann hafa vitað að hægt væri að nota P-2-P til framleiðslu á amfetamíni en ekki spurt kaupandann til hvers hann ætlaði að nota það.

Tindur, sem hefur lokið einu ári í efnafræði við Háskóla Íslands, fór upphaflega að vinna fyrir Jónas Inga með það í huga að aðstoða hann við að framleiða eldvarnaefni. Jónas Ingi bar fyrir rétti að þáttur Tinds í málinu hefði verið „takmarkaður“. Ekki hafi liðið á löngu þar til Jónas Ingi hefði beðið Tind um aðstoð við samsetningu tækja sem hann notaði við framleiðslu á P-2-P. Hann hefði ekki sagt Tindi hvað hann ætlaði að framleiða. Tindur hefði þó fljótlega áttað sig á hvaða efni væri um að ræða.

Í skýrslutöku kvaðst Tindur hafa gert sér grein fyrir að framleiðsla á P-2-P væri eftirlitsskyld en ekki vitað að nota mætti efnið til að framleiða fíkniefni. Honum hefði þótt þetta spennandi verkefni og því ákveðið að halda samstarfinu við Jónas Inga áfram. Hann sæi eftir því núna.

Saksóknari lagði fram uppskrift af símtali milli Jónasar Inga og Tinds, sem lögregla hleraði, þar sem þeir töluðu um „eldvarnakover“. Útskýrði Tindur að þeir hefðu viljað lágmarka áhættuna. Jónas Ingi hefði því notað eldvarnaverkefnið sem yfirskin þegar hann pantaði P-2-NP til að vekja ekki grunsemdir.

**bergsteinn@frettabladid.is**



**Á LEIÐ Í DÓMSSAL** Jónas Ingi Ragnarsson, fremstur á myndinni, á leið til aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Tindur Jónsson fylgir í humátt á eftir með sólgleraugu og hulið andlit. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### „ENGINN ANNAR AUGLJÓS TILGANGUR“

Prófessor í lyfjafræði við Háskóla Íslands, sem var lögreglunni innan handar við rannsókn málsins, bar fyrir dómi í gær að sitt mat væri að iðnaðarhúsnæðið í Hafnarfirði væri ætlað til „stórfelldrar framleiðslu á fíkniefnum“.

Auk efna og búnaðar sem þyrfti til að framleiða P-2-P hefði mátt finna þar önnur efni og áhöld sem nýttust á seinni stigum til að fullvinna amfetamín og metamfetamín. Þó vantaði nokkur nauðsynleg efni. Til að framleiða metamfetamín vantaði þó aðeins vetnisgas; það væri hægt að fá sent heim frá söluaðila samdægurs. Kvaðst hann að auki ekki geta komið auga á neina tengingu við framleiðslu á eldvarnaefni í iðnaðarhúsnæðinu og sæi „engan annan augljósan tilgang“ en að framleiða ætti þar fíkniefni.

Tilboð septembermánaðar í Sony Center



Hreyfðu þig í vetur

með Sony Zappin hágæða heyrnartólum með innbyggðum tónlistarspilara.

Haldast vel á höfðinu þrátt fyrir mikla hreyfingu.
Engar snúrur - ekkert vesen

Verð: 18.990,- (á meðan birgðir endast)

SONY
Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
Sími: 512-3300
www.sonycenter.is

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Vertu þinn eiginn listræni stjórnandi

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**Opið hús laugardaginn**
**5. september kl. 13:00**

AÐALSTYRKTARAÐILAR

BORGUN Morgunblaðið

REGNBOGAKORTIÐ

## Veldu 4-8 tónleika af efnisskrá starfsársins

**20% afsláttur** af almennu miðaverði *

**50% afsláttur** fyrir námsmenn og alla yngri en 25 ára

Regnbogakort Sinfóníuhljómsveitarinnar er hagkvæm leið til að setja saman eigin tónleikaröð fyrir veturinn, tryggja fast sæti og fá jafnframt ríflegan afslátt. Kynntu þér fjölbreytta efnisskrá á www.sinfonia.is.

Nokkrar góðar tillögur:

| SÍGILDIR SLAGARAR | RÚSSNESKA RÖÐIN | PÍANÓRÖÐIN |
|---|---|---|
| 22.10.09 John Williams | 10.09.09 Tsjajkovskíj og Prokofíev | 10.09.09 Sergio Tiempo |
| 29.10.09 Eftirlætis Mozart | 05.11.09 Eldfuglinn | 19.11.09 Antti Siirala |
| 26.11.09 Uppáhalds rómantík | 21.01.10 Stravinskíj og Prokofíev | 03.12.09 Ástríður Alda Sigurðardóttir |
| 11.02.10 Carmina Burana | 29.04.10 Músorgskíj og Tsjajkovskíj | 21.01.10 Lise de la Salle |
| 23.04.10 Árstíðirnar fjórar | 10.06.10 Sjostakovitsj no.10 | 25.02.10 Víkingur Heiðar Ólafsson |

**Miðasala** » Sími 545 2500 » www.sinfonia.is » Miðasala í Háskólabíói er opin alla virka daga kl. 9-17

* miðast við almennt miðaverð 3.700 kr. í sætaröð 1-20

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvert er sagt vera sveinsstykki vélhjólaklúbbsins Fáfnis í því að komast inn í Vítis-englana?*

2 *Hvað heitir talsmaður samtakanna kjosa.is sem vill að forsetinn vísi Icesave-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu?*

3 *Hvaða númer mun Eiður Smári Guðjohnsen bera á keppnistreyju sinni hjá franska liðinu Mónakó?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Sveitarstjórn segir hundraða milljóna króna tjón yfirvofandi og lýsir ábyrgð á ríkið:

# Fjöruborð við Vík langt innan marka

**ÖRYGGISMÁL** „Fari saman stórstreymi, háflóð, hvassviðri og þung alda eru mannvirki fyrir hundruð milljóna í stórhættu,“ segir sveitarstjórn Mýrdalshrepps og kveðst hafa sýnt einstakt langlundargeð í að bíða eftir endurbótum á sjóvarnargarði við Vík. Að sögn Mýrdælinga hefur sífellt brotið af landinu og fjöruborðið nálgast nú Vík. Opinberir aðilar gerðu áætlun um sjóvörn við Vík árið 1994.

„Þá voru sett viðmiðunarmörk um hvenær skyldi ráðist í sjóvarnir og miðuðust þau mörk við að verja mannvirki áður en þau væru í yfirvofandi hættu. Landbrotið hefur að meðaltali verið sjö til tíu metrar á ári undanfarin ár. Á árunum 1990-1993 var landbrotið allt að 42 metrar á ári að meðaltali. Fjöruborðið er nú komið langt inn fyrir viðmiðunarmörk án þess að fjármagn hafi verið tryggt í framkvæmdina,“ segir í ályktun sveitarstjórnarinnar.



**FJARAN VIÐ VÍK** Landbrot undan ágangi sjávar er stöðugt við Vík í Mýrdal og segjast heimamenn orðnir uggandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í bréfi til Mýrdalshrepps kemur fram að fjármögnun sjóvarnargarðs við Vík verði rædd við endurskoðun samgönguáætlunar sem nú standi yfir. Bréfið var rætt á síðasta sveitarstjórnarfundi. „Á undanförnum árum hefur orðið umtalsvert eignatjón vegna sandfoks sem erfiðara hefur reynst að hemja eftir því sem landrými minnkar. Sveitarstjórn lýsir fullri ábyrgð á hendur samgönguráðuneyti og ríkisstjórn verði ekki tryggt að framkvæmdir hefjist þegar á fyrri hluta ársins 2010.“

- gar

Gagnatenging við Ísland:

## Opnað á Danice-sæstrenginn

**FJARSKIPTI** Danice, sæstrengur sem tengir saman Ísland og Evrópu, var tekin í notkun í gær. Sæstrengurinn liggur á milli Íslands og Danmerkur. Vodafone er fyrsti notandi Danice en með komu hans hefur Vodafone tryggt sér fjórar mismunandi gagnatengingar við umheiminn, að því er segir í tilkynningu frá fyrirtækinu. Hinir eru Farice-1, Cantat-3 og Greenland Connect.

Lagning Danice-sæstrengsins hófst í ágúst 2008. Strengurinn er í eigu Eignarhaldsfélagsins Farice ehf, sem einnig á áttatíu prósent í Farice-1 sæstrengnum.

Kjalarnesprófastsdæmi:

## Sjö konur meðal umsækjenda

**FÓLK** **Átta umsækjendur eru um embætti prests í Hafnarfjarðarprestakalli. Frestur til að sækja um embættið rann út 27. ágúst. Skipað verður í embættið frá og með 1.október. Sjö af umsækjendunum átta eru konur, að því er fram kemur í tilkynningu frá Biskupsstofu.**

**Umsækjendur eru: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir, cand. theol., Arndís B. Bernharðsdóttir Linn, séra Ása Björk Ólafsdóttir, cand. theol., Bryndís Valbjarnardóttir, séra Guðbjörg Jóhannesdóttir, cand. theol., Haraldur Örn Gunnarsson, séra Yrsa Þórðardóttir og séra Þórhildur Ólafs.**

**Biskup Íslands skipar í embættið til fimm ára að fenginni umsögn valnefndar.**

- kh

Skógareldarnir æða áfram í Kaliforníu:

# Tugir heimila urðu eldinum að bráð

**BANDARÍKIN, AP** Meira en fimmtíu hús urðu í gær skógareldunum í Kaliforníu að bráð. Eldarnir hafa stækkað og nú er búist við að þeir geisi vikum saman.

Meira en tólf þúsund heimili eru í hættu og þúsundir manna hafa flúið að heiman. Sumir hafa þó þráast við og látið ráðleggingar stjórnvalda sem vind um eyru þjóta.



**REYKHAFIÐ GNÆFIR VIÐ HIMIN** Skýjakljúfarnir í Los Angeles virðast ekki stórir í samanburði við reykinn frá eldunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óvíst var hvaða áhrif þrumuveður, sem einhverjar líkur voru til að skylli á í gær, myndi hafa á eldana. Hvassviðri sem fylgdi því gæti nært eldana, en til þessa hefur lognið á þessum slóðum verið frekar hagstætt fyrir slökkvistarfið.

Stærstu eldarnir eru rétt fyrir utan borgina Los Angeles, aðeins rúmlega tuttugu kílómetra frá miðborginni.

Gríðarleg eyðilegging mætti íbúum í hverfinu Tujunga Canyon, þar sem eldarnir skildu eftir sig brunarústir einar.

- gb



**ÞAR SEM SEINNA STRÍÐIÐ HÓFST** Minningarathöfn var haldin í gær á Westerplatte-skaga við Gdansk í Póllandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sjötíu ár frá stríðsbyrjun

**Leiðtogar Evrópuríkja gátu ekki alveg gleymt deilumálum sínum þegar þeir komu saman í Póllandi til að minnast upphafs seinni heimsstyrjaldarinnar.**

**PÓLLAND, AP** Leiðtogar margra Evrópuríkja komu saman í Póllandi í gær á litlum skaga við Gdansk sem þýskt herskip gerði árás á fyrir réttum sjötíu árum.

Þessi árás markaði upphaf seinni heimsstyrjaldarinnar.

Þau Angela Merkel Þýskalandskanslari, Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, og Donald Tusk, forsætisráðherra Póllands, lofuðu því, ásamt öðrum leiðtogum sem mættir voru, að gleyma aldrei þeim lærdómi sem draga mætti af styrjöldinni miklu. Þrátt fyrir það gátu sumir þeirra ekki komið sér saman um aðdraganda og orsakir stríðsins.

Pólverjar vilja að Rússar viðurkenni sinn hlut í upphafi hildarleiksins, en Rússar reyndu aftur á móti að gera sem minnst úr samningi Hitlers og Stalíns. Þjóðverjar láta þó þessar deilur sem vind um eyrun þjóta og viðurkenna fúsir eigin ábyrgð.

„Þing okkar hefur fordæmt samning Molotovs og Ribbentrops,“ sagði Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, „og við gerum rétt í því að búast við því að önnur ríki sem gerðu samninga við nasista geri slíkt hið sama.“

Utanríkisráðherrar Sovétríkjanna og Þýskalands, þeir Vjatseslav Molotov og Joachim von Ribbentrop, undirrituðu 23. ágúst 1939 samning um að hvorugt ríkið myndi ráðast á hitt. Rúmlega viku síðar réðust Þjóðverjar á Pólland, og um miðjan september réðust síðan Sovétmenn einnig inn í Pólland samkvæmt leynilegum ákvæðum samningsins.

Pútín benti á að Pólverjar hefðu á svipuðum tíma gert samning við nasista um að hvorugt landið myndi ráðast á hitt. Lech Kaczynski, forseti Póllands, sagði hins vegar út í hött að bera þann samning saman við samning Molotovs og Ribbentrops, enda hefði Pólland gert sambærilegan samning við Sovétríkin.

Angela Merkel Þýskalandskanslari sá hins vegar enga ástæðu til að efast um hlut Þýskalands og sagði að Þjóðverjar myndu aldrei gleyma orsökum og afleiðingum í sambandi við upphaf stríðsins.

„Þjóðverjar hófu seinni heimsstyrjöldina. Við færðum heiminum ómældar þjáningar,“ sagði hún.

gudsteinn@frettabladid.is





Herjólfur í slipp

Þegar áætlunarsiglingum lýkur þann 13. september fer Herjólfur í slipp á Akureyri til viðhalds og skoðunar. Áætlað er að Herjólfur sigli að nýju samkvæmt áætlun frá Þorlákshöfn á hádegi föstudaginn 18. september.

Á meðan siglir Baldur samkvæmt eftirfarandi áætlun milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar.

**Frá Vestmannaeyjum kl. 8:00 og 16:00.**
**Frá Þorlákshöfn kl. 12:00 og 19:30.**

Ath. veðurskilyrði hafa meiri áhrif á Baldur og því gætu orðið einhverjar tafir.

EIMSKIP
Yfir hafið og heim

Básaskersbryggju | 900 Vestmannaeyjar | Sími 481 2800 | Fax 481 2991 | www.eimskip.is | www.herjolfur.is


„Þetta er dásamlegt verk, fyndið og furðulegt“ Silja Aðalsteinsdóttir, TMM
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
utan gátta
SEX GRÍMUVERÐLAUN
SÝNING ÁRSINS, LEIKSTJÓRN ÁRSINS, LEIKSKÁLD ÁRSINS,
LEIKMYND ÁRSINS, BÚNINGAR ÁRSINS, LÝSING ÁRSINS
SKYLDUMÆTING FYRIR
ALLA LEIKHÚSUNNENDUR
Fyrsta sýning föstudaginn 4. september, til styrktar Grensásdeild.
Fös 4/9 kl. 20:00 Ö Sun 6/9 kl. 20:00 Lau 12/9 kl. 20:00 Ö Lau 19/9 kl. 20:00 Ö Lau 26/9 kl. 20:00 Ö Lau 3/10 kl. 20:00 Stutt sýningartímabil
KARDEMOMMUBÆRINN
Yndisleg sýning sem börn á öllum aldri verða að fá að sjá!
Sýningum lýkur í nóvember.
FRIDA ... viva la vida
Brynhildur Guðjónsdóttir og Ólafur Darri í nýju seiðmögnuðu leikriti
um líf mexíkósku listakonunnar Fridu Kahlo.
Frumsýning föstudaginn 11. september.
Fjögurra sýninga leikhúskort kostar aðeins 9.900 kr.
FÁÐU ÞÉR KORT! Hringdu í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is - og þú átt í vændum ótal ánægjustundir í allan vetur



STÖKKPALLUR Í KABÚL Menn á stökkpalli við óklárađa sundlaug frá þeim tímum þegar Sovétmenn voru með herlið sitt í Kabúl í Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Erlendur Magnússon ætlar ekki að sækjast eftir áframhaldandi setu í bankaráði Landsbankans:

# Segir Bankasýsluna auka kostnað án ávinnings

**BANKARNIR** Erlendur Magnússon, sem situr í bankaráði Landsbankans, býst ekki við að sækjast eftir endurkjöri í bankaráðið eftir að Bankasýsla ríkisins tekur til starfa.

„Það er afskaplega óljóst hver verkaskiptingin verður milli bankaráðsins annars vegar, það er stjórnar fyrirtækisins, og Bankasýslunnar hins vegar. Ég tel að þetta sé óþarfa millilag og að hlutverk bankaráðsmanna verði óskýrt. Þess vegna hef ég sagt að ég muni ekki sækjast eftir áframhaldandi setu þegar Bankasýslan tekur til starfa og kosið verður á ný í bankaráðið.“

Erlendur segir bankaráð Landsbankans hafa gefið umsögn á Bankasýslu ríkisins þegar málið var til umfjöllunar á Alþingi. Bankaráðið hafi talið bankasýsluna auka kostnað án þess að ávinningurinn væri mikill.



**ERLENDUR MAGNÚSSON** Hann segist ætla að ljúka sínum skyldum sem bankaráðsmaður í Landsbankanum en býst ekki við að sækjast eftir endurkjöri þegar kosið verður í nýja stjórn.

„Hlutverk stjórnar í lögum um fyrirtæki er mjög skýrt. Það er þeirra að móta stefnu fyrirtækjanna og hafa eftirlitshlutverk með því að stjórnendur framfylgi stefnunni,“ segir Erlendur. „Eigendur þurfa að sjálfsögðu að hafa skýra sýn en ég sé ekki alveg tilganginn í því að setja upp heila stofnun sem á að móta eigendasýn og starfrækja hana með starfsfólki á fullum launum. Allra síst nú þegar verið er að skera niður í málaflokkum eins og mennta-, heilbrigðis- og löggæslumálum. Þá finnst mér viðbótaryfirbygging vera ansi undarleg.“

Bankasýslu ríkisins er ætlað að starfa í fimm ár. Að þeim tíma loknum verður stofnunin lögð niður. Gert er ráð fyrir að yfir stofnuninni verði þriggja manna stjórn og að hún ráði forstjóra. Gert er ráð fyrir að árleg útgjöld hennar verði 70-80 milljónir króna sem greiðist úr ríkissjóði.

**- kh**


# NÁMSKEIÐ Í TÖLVUFÆRÐU BÓKHALDI



**Nú býðst þér yfirgripsmikið námskeið hjá Landsteinum Streng í tölvufærðu bókhaldi sem er að mestu leiti niðurgreitt af Vinnumálastofnun (VMST) og þínu eigin stéttarfélagi!**

Námskeiðið hefst 7. september og verður kennt fyrir hádegi mánudaga til fimmtudaga í 4 vikur.

**Helstu þættir sem farið verðu í:**

- Grunnur
- Innkaup og birgðir
- Sala
- Samþykktarkerfi
- Fjárhagur
- Laun
- Innheimtukerfi
- Tollakerfi

**Í lok námskeiðsins eru afhent vönduð kennslugögn sem koma að góðum notum til frekari færni í tölvufærðu bókhaldi.**

Flest stéttarfélög veita styrk fyrir allt að 75% af námskeiðsgjöldum. VR veitir styrk fyrir allt að 75% af námskeiðsgjöldum eftir inneign og réttindum. Þeir sem koma á vegum VR eða VMST fá að auki 25% styrk frá Landsteinum Streng. Fullt verð fyrir námskeiðið án aðkomu stéttarfélags, VR eða VMST er 89.000 kr.

**Nánari upplýsingar eru á www.ls.is og í síma 550 9090. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á nam@ls.is**

IPMA · IST ISO 9001 · Microsoft GOLD CERTIFIED Partner · Microsoft Dynamics

Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics

LANDSTEINAR STRENGUR
Landsteinar Strengur hf. · Ármúla 7 · 108 Reykjavík
Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is · LS@LS.is

*Okkar þekking - þitt forskot!*




**SAMIÐ UM STÝRINGUNA** Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, réttir þáverandi gjaldkera sjóðsins og dóttur hennar 500 þúsund króna ávísun við undirritun samningsins. Nú er 21 milljón töpuð.

# Telja brotið á sjóði hjartveikra barna

**Styrktarsjóður hjartveikra barna samdi við Landsbankann um ábyrga stýringu hans. Bankinn keypti í FL Group og Eimskip og tapaði 21 milljón. Glæpsamlegt og ábyrgðarlaust, segir stjórnarformaðurinn.**

**DÓMSMÁL** Styrktarsjóður Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna, stendur nú í málaferlum við Landsbankann vegna 21 milljónar sem forsvarsmenn sjóðsins segja að hafi tapast hjá bankanum við hrunið vegna brots á eignastýringarsamningi.

Guðrún Pétursdóttir, stjórnarformaður sjóðsins, segir að sjóðurinn, sem stofnaður var árið 1996, hafi árið 2005 tekið tilboði bankans um að halda utan um drjúgan hluta af eignum hans.

„Við ákváðum, af því að við vissum nú að það var töluvert úr öldugangur í fjármálakerfinu á þessum tíma, að setja ávöxtuninni ákveðinn ramma,“ segir Guðrún. Samningurinn hafi kveðið á um að sjóðurinn skyldi að níutíu prósentum vera ávaxtaður í ríkistryggðum skuldabréfum, skuldabréfum sveitarfélaga eða sambærilegum bréfum. Í slíkri fjárfestingu er fólgin afar takmörkuð áhætta.

„Þegar upp er staðið og hrunið verður kemur í ljós að ekki ein einasta króna var í slíkum ávöxtunarleiðum,“ segir Guðrún. Mest hafi verið í peningamarkaðsbréfum félaga á borð við FL Group, Eimskip og önnur sem hafi verið í verulegum vandræðum. Þetta telur sjóðsstjórnin klárt brot á samningi.

„Ég tel að það sé hægt að gera greinarmun á þeim sem keyptu í peningabréfum vitandi vits og ákváðu að ávaxta sitt fé þannig, og öðrum, eins og sjóðnum, sem gera ákveðinn fjárvörslusamning

> Þegar upp er staðið og hrunið verður kemur í ljós að ekki ein einasta króna var í slíkum ávöxtunarleiðum.
>
> **GUÐRÚN PÉTURSDÓTTIR**
> STJÓRNARFORMAÐUR NEISTANS



sem síðan er ekki haldinn,“ segir Guðrún „Mér finnst þetta hreint út sagt ábyrgðarlaust og ég tel að þetta sé glæpsamlegt og þess vegna förum við í mál,“ segir hún.

Guðrún segir að tapið hafi óhjákvæmilega áhrif á starfsemi sjóðsins, enda hafi milljónirnar 21 verið um fjórðungur hans. „Við úthlutum styrkjum til hjartveikra barna og fjölskyldna þeirra og við verðum að taka mið af stöðu sjóðsins og ávöxtun hans á hverjum tíma. Þannig að þegar hann rýrnar allt í einu eins og þruma úr heiðskíru lofti og fer niður um 21 milljón geta menn rétt ímyndað sér að það hefur áhrif á þá styrki sem við getum veitt,“ segir hún.

Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, líkt og mál sextán manna sem vilja sækja rétt sinn gegn Landsbankanum vegna tapaðs fjár sem þeir áttu í peningamarkaðssjóðum.

**stigur@frettabladid.is**

# TIL HAMINGJU MEÐ FRÁBÆRAN ÁRANGUR!

Allir í "Microsoft Certified Server Administration" bekknum á vorönn stóðust prófin með yfir 9 í meðaleinkunn.




# NÁM SEM GEFUR ÞÉR MÖGULEIKA Á STARFI HÉRLENDIS OG ERLENDIS

**Dæmi um afsláttarkjör fyrir skráða atvinnulausa**

| | |
|---|---|
| Námskeiðsverð | 299.000 |
| 25% afsláttur NTV | -74.750 |
| Styrkur Vinnumálastofnunar* | -70.000 |
| Til greiðslu | 154.250 |
| Eða á mánuði í 12 mánuði | 13.490 |
| Styrkur frá þínu verkalýðsfélagi | - ??? |

* Þarf að sækja um hjá ráðgjafa vinnumálastofnunnar

## *MCITP - Netstjórnun* *(áður MCSA)*

*185 stundir - Verð: 299.000.- Einingar til stúdentprófs: 9*

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows 2008 server stýrikerfinu og geti að náminu loknu sinnt öllum þeim hlutverkum sem þarf við rekstur tölvukerfis.

Þetta er nýjasta gráðan frá Microsoft og er arftaki MCSA prófgráðunnar. Gráðan er ein sú sterkasta sem í boði er á alþjóðavísu og er oft ein helsta krafan sem gerð er til umsækjenda um stöður á þessu sviði.

Þetta nám er undirbúningur fyrir þau þrjú próf sem þarf til að öðlast MCITP gráðuna sem gefur starfstitilinn: ***Microsoft Certified Server Administrator.***

Prófin eru öll innifalin í verði námskeiðsins. Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, verkefnavinnu og mikið er um verklegar æfingar.

**Inntökuskilyrði:** Þeir sem hyggja á þetta nám þurfa að hafa haldbærann skilning á Windows umhverfinu. Góð enskukunnátta er nauðsynleg þar sem allt kennsluefni er á ensku.

Velkomið er að leita til NTV varðandi námsráðgjöf.

**Næstu námskeið:**

**Morgunnámskeið:** Hefst: 15. september - Lýkur: 3. desember

**Kvöldnámskeið:** Hefst: 15. september - Lýkur: 2. desember

**Lotunámskeið (Helgar- og fjarnám) :** Hefst: 19. september - Lýkur: 15. nóvember

***Kennarar námskeiðsins:***



*Karl Gunnar Jónsson er háskólamenntaður tölvunarfræðingur með 10 alþjóðlegar prófgráður og mikla reynslu af rekstri tölvukerfa úr atvinnulífinu.*



*Jón Arnar Jónsson, sérfræðingur hjá EJS, er Microsoft Certified Trainer, með 15 alþjóðlegar prófgráður og mikla reynslu af rekstri tölvukerfa úr atvinnulífinu.*

OPIN KERFI

Microsoft CERTIFIED Partner | Learning Solutions

PEARSON VUE

ECDL

PROMETRIC

Upplýsingar og skráning: **544 4500 / www.ntv.is**

**ntv**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS



**GENGIÐ FRAMHJÁ GADDAFÍ** Líbíumenn héldu í gær upp á fjörutíu ára afmæli stjórnarbyltingar Moammars Gaddafí, sem enn er við völd þar í landi. NORDICPHOTOS/AFP

Þróunarríki þurfa mikla fjárhagsaðstoð til að bregðast við loftslagsbreytingum:

# Sextíu þúsund milljarðar á ári

**GENF, AP** Auðugustu ríki heims þyrftu að afhenda fátækari hluta heimsins sextíu þúsund milljarða króna árlega til þess að fátæku ríkin gætu brugðist við loftslagsbreytingum.

Þetta segir Richard Kozul-Wright, sem hefur tekið saman 207 blaðsíðna skýrslu fyrir Sameinuðu þjóðirnar um málið. Skýrslan var kynnt í Genf í gær, þar sem nú stendur yfir ráðstefna um viðbrögð við hlýnun jarðar.

Ef þróunarríki halda einfaldlega áfram á sömu braut og iðnríkin hafa farið, þá mun það hafa skelfileg áhrif á loftslag jarðar, segir í skýrslunni.



**RÁÐSTEFNUGESTIR Í GENF** Um 1.500 manns sitja nú á fundum í Genf til að ræða loftslagsmál. NORDICPHOTOS/AFP

Á hinn bóginn er hægt að hjálpa þeim með fjármagn til þess að þau skipti yfir í hreina orkugjafa sem losa ekki gróðurhúsalofttegundir út í andrúmsloftið.

„Það er ekki hægt að láta þróunarlöndin ein um þetta,“ segir Kozul-Wright. Upphæðin, sem hann telur nauðsynlega, nemur um það bil einu prósenti af heildarframleiðslu jarðarbúa árlega. Þetta myndi gera fátækari löndum kleift að njóta hagvaxtar án þess að spilla andrúmsloftinu.

Aðrir fræðimenn hafa sagt ámóta upphæðir nauðsynlegar, en ekki fyrr en eftir mörg ár. Kozul-Wright segir hins vegar nauðsynlegt að byrja strax á allra næstu árum að útvega þetta fé. - gb

Palestínskur unglingur:

# Fjórtán ára skotinn til bana

**VESTURBAKKINN, AP** Ísraelskur hermaður skaut palestínskan ungling til bana á Vesturbakkanum á mánudagskvöld.

Að sögn palestínskra lögregluyfirvalda var hinn fjórtán ára gamli Mohammed Nayef að kasta steinum í ísraelska hermenn þegar þeir skutu hann. Ísraelski herinn segir hins vegar að Nayef hafi verið í hópi manna sem köstuðu sprengjum að varðstöð í nágrenni við gyðingahverfi á svæðinu. Hermennirnir hafi því hafið skothríð og hæft drenginn. Hann var fluttur á spítala á mánudagskvöld og lést þar af sárum sínum. - þeb



**BALDUR** Breiðafjarðarferjan siglir til Vestmannaeyja í afleysingum í hálfan mánuð.

Bílaferjuleysi á Breiðafirði:

# Skert þjónusta í hálfan mánuð

**SAMGÖNGUR Bæjarráð Vesturbyggðar lýsir óánægju með að ferðir Breiðafjarðarferjunnar Baldurs falli niður dagana 6. til 22. september.**

**Sæferðir, sem gera út Baldur, hafa leigt skipið út til að leysa af Vestmannaeyjaferjuna Herjólf sem fer í slipp umrædda daga. Þótt Baldur verði ekki í ferðum ætla Sæferðir að þjónusta Breiðafjarðarsvæðið með farþegaferjunni Særúnu. Það skip tekur hins vegar ekki bíla og getur ekki annað þungaflutningum eins og Baldur. Fram kemur á heimasíðu Sæferða að kostnaður við að leigja ferju í stað Herjólfs frá útlöndum væri margfaldur miðað við að láta Baldur leysa hann af.** - gar

Sex mánaða uppgjör Rarik:

# Tap Rarik nam 164 milljónum

**VIÐSKIPTI** Tap Rarik á fyrstu sex mánuðum ársins nam 164 milljónum króna. Rekstrarhagnaður varð, fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta, upp á 1.166 milljónir króna eða 28,1 prósent af veltu tímabilsins, samanborið við 782 milljónir árið áður. Hreint veltufé frá rekstri var 1.169 milljónir króna.

Rekstrartekjur hækkuðu um rúm 13,7 prósent frá fyrra ári, en rekstrargjöld með afskriftum um rúmlega 6,6 prósent og var reglulег starfsemi fyrirtækisins í samræmi við áætlanir. Afskriftir hækka milli tímabila um 102 milljónir kr. vegna endurmats eigna í lok árs 2008. - kh

**MÝRDALSHREPPUR**

## Deilt um Dyrhólaey

Eigendur jarðanna Vatnsskarðshóla og Garðakots eru ósáttir við að hafa ekki verið boðnir til fundar eigenda Dyrhólaeyjar í júní. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps segir ekkert athugavert við fundarboðið enda eigi Vatnsskarðshólar og Garðakot ekkert í Dyrhólaey, sem sé í óskiptri sameign Eystri-Dyrhóla, Norðurgarðs og Loftssala/Dyrhólahjáleigu.

**FERÐAMÁL**

## Baðströnd á Héraði

Ferðamálasjóður hefur veitt fjögurra milljóna króna styrk til að koma upp baðströnd við Urriðavatn skammt frá Egilsstöðum. Framkvæmdir eru þegar hafnar og heimamenn í Fljótsdalshéraði vonast til að hægt verði að nota aðstöðuna næsta sumar.

# Efnahagsbrotadeild skoðar styrki til stjórnmálaflokka

**Efnahagsbrotadeild rannsakar nú styrkveitingar opinberra fyrirtækja til stjórnmálaflokka fyrir alþingiskosningar 2007. Fjórir flokkar kunna að hafa brotið lög. Kjörnir fulltrúar buðu upp á grunsemdir.**

**LÖGREGLUMÁL** Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra rannsakar styrkveitingar fyrirtækja í opinberri eigu til stjórnmálaflokka fyrir kosningarnar 2007.

Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari staðfestir þetta, en vill ekki ræða rannsóknina frekar.

Samkvæmt lögum um fjármál stjórnmálasamtaka er flokkum óheimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum. Rannsóknin snýst því um hugsanlegt lögbrot flokkanna, en ekki fyrirtækjanna.

Ríkisendurskoðun birti í mars útdrætti úr ársreikningum flokkanna fyrir árið 2007.



**HELGI MAGNÚS GUNNARSSON**

Þar kom fram að fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins, Neyðarlínan, Íslandspóstur og Orkubú Vestfjarða, hefðu styrkt fjóra stjórnmálaflokka.

Neyðarlínan veitti Sjálfstæðisflokknum hámarksstyrkveitingu, þrjú hundruð þúsund krónur, en styrkti ekki aðra flokka. Sjálfstæðisflokkurinn skilaði síðar styrknum og framkvæmdastjóri flokksins, Andri Óttarsson, harmaði mistökin.

Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, var áður aðstoðarmaður Þorsteins Pálssonar, sem þá var ráðherra fyrir Sjálfstæðisflokkinn, og síðar ritstjóri Fréttablaðsins.

Þá upplýsti Ríkisendurskoðun einnig að Íslandspóstur hefði styrkt Framsókn, Samfylkingu, Sjálfstæðisflokk og VG um 150.000 krónur hvern flokk. Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, var áður bæjarstjóri í Garðabæ og formaður Samtaka atvinnulífsins.

Flokkarnir lýstu því allir yfir í kjölfarið að þeir ætluðu að endurgreiða Íslandspósti.

Orkubú Vestfjarða styrkti Sjálfstæðisflokkinn um 40.000 krónur fyrir kosningarnar en ekki aðra flokka. Kristján Haraldsson er orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða.

Sá sem brýtur lög um fjármál stjórnmálasamtaka, hvort sem er af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, skal sæta fésektum. Alvarleg brot geta þó varðað allt að sex ára fangelsi. Framkvæmdastjórar flokkanna eru líklegastir til að þurfa að svara fyrir móttöku styrkjanna.

klemens@frettabladid.is

## RANNSÓKNARNEFND SKOÐAR BANKANA

Styrkir til stjórnmálaflokka eru meðal þess sem rannsóknarnefnd Alþingis um bankahrunið rannsakar, staðfesti Tryggvi Gunnarsson nefndarmaður í samtali við Fréttablaðið þann 11. apríl.

Nefndin hefur óskað eftir upplýsingum frá bönkunum um hugsanlegar fyrirgreiðslur til stjórnmálamanna.

Athugunin beinist ekki að hugsanlegum viðskiptum eignarhaldsfélaga, svo sem FL-Group, við stjórnmálamenn.

Viðfangsefni nefndarinnar eru bankarnir en ekki almenn fyrirtæki.

Engar upplýsingar fengust í gær um framgang rannsóknarinnar. - kóþ

# Vildi skoða risastyrki FL Group og Landsbanka til Sjálfstæðisflokksins

Ríkissaksóknari ákvað í vor að taka ekki til formlegrar athugunar þrjátíu milljóna króna styrk FL Group til Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningarnar 2007, né rannsaka aðrar fyrirgreiðslur til háttsettra sjálfstæðismanna í ljósi fyrirhugaðrar sölu REI til Geysis Green, sem var að hluta í eigu FL Group.

Samkvæmt heimildum blaðsins þótti efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra ástæða til að vekja athygli Ríkissaksóknara á þessum hugsanlegu lögbrotum. Einnig vildi deildin, í ljósi fjölmiðlaumfjöllunar, skoða hvernig styrkveitingar til Sjálfstæðisflokksins kynnu að hafa tengst Landsvirkjun Power, félagi Landsvirkjunar og Landsbanka. Bankinn styrkti flokkinn um alls þrjátíu milljónir króna.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON** Þingmaður Sjálfstæðisflokks viðurkenndi að hafa „haft milligöngu“ um styrkina.

Deildin óskaði eftir afstöðu ríkissaksóknara til þessa, vegna tengsla fyrirtækjanna við orkufyrirtæki í eigu almennings.

Ríkissaksóknari taldi að ekki væru nægilegar vísbendingar til formlegrar rannsóknar á þessum málum. Þurft hefði að sýna fram á að styrkir og fyrirgreiðslur hefðu verið veittar til að hafa áhrif á afgreiðslu stjórnvalds í málum tengdum fyrirtækjunum. Erfitt væri að sanna það. - kóþ

## VILDI SKOÐA LAXVEIÐINA LÍKA

Samkvæmt heimildum blaðsins átti einnig að taka í rannsókn efnahagsbrotadeildar önnur fríðindi sem kjörnir fulltrúar almennings nutu frá aðstandendum orkufyrirtækja, sérstaklega laxveiðiferð Hauks Leóssonar, stjórnarformanns OR, í ágúst 2007.

Björn Ingi Hrafnsson, Guðlaugur Þór og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson veiddu þá í Miðfjarðará, ásamt Stefáni Hilmarssyni, fjármálastjóra Baugs.

Baugur, sem tengist jafnframt FL Group, var með ána á leigu og hafði boðið Hauki að veiða.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrotadeildar, segir um þetta:

„Það er mjög óheppilegt að kjörnir fulltrúar bjóði upp á svona grunsemdir um störf sín, þó að í þessu tilfelli hafi ekki þótt næg ástæða af hendi Ríkissaksóknara til að hefja rannsókn sakamáls.“ - kóþ

## KÆRA FINNBOGA

Finnbogi Vikar, fyrrum hluthafi í FL Group og frambjóðandi VG í sveitarstjórnarkosningum, óskaði eftir lögreglurannsókn á styrkveitingunni 9. apríl.

Kæran þótti ekki fullnægjandi til rannsóknar en í henni vakti Finnbogi athygli Ríkislögreglustjóra á því að Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefði haft milligöngu um styrkina og að skömmu eftir styrkveitinguna hefði „farið af stað ferli sem kennt er við REI“.



**FINNBOGI VIKAR GUÐMUNDSSON**

Guðlaugur Þór kom að stofnun REI, sem meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknar ætlaði í fyrstu að selja til Geysis Green Energy. - kóþ




Þegar um er að ræða þitt eigið fjárhagslegt öryggi á efri árum verður eitt sífellt mikilvægara! Að fjárfestingin sé 100% örugg til þess að þú getir notið eftirlaunaaldursins – óháð því hvaða aldri þú nærð.

Þetta öryggi hefur Versicherungskammer Bayern boðið viðskiptavinum sínum í 125 ár. Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna sem 50 milljónir ánægðra viðskiptavina trúa fyrir fjármunum sínum.

Nánari upplýsingar um 100% örugga fjárfestingu er að finna á **www.sparnadur.is** eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum.

Við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025 en einnig geturðu sent okkur tölvupóst á sparnadur@sparnadur.is.

SPARNAÐUR
www.sparnadur.is

**Bayern Líf.**

VER SICHER UNGS
KAMMER
BAYERN
Finanzgruppe

Holtasmári 1 Kópavogur | Kaupvangsstræti 1 Akureyri | Sími: 577 2025 | sparnadur@sparnadur.is www.sparnadur.is

## „ORÐRÉTT“

### *Betur lagt haus í bleyti*

**„Eins og ég hugsaði þetta átti þetta bara að vera blossi og svo búið.“**

RÍKHARÐUR JÚLÍUS RÍKHARÐSSON, DÆMDUR Á MÁNUDAG FYRIR AÐ KVEIKJA Í HÚSI Á KLEPPSVEGI.

Fréttablaðið, 1. september

### *Nýtt landslag*

**„Áður fyrr skipti varla máli hvað hlutirnir kostuðu en nú sjáum við að ódýrari hlutir ganga betur en áður.“**

VÍÐIR PÉTURSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HÚSASMIÐJUNNAR, UM STÖÐUNA Á BYGGINGAVÖRUMARKAÐI.

Fréttablaðið, 1. september

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR SVIÐSSTJÓRI RAUÐA KROSSINS

## *Kynnir fyrstu skýrsluna um mansal*



„Við hjá Rauða krossi Íslands erum að kynna rannsókn um umfang og eðli mansals á Íslandi,“ segir Sólveig Ólafsdóttir, sviðsstjóri hjá Rauða krossinum, og bætir við að rannsóknin sé sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. „Rannsóknin er unnin af Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum í Háskóla Íslands en fyrir tilstilli Rauða krossins.“ Rannsóknin verður kynnt í hádeginu á Háskólatorgi.

Sólveig segir að í starfi Rauða krossins á Íslandi hafi starfsfólkið rekið sig á veggi í þessum málum, því litlar upplýsingar hafi verið hægt að fá. „Fólksflutningar milli landa eru eitt helsta viðfangsefni Rauða krossins, sérstaklega í Evrópu, og í okkar samstarfi um hvernig best sé hægt að aðstoða hópa sem lenda á jaðri samfélagsins höfum við rekið okkur á veggi.“ Hún segir að þess vegna hafi verið sett fram áheit árið 2007 um að rannsókn á umfangi mansals hæfist hér á landi. „Það má segja að samstarfsfélög okkar í Evrópu hafi haft rökstuddan grun um að meira væri í gangi en að Ísland væri bara gegnumstreymisland þar sem fólk dveldi í stuttan tíma, jafnvel færi bara um flugvöllinn.“

Að sögn Sólveigar stendur til að nota niðurstöður rannsóknarinnar til að bæta vernd og þjónustu fyrir fórnarlömb mansals, bæði hjá Rauða krossinum og öðrum félagasamtökum sem starfa að svipuðum málum. „Ástæðan fyrir fáum málum hér er ekki að við séum svo ólík öðrum löndum. Fórnarlömbin koma bara síður því það eru engin úrræði fyrir þau.“





vísir.is
„...ég sá það á vísi“




**HORNAFJÖRÐUR** Þetta stóra eyðibýli stendur í Hornafirði. Ýmislegt lauslegt er að finna við húsið, en það virðist ekki trufla hesta á beit mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eyðibýli á Austfjörðum

**Víðs vegar um landið má finna yfirgefin hús af ýmsum stærðum og gerðum. Stefán Karlsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, myndaði nokkur slík á ferð sinni um Austfirði fyrir nokkru. Meðal fjarðanna eru Loðmundarfjörður, Seyðisfjörður og Hornafjörður.**

Loðmundarfjörður er á milli Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar eystri og er einn afskekktasti fjörður landsins. Í upphafi tuttugustu aldarinnar voru þar tíu bæir, en á sjöunda áratug aldarinnar höfðu þeir allir lagst í eyði.

Sunnan við Loðmundarfjörð er Seyðisfjörður, þar sem um 700 manns búa í samnefndum bæ. Fjörðurinn var áður fyrr lítið bændasamfélag, en bóndabæirnir hafa lagst í eyði. Í Hornafirði er einnig að finna þétta byggð, en á Höfn búa um 1.600 manns. Höfn var verslunarstaður og lengi vel eini þéttbýlisstaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu. Gömul býli sem lagst hafa í eyði á undanförnum árum er að finna annars staðar í firðinum.



**LOÐMUNDARFJÖRÐUR** Loðmundarfjörður er allur í eyði og hefur verið það frá því á sjöunda áratug síðustu aldar.



**SEYÐISFJÖRÐUR** Þetta fyrrum myndarlega hús stendur enn við Seyðisfjörð.



**SEYÐISFJÖRÐUR** Þessar rústir í Seyðisfirði virðast hafa samlagast náttúrunni ótrúlega vel.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
EURO SHOPPER
20 ára BÓNUS 1989 - 2009
198
E.S BABY-WIPES 72 stk. 198 kr.
139
E.S FROSIN HVÍTLAUKSBRAUÐ 2 STK 139 kr.
Corn flakes
298
E.S KORNFLEKS 750G 298 kr.
359
E.S FROSIN GRÆNMRTISBLANDA 1 KG 359 kr.
359
E.S FROSIÐ BROCCOLI 1 KG 359 kr.
498
E.S FROSIN JARÐARBER 1 KG 498 kr.
168
E.S SYKUR 1 KG 168 kr.
129
SULTUKRUKKA 400 ML 129 kr.
Fruit muesli
Fruktmüsli
Frukt musli
Hedelmämysli
359
E.S MÚSLÍ (ÁVAXTA) 1 KG 359 kr.
40%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR
598 kr./kg.
98
E.S HVEITI 1 KG 98 kr.
FRÁBÆR MORGUNMATUR
259
E.S HAFRAMJÖL 1,5 KG 259 kr.
GOTT KAFFI
398
K.F NÝTT KJÖTFARS 398 kr./kg.
30%
AFSLÁTTUR
HROSSABJÚGU 2 STK
MERKT VERÐ 220 KR. 30% AFSLÁTTUR 154 kr.
40%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR
1798 kr./kg.
398
RENÉ KAFFIPÚÐAR 36 STK 398 kr.
FRÁBÆRT VERÐ, AÐEINS 11 KR. KAFFIBOLLINN !
GULLKAFFI 500G 298 kr.
DANSKT MEÐALBRENNT KAFFI.
298
GOTT VERÐ FÍN GÆÐI !
698
BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI 800g 698 kr.
1579
EUROSHOPPER BLEIUR 1579 kr.
MIDI: 56 BLEIUR - MAXI: 50 BLEIUR - JUNIOR: 44 BLEIUR
879
N.F ÞORSKBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR FROSNIR 879 kr./kg.
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
579
N.F FROSNAR FISKIBOLLUR 579 kr./kg.
GULLAUGA Í LAUSU: VELDU SJÁLFUR
129 kr./kg.
595
N.F FROSIN ÝSUFLÖK M.ROÐI OG BEINI
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 15% AFSLÁTTUR
595 kr./kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGUR 12.00 -18.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stefnu vantar um endurreisnarstarfið.

## Veit einhver hver staðan er?

**ÞORKELL SIGURLAUGSSON SKRIFAR**

Þeir sem reka fyrirtæki og heimili vita yfirleitt hver fjárhagsstaðan er. Þúsundir fyrirtækja og einstaklinga vita hve fjárhagserfiðleikarnir eru miklir og hafa einnig tilfinningu fyrir því hvernig horfurnar eru. Stjórnvöld, þar með talið alþingismenn, virðast ekki hafa traustar upplýsingar um það hver staða ríkissjóðs og þjóðarinnar er, hvað þá hvernig horfurnar eru næstu misserin. Það er verið að krefjast aðgerða til að bæta stöðu heimila og fyrirtækja, en hvernig er hægt að ætlast til þess þegar enginn virðist vita hver staðan er eða hvernig horfurnar eru.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra lýsti þessu vandamáli ágætlega í viðtali við RÚV í síðustu viku, en þar sagði hann bæði háa útlánsvexti og skort á fyrirtækjum sem gætu fjárfest og tekið lán til nýrra framkvæmda skýra þá stöðu bankanna að þar væri mikið af lausu fé sem enginn vildi taka að láni. Hann sagði einnig: „Margir haldi að sér höndunum, þori ekki að fara í nýjar fjárfestingar. Forsendan fyrir því að menn þori að gera eitthvað nýtt og djarft sé að menn öðlist trú á íslensku efnahagslífi. Verkefnið er að skapa þá trú.“ Í viðtali við Gylfa í Fréttablaðinu á mánudag mátti merkja bjartsýnistón og vonandi er það liður í því að skapa einhverja trú á framtíðina.

Kjarni vandans hefur verið sá að enginn af leiðtogum þjóðarinnar virðist vita hver staðan er eða ekki viljað gefa upplýsingar um stöðuna. Engin stefna hefur verið kynnt um endurreisn atvinnulífsins og heimilanna. Það er engin trú erlendis á íslensku atvinnulífi og stjórnvöldum. Erlendir aðilar vilja ekki veita okkur lán og erlendir fjárfestar eru ekkert sérstaklega velkomnir hingað til lands.

Tryggi Þór Herbertsson, hagfræðingur og alþingismaður, telur sig vita það að lánasöfn banka og Íbúðalánasjóðs séu tifandi tímasprengja af því að stór hluti þessara lána verði ekki greiddur. Enginn veit samt hvað bankarnir gera ráð fyrir miklum afskriftum af lánum til viðskiptavina. Tryggvi hefur greinilega skipt um skoðun því í byrjun þessa árs var hann með ágæta útreikninga um það að þjóðin væri ekkert sérstaklega skuldsett. Sumir segja að eignir Landsbankans dugi að stórum hluta upp í Icesave-skuldina, en aðrir segja þær duga skammt. Hverju á almenningur að trúa?

Margir telja að verðbólga eigi eftir að aukast, þegar nýjar innfluttar vörur fylla hillur verslana, vextir verði áfram háir, gengi krónunnar veikist meira og atvinnuleysi aukist. Við viljum ekki trúa þessu, en það er erfitt að fá trú á framtíðina nema almenningur fái réttar upplýsingar um stöðuna og gripið verði til þeirra aðgerða sem þarf til að bæta stöðu fyrirtækja og heimila. Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar tala um það að veturinn verði erfiður. Það er trúlega rétt, og engar töfralausnir eru til, en við megum ekki láta kaldan vetur lama allt atvinnulíf. Nú ríður á að byggja upp trú á íslensku atvinnulífi og íslenskri þjóð.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nærtækt dæmi

Bubbi Morthens sat venju samkvæmt við Færibandið á Rás tvö á mánudagskvöld og deildi hugsunum sínum með hlustendum. Hafði Bubbi meðal annars orð á því að honum þætti ungir tónlistarmenn nú til dags ekki nógu metnaðarfullir, sérstaklega gagnvart íslenskri textagerð. Bubbi benti réttilega á að hann væri langt því frá sá fyrsti sem amaðist yfir þessu. „Ég meina, ég er ekkert öðruvísi en Platón fyrir 3000 árum eða eitthvað því að þá var hann að kvarta yfir tónlist þeirra sem voru að koma fram og taldi hana spillandi og allt þetta,“ sagði Bubbi. Eflaust má finna fleira sameiginlegt með þeim tveimur, einum áhrifamesta hugsuði sögunnar og Platóni. Sá síðarnefndi samdi til dæmis bókina Ríkið, eitt merkasta rit vestrænnar heimspeki. Bubbi fór hins vegar oft í Ríkið – og samdi Serbian Flower.



### Réttmæt bygging

Greint hefur verið frá því að 89. ráðstefna evrópskra tannréttingasérfræðinga verði haldin hér á landi árið 2013 í húsakynnum Tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík, sem stefnt er á að verði tekið í gagnið í árslok 2011. Ef þetta þaggar ekki niður í gagnrýnisröddum sem telja Tónlistarhúsið algjöran óþarfa, hvað þá?



### Skáldatími

Samfylkingin hélt sína árlegu sumarferð á laugardag og var ferðinni heitið í Bláskógabyggð. Dagurinn endaði með miklum söng og grillveislu í félagsheimilinu í Aratungu. Meðal skemmtiatriða var keppni í vísubotnum. Fór Dofri Hermannsson með sigur af hólmi fyrir þessa stöku: „Hyllum lífið, hér er margt að vinna,/ hendur fram úr ermum látum standa/Rísum upp og reynum nú að finna/reddingu á þessum kreppufjanda.“ Oft er fullyrt að öll skáld séu vinstrimenn. Þau hafa líklega ekki átt heimangengt á laugardaginn.

**bergsteinn@frettabladid.is**

## Rósrauðir leigubílar



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Atvinnuleysi og úrræðasemi

Franski hagfræðingurinn Jean-Baptiste Say (1767-1832) varð frægur fyrir það á sínum tíma að setja fram lögmál sem síðan hefur verið við hann kennt og kallað „Say-lögmálið“. Hljóðar það svo, að atvinnuleysi sé alls ekki til. Ef menn missi vinnu í einni atvinnugrein hljóti þeir að fá vinnu aftur í einhverri annarri atvinnugrein. Þetta sannaði hann með svo skörpum rökum að margir hagfræðingar, ef ekki velflestir, hafa látið sannfærast æ síðan. Af þessu lögmáli leiðir svo jafnframt að ef menn ganga atvinnulausir sé það einungis þeim sjálfum að kenna, þeir nenni ekki að vinna. Þetta hef ég margoft heyrt í kringum mig hér á meginlandinu, ekki síst síðan kreppan hófst: það er nóga vinnu að fá ef menn vilja, er sagt. Og því er oft bætt við, að vandamálið sé að atvinnuleysisbætur séu allt of háar, þær geri að verkum að það borgi sig ekki að vinna, þær auki einungis leti og ómennsku og dragi úr sjálfsbjörgunarviðleitni; best væri að afnema þær með öllu.

Góðviljaðir hagfræðingar viðurkenna reyndar, að stundum geti litið svo út að þetta lögmál sé rangt, menn finni hvergi neina vinnu, en því er svo bætt við, að sé litið til eilífið lengri tíma sé Say-lögmálið óbrigðult. Og svo sé það að sjálfsögðu útsjónarsemin sem gildi, vinnan sé á næstu grösum en menn komi ekki auga á hana, kannske af því þeir séu bundnir um of við einhverjar þröngar hugmyndir eða geri alltof háar kröfur. Dæmi um slíka tregðu hafa menn séð í Frakklandi: þegar verksmiðja var lögð niður og flutt til Rúmeníu og starfsmönnum hennar boðið að fara til óðals Drakúla og vinna þar við nýju verksmiðjuna upp á rúmensk laun, höfnuðu margir þessu ágæta boði og vildu heldur sitja atvinnulausir í Frakklandi. Þó var fullyrt að í Rúmeníu gætu menn lifað ágætu lífi á rúmenskum launum. Og með alþjóðavæðingunni opnast endalausir möguleikar, sagt er að maður sem sagt er upp skurðlæknisstarfi við sjúkrahús í París geti auðveldlega fundið vinnu sem pizzusendill á Hokkaído.

*Þessir fararskjótar hafa hlotið nafnið „rósrauðu leigubílarnir“ og að sjálfsögðu eru það einungis konur sem þar sitja við stýri.*

En mesta útsjónarsemin er þó fólgin í því – og um það snýst Say-lögmálið ekki síst – að búa til atvinnu þar sem engin atvinna hefur áður verið til, sem sé finna rétta tækifærið til að skapa nýja atvinnugrein. Þetta hafa nú nokkrar konur gert í París, reyndar samkvæmt hugmynd sem virðist hafa legið í loftinu víðar: þær hafa sem sé farið að gera út leigubíla sem eru einungis ætlaðir konum. Þessir fararskjótar hafa hlotið nafnið „rósrauðu leigubílarnir“ og að sjálfsögðu eru það einungis konur sem þar sitja við stýri. Samkvæmt þeirri málfarsreglu sem er ófrávíkjanleg í Frakklandi, en síður á Íslandi að því er virðist, og mælir svo fyrir að þegar kona hefur eitthvert starf með höndum skuli starfsheitið jafnan vera í kvenkyni, ættu þessar konur að vera kallaðar „bílstýrur“ á voru máli, og er það óneitanlega fagurt og hljómmikið nafn, en alþjóðavæðingarinnar vegna heita þær „lady drivers“ í París. Til þess að fá þessa stöðu þurfa konurnar að þekkja borgina út og inn, ekki einungis eins og venjulegir leigubílstjórar gera, heldur þurfa þær að vita um alla þá staði sem konur hafa sérstakan áhuga á og karlmönnum eru yfirleitt framandi, svo sem kvennaverslanir, snyrtistofur, hárgreiðslustofur og slíkt; þær þurfa sem sé að sjá stórborgina með augum kvenna. Og þær eru vel klæddar með rauðan hálsklút, það er einkennismerkið.

„Rósrauðu leigubílarnir“ eru af ýmsum tegundum og verðið mismunandi eftir því, en þeir eru með steindum rúðum og, eins og segir í auglýsingum, „kvennaveröld með dempuðu hljóði, geislandi af þægindum og öryggi“. Boðið er upp á allskyns þjónustu, ellefu klukkustunda búðarferðadag fyrir 500 evrur, akstur út á flugvöll fyrir 100 evrur, og biðgjald við veitingastaði eða verslanir er 50 evrur á tímann. En hverjum eru þessir „rósrauðu leigubílar“ ætlaðir? Hingað til munu franskar konur hafa komist nokkuð sæmilega af án þeirra, og jafnvel ferðakonur líka. En snilldin hjá þeim sem gripu þessa ágætu hugmynd í loftinu var fólgin í því að þær áttuðu sig á því að nú var kominn til sögunnar alveg nýr markaður. Nú streyma nefnilega til hinnar rótgrónu tískuborgar alls kyns emírar og olíufurstar og hver um sig hefur með sér þær fjórar eiginkonur sem Kóraninn heimilar, kannske fáeinar hjákonur líka, svo og mikinn dætraskara sem þeir hafa átt með öllum þessum konum. Og svo hafa emírarnir með sér vesíra og þeir hafa jafnmargar konur með sér, o.s.frv. Allar þessar konur hafa sinn ríkulega skerf af olíuauðnum, og eru fúsar til að versla fyrir hann, en til þess að þær fái að ganga lausar í borg hinna vantrúuðu þarf alls öryggis að vera gætt. Og þar koma „rósrauðu leigubílarnir“ til sögunnar.

## Almennar afskriftir skulda

**UMRÆÐAN**

Kjartan Broddi Bragason skrifar um skuldir heimilanna



KJARTAN BRODDI BRAGASON

Ímyndum okkur að við röðum öllum heimilum landsins – um eitthundrað þúsund að tölu – upp í röð eftir því hve fjárhagslega stöndug þau eru. Við hefjum leikinn á að raða þeirri stöndugustu lengst til vinstri og svo koll af kolli – sú sem situr þá lengst til hægri er fjárhagslega í verstum málum.

Því er haldið fram – af hluta ráðamanna – að um tveir þriðju heimila geti ráðið við sínar skuldbindingar. Það merkir að fyrstu 66.000 heimilin (talin frá vinstri) eru í þokkalegum málum.

Ímyndum okkur núna að frá og með heimili númer 66.000 og upp í 100.000 verði ákveðið að afskrifa skuldir að einhverju marki. Munurinn á fjárhagsstöðu þess heimilis sem er númer 65.999 og 66.000 og sem nær að komast inn á lista þeirra sem fá niðurfellingu skulda er sáralítill. Hann er reyndar svo lítill að eftir afskriftir verður heimili númer 66.000 langtum betra statt en heimili númer 65.999. Þannig er hægt að færa sig frá hægri til vinstri og og lenda alltaf í því að sértæk aðgerð mun mismuna heimilunum svo um munar.

Vegna þessa er mikilvægt að ráðist verði í almenna niðurfærslu skulda heimilanna að einhverju marki og sérhverri lánastofnun síðan veitt heimild til að fara í sértækar aðgerðir að auki. Það er alveg nægilega mikil kergja í samfélaginu til að við förum ekki að auka á hana með stórfelldri mismunun á heimilum landsins. Þjóð veit þá þrír vita segir máltækið og í okkar litla samfélagi eru það svo sannarlega orð að sönnu.

*Höfundur er hagfræðingur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

omega CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

# SUMAR-TILBOÐ!

# Eitt flottasta úrval landsins

## Mikið úrval fyrir öll baðherbergi



WLU 06A 120 x 50 sm
Hvítt háglans Settið: **79.900,-** stgr.



CT - 95 95 x 50 sm
Hvítt háglans Settið: **89.700,-** stgr.



CT - 85 85 x 50 sm
Hvítt háglans Settið: **76.700,-** stgr.



CT - 75 75 x 50 sm
Hvítt háglans Settið: **69.900,-** stgr.

SUMAR-TILBOÐ!



CT - 55 55 x 43 sm
Hvítt háglans Settið: **59.900,-** stgr.

til afgreiðslu af lager



WLU 125 45x30 sm
Eik Settið: **37.900,-** stgr.



WLU 126 50x40 sm
Hvítt háglans Settið: **38.900,-** stgr.



WLU 126 50x40 sm
Eik Settið: **38.900,-** stgr.

## Handlaugaskápar Neðri skápur

SUMAR-TILBOÐ!



**3 stærðir**
VERÐ FRÁ:
**24.900.- stgr.**
VERÐ ÁÐUR kr. 53,791.-

*Stærðir:*
*60x48 sm*
*70x48 sm*
*90x48 sm*

WLU 600 - 900

Innifalið í verði er skúffuskápur m/mjúklokun borðplata, höldur og ljóskappi

EKKI INNIFALIÐ Í VERÐI: HANDLAUG, SPEGILL, BLÖNDUNARTÆKI, LJÓS OG TAPPASETT



WLU 147B 61x48 sm
Hvítt háglans **38.900,-** stgr.



WLU 126B 50x40 sm
Hvítt háglans **32.900,-** stgr.



WLU 126B 50x40 sm
Eik **32.900,-** stgr.



WLU 125B 45x30 sm
Eik **31.900,-** stgr.



CT - 75B 75x50 sm
Hvítt háglans **45.900,-** stgr.

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • Lokað á laugardögum | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Dýravernd

**UMRÆÐAN**

Guðrún Eygló Guðmundsdóttir skrifar um meðferð dýra


GUÐRÚN EYGLÓ GUÐMUNDSDÓTTIR

Það er lítið fjallað um dýravernd á Íslandi. Dýraverndunarsamtökin hafa frá árinu 1959 verið í virku samstarfi við Norðurlöndin. Það var ekki fyrr en 1994 sem komið var á lögum um rétt dýra á Íslandi.

Ég las pistil í Mogganum á síðasta ári. Hann segir frá myndbandi um vondan aðbúnað á kjúklingabúum á vegum KFC og þá óþarflegu grimmd sem dýrin þurfa að þola. Þar er vitnað í dýraverndunarsinnann Temple Grandin og samtök hennar. Hún er virtur fræðimaður og hefur gert rannsóknir til að þróa mannúðlegri vinnubrögð við eldi og slátrun dýra. Nánari upplýsingar á www.grandin.com.

Er fylgst nægjanlega með framkvæmd slátrunar dýra á Íslandi? Dýralæknar eiga að hafa eftirlit með sláturhúsum og aðbúnaði dýra á bændabýlum. Er það nógu virkt?

Er það rétt að í sumum löndum séu það íslamskir slátrarar sem aflífa dýrin á þann hátt sem trúarbrögðin segja til um? Eru það dýralæknar sem fylgjast með að það sé gert á sem kvalaminnstan hátt?

Í fyrirspurn til dýraverndunarfélagsins var svarið að það hefði ekki hugmynd um það. Ef einhverjir vita um þessi mál vinsamlegast látið í ykkur heyra.

Rúmenía hefur fengið sérstakt leyfi hjá Evrópusambandinu til að halda í aldagamlan sið í sveitum landsins sem felur í sér að svínum og lömbum er slátrað án þess að þau séu svipt meðvitund áður. Lög ESB kveða á um að dýr séu aflífuð með mannúðlegum hætti í sláturhúsum og séu deyfð fyrst. Rúmenar sögðu þessar reglur ógna þjóðararfi sínum!

Fyrir einhverjum árum vildu arabaþjóðir kaupa af okkur lifandi lömb vegna þess að samkvæmt þeirra trú skulu lömbin skorin eftir þeirra reglum. En okkur fannst þetta ómannúðleg aðferð við slátrun svo ekkert varð úr þeim viðskiptum. Ef sá sem framkvæmir slátrunina gerir það rétt þá er það eitt hnífsbragð. Því miður eru það sjaldnast svo einfalt. Dýr hafa verið aflífuð á þennan hátt gegnum aldirnar og eru það enn þá. Oft er það gert af kunnáttuleysi á kvalafullan hátt. Samkvæmt dýraverndunarlögum á að aflífa dýr með skjótum og sársaukalausum hætti.

Sársaukafullar dýratilraunir viðgangast enn þótt dregið hafi úr þeim. Á síðasta ári birtist viðtal við heimspeking þar sem rætt var um tilraunir á dýrum og hvort þær séu réttlætanlegar enda skiptar skoðanir meðal dýrasiðfræðinga. Hann segir að allt fram á 20. öldina leyfðist mönnum að gera nánast allt við dýr og ekki fyrr en á seinnihluta aldarinnar hafi verið farið að gagnrýna það að einhverju marki. 1944 var Draize-prófið samþykkt af bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitinu. Það gekk út á það að setja efni, oft óþynnt, í augu og feld dýranna til að athuga hvort ígerð myndaðist. Til eru myndir af kanínum sem voru festar á gapastokk og augu þeirra spennt upp þannig að þær gátu ekki lokað þeim. Síðan voru efni sett í augun á þeim. Oft án verkjalyfja. Það var ekki fyrr en á níunda áratugnum að menn fóru að berjast gegn þessum tilraunum.

Í verksmiðjubúum er fjöldi dýra í litlu plássi og geta lítið hreyft sig. Er svona búskapur byrjaður hér á landi? Við verðum að vera vel á verði og gæta þess að það séu gerðar strangar kröfur til þeirra sem ætla að fara í þannig rekstrarform.

Talsmenn amerísku hamborgarabúllunnar Burger King hafa sent bandarísku PETA-samtökunum (samtökum dýravina) tilkynningu þess efnis að þeir kaupi egg og svínakjöt frá framleiðendum sem ali dýrin ekki í búrum. Einnig hefur fyrirtækið sett sig í samband við hænsnabú og hvatt eigendur til að taka upp mannúðlegri slátrunarhætti en almennt hefur tíðkast. Kannski hefur þessi ákvörðun Burger King áhrif á aðra í skyndibitaiðnaðinum?

Nautaat er með því ljótasta sem maður sér en erfitt að uppræta það því aldagömul hefð liggur þar að baki. Spjótum er stungið í hrygginn á nautunum á mjög viðkvæma staði þannig að þau finna mikinn sársauka við hverja hreyfingu. Og þannig er þeim sleppt út á völlinn þar sem þau eru dauðadæmd en kvalin og pínd rækilega áður. Svo er sagt að nautið og nautabaninn standi jafnt að vígi!

Ef við vitum um illa meðferð á dýrum eða sjáum ofbeldi gagnvart þeim þá eigum við að hafa samband strax við lögregluna eða dýraverndunarsamtökin.

Við eigum að bera virðingu fyrir öllu lífi, líka dýranna. Þau eiga skilið að lifa hamingjusömu og óttalausu lífi.

*Höfundur er hjúkrunarfræðingur og áhugamaður um dýravernd.*



Nýjung!
Ballett-fitness fyrir fullorðna
Kennsla hefst 14. september
Innritun og upplýsingar í síma 561 5620 frá kl. 11-17.
50 ÁRA
BALLETTSKÓLI Eddu Scheving
Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara
www.schballett.is


# Meðan ríkið sefur

**UMRÆÐAN**

Jón Þór Ólafsson skrifar um eftirköst fjármálahrunsins


JÓN ÞÓR ÓLAFSSON

Flest ríki í heiminum í dag hafa tekið sér einkaleyfi á beitingu ofbeldis innan sinna landamæra. Mistakist ríkjum það eins og raunin er með Írak og Afganistan eru þau kölluð „misheppnuð ríki“ (failed states). Ríkið réttlætir sína einokun á ofbeldi sem nauðsynlega til að vernda frelsi ríkisins og til að tryggja réttlæti innan þess.

Stofnendur Bandaríkjanna voru ekki á sama máli. Um vantraust þeirra á ríkisvaldinu verður ekki villst í orðum fyrsta forseta Bandaríkjanna, George Washington: „Eins og eldur er ríkisstjórn hættulegur þjónn og hræðilegur herra.“ Fyrir þeim var nauðsynlegt fyrir öryggi frjáls ríkis að borgarar þess stofnuðu sjálfstæðar sveitir vopnaðra manna (militias) og þann rétt borgaranna bundu þeir í stjórnarskránna. Þar að auki hefur rétturinn til borgaralegrar handtöku lengi verið bundinn í lögum á Vesturlöndum og á Íslandi frá 1991. Svo réttlætingin fyrir því að borgarar vakni og taki völdin í sínar hendur er vel greypt í réttlætisvitund og lög Vesturlanda.

Fyrri ríkisstjórnir sváfu á verðinum meðan bankamenn með aðstoð Seðlabankans spiluðu stærstu svikamyllu Íslandssögunnar. Núverandi ríkisstjórn sefur á meðan svikahrapparnir skjóta undan þjóðarauðinum. Sagan hefur kennt okkur að þegar ríki sem áskilur sér einkaleyfi á ofbeldi sefur á meðan réttlætisvitund borgaranna er ítrekað misboðið þá vakna þeir og taka til sinna ráða.

Ráðin sem borgararnir grípa til hafa alltaf reynst misvel til að ná fram réttlæti, en Íslendingar myndu ekki skvetta rauðri málningu í dag ef ríkið svæfi ekki á meðan svikahrappar skjóta undan þjóðarauðinum.

*Höfundur er stjórnmálafræðinemi.*






# Tökum tillit til barna í umferðinni í vetur

**UMRÆÐAN**

Karl V. Matthíasson skrifar um umferðaröryggi


KARL V. MATTHÍASSON

Nú eru skólar byrjaðir og nokkur þúsund börn eru að stíga sín fyrstu skref í grunnskóla. Þegar við sjáum þessi börn og auðvitað mörg önnur á leiðinni í skólann hugsum við hlýlega til þeirra og vonum að hvert og eitt þeirra eigi ánægjulegan skóladag og góðan skólavetur. Það hvílir mikil ábyrgð á okkur fullorðna fólkinu að búa börnum okkar góða skóla og umhverfi sem býður upp á sem öruggastar leiðir. Allir foreldrar barna ættu að vita hvaða leið barnið gengur í skólann og að sú leið sé sú öruggasta.

Þegar ég var barn var það almenn regla að börn færu ein í skólann og gengju jafnvel langan veg. Bílaeign og umferð var þá miklu mun minni en nú er. Nú hefur þetta breyst og margir keyra börn sín í skólann en engu að síður eru þau í umferðinni. Það er mikilvægt að öryggisbeltin séu spennt og að bílstjórar barnanna sjái svo um að þau búi við sem mest öryggi á allan hátt með góðum akstri og með því að hafa einbeitinguna í lagi.

Þessi tími haustsins getur verið mjög varasamur því börn eiga það til að gleyma sér í morgundimmunni og skammdeginu eftir sumar mikillar birtu. Því er okkur nauðsynlegt að vera árvökul og viðbúin. Slysin verða oftast þegar eitthvað óvænt hendir og fólk hefur alls ekki búist við þeim aðstæðum er komu upp.

Eitt andartak getur orðið til þess að allt breytist í lífi okkar og dagur sem átti að verða ósköp venjulegur verður örlagadagur sem varpar skugga og sorg á tilveru okkar í langan tíma á eftir. Ég vil hvetja til þess að við ökum varlega, af virðingu og þökk við lífið og af virðingu og tillitssemi við öll börn þessa lands.

Í dimmunni er oft erfitt að greina dökkklædda, en endurskinsmerki eru mjög mikilvæg og hafa þau sannað gildi sitt og örugglega orðið til þess að koma í veg fyrir mörg slys. Öll börn sem eru á leiðinni í skólann og reyndar hvar sem er ættu að bera endurskinsmerki. Þetta á auðvitað við um alla gangandi vegfarendur. Gerum allt sem í okkar valdi stendur til þess að öll skólabörn séu örugg í umferðinni og komist heilu og höldnu í skólann sinn í vetur.

*Höfundur er vímuvarnaprestur og formaður umferðarráðs.*



**GÖNGUFÓLK** er enn á ferð um Laugaveginn þótt því hafi fækkað nokkuð undanfarið. Rétt er að benda á að veður geta orðið válynd á haustdögum og því mikilvægt að vera vel búinn og fylgjast með veðurspá áður en lagt er af stað. Skálaverðir Ferðafélags Íslands verða í skálum fram í september og fylgjast með ferðalöngum.




Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473















„Ég mætti alveg vera duglegri að fara á framandi slóðir en þar á móti kemur að mig dreymir ferðalög," segir Inga Þórey. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hægt að fljúga á þeim í huganum, jafnvel flýja

**Myndlistarkonan Inga Þórey Jóhannsdóttir er engin flökkukind í alvörunni. List hennar hverfist þó um ferðalög eins og glöggt sést á sýningu sem hún opnar í Listasafni Reykjanesbæjar á föstudaginn.**

„Þetta eru einhvers konar farartæki – sem er þó aldrei ætlað að fara neitt – en það er hægt að fljúga á þeim í huganum og jafnvel flýja. Það er ódýrt að ferðast þannig. Svo er farangur sem fylgir." Þetta segir myndlistarkonan Inga Þórey um sýninguna, sem samanstendur af þrívíðum málverkum, skúlptúrum, hljóð- og ljósaverki og er stillt upp þannig að úr verður nokkurs konar umferðarmiðstöð. En hvert sækir hún þessar hugmyndir? Ferðast hún mikið sjálf?

„Ég mætti alveg vera duglegri að fara á framandi slóðir en þar á móti kemur að mig dreymir ferðalög. Á sýningunni eru meira að segja staðir sem ég hef komið á í draumum eða að minnsta kosti er vísað í þá."

Sýningarsalurinn er við hliðina á bátasafni, sem Inga Þórey segir verka hvetjandi á ímyndunaraflið enda séu bátar heillandi farartæki. „Svo erum við stödd í Keflavík, þar sem allir fara um sem nota loftsins vegu til eða frá landinu. Hér er allt á ferð og flugi. Það vantar bara lestir, þá er þetta komið."

Það eru þó ekki ferðalögin sjálf sem sýningin fjallar um að sögn listakonunnar – ekki beinlínis – heldur andrúmsloftið sem ótvírætt skapast við að vera að fara eitthvert. „Áfangastaðurinn skiptir ekki máli," segir hún. „Sýningin sjálf getur verið áningarstaður og kannski vakna hugmyndir að nýjum áfangastöðum og nýjum ferðum hjá áhorfendunum. Hugsanlega verða það geimferðir sem fólki dettur í hug. Þá má geta þess að Pan American var með sölu á ferðum út í geiminn. Ég hefði alveg viljað eiga þannig miða."

gun@frettabladid.is




**FARFUGLAHEIMILI** eru 33 víðs vegar um landið. Farfuglar eru aðilar að stærstu gistihúsakeðju í heimi, Hostelling International. www.hostel.is

KERRUVARAHLUTIR
Úrval af varahlutum og kerruhlutum í flestar gerðir af kerrum.
BRIMCO
Flugumýri 8 - 270 Mosfellsbæ
Sími 894 5111 - www brimco.is

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is
Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Enskuskóli Erlu Ara
Auglýsir enskunám í Hafnarfirði
• 10 getustig með áherslu á tal
• Styrkt af starfsmenntasjóðum
Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og erlaara@simnet.is
Skipuleggjum námsferðir til Englands fyrir hópa og einstaklinga.
Sjá nánar um starfsemi skólans á www.enskafyrirallaa.is

ALLT MATUR



Oddgeir Sæmundsson kannar Syðri-Ófæru við Álftakróka og kemst fljótt að því að hún er bráðófær. Þá var eina færa leiðin í Hólaskjól.



Hvanngil og Fögrufjöll.

# Öslað um óbyggðirnar

**Berglind Grímsdóttir fór fyrir skemmstu í sína fyrstu fjallaferð með Hjálparsveit skáta í Kópavogi. Hópurinn hreppti úrhellisrigningu og vindhraða upp í tuttugu metra á sekúndu. Henni fannst samt gaman.**

„Það var brjálað veður og mikið í ánum, þannig að gönguleiðirnar voru ófærar á tveimur leiðum og við þurftum að breyta áætluninni. Samt var þetta skemmtileg ferð,“ segir Berglind hvergi bangin. „Svo lentum við í að bjarga ferðamönnum, alveg óvart. Þeir voru mjög heppnir að við vorum þarna,“ heldur hún áfram og lýsir svo leiðinni.

„Við byrjuðum á að keyra í skálann við Sveinstind. Komum seint um kvöld, eitthvað um ellefuleytið. Pabbi, bróðir minn og ég sváfum í tjaldi. Löbbuðum næsta dag í Skælinga og óðum eina á á leiðinni. Þar tjölduðum við líka. Daginn eftir gengum við um Eldgjá í vondu veðri og gistum í skálanum í Álftavatnskrók en fórum þaðan í Hólaskjól því allt annað var ófært. Þar vorum við fjórðu nóttina. Svo vorum við keyrð áleiðis í Hvanngil. Þar tók Ragna Sif, dóttir formanns hjálparsveitarinnar, á móti okkur. Hún var þar skálavörður og fór með okkur í gönguferð að á sem venjulega er hrein og tær en var kolmórauð og illileg þegar við komum að henni. Við gengum frá Hvanngili í skálann í Emstrum, köstuðum aðeins mæðinni og löbbuðum svo af stað en vorum tekin upp í bíla og keyrð að Breiðabólsstað í Fljótshlíð. Þar var svaka veisla, fínn matur og góð kaka og við krakkarnir fórum í fótbolta á eftir. Þetta var allt mjög gaman.“



„Ég hugsaði um hvað margir krakkar væru að missa af þessu,“ segir Berglind, sem var í alvöru gönguferð á hálendinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Yfir áttatíu manns voru í gönguferðinni þegar flest var, að sögn Berglindar, en er hún gengin liðs við hjálparsveitina? „Ég er fjórtán ára og gæti í fyrsta lagi tekið próf eftir tvö ár þegar ég verð sextán en pabbi er í sveitinni og því fékk ég að fara með. Þetta var fyrsta ferðin mín og mér fannst hún góð upplifun. Þarna var skemmtilegt fólk, ég sá margt sem ég hafði ekki séð áður og vissi ekki að væri til. Ég veit um fullt af fólki sem fer ekki út fyrir bæjarmörkin þannig að mér fannst ég rosalega heppin.“

*gun@frettabladid.is*



Í Eldgjá rýna menn í GPS-punktana og ráða ráðum sínum í þokunni.



Já, það rigndi.



Hópurinn í Botnum á Fjallabaksleið syðri.

# ljósanótt

MIÐVIKUDAGUR 2. SEPTEMBER 2009


## Útvarp Kaninn

**Kaninn fór í loftið í fyrsta skiptið í gær og sendir út allan sólarhringinn.** BLS. 4






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Pólsk veisla og sýning

Kynning á pólskum réttum verður í veislutjaldi á hátíðasvæði ljósanætur á laugardaginn. Ein þeirra sem undirbýr hana er Grazyna Wroblewska sjúkraliði. „Þarna verða súpa og pottréttir, pólsk kaka með eplum og önnur með skyri. Já, og pólskar pylsur, grillaðar," segir hún.



„Við búum hérna í þessu landi og á þessu svæði og viljum gjarnan taka þátt í því sem er að gerast," segir Grazyna Wroblewska. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tvær pólskar búðir eru í bænum, önnur á Hafnargötu og hin á Hringbraut. Grazyna segir krydd og ýmislegt hráefni í réttina koma úr þeim og tekur fram að það sé Pólska menningarfélagið í Reykjanesbæ sem standi að veitingunum, ásamt myndasýningu og skemmtiatriðum sem hún lýsir nánar.

„Við erum með sýningu eftir pólskan mann sem ferðaðist um Ísland og tók rosalega fallegar myndir. Svo kemur pólsk fjölskylda frá Ísafirði sem syngur og dansar á stóra sviðinu. Þar eru þrír strákar sem verða í gömlum fallegum búningum frá Kraká."

Pólska menningarfélagið var stofnað síðastliðinn vetur og Grazyna segir það hafa langað að leggja eitthvað til hátíðarinnar. Við búum hérna í þessu landi og á þessu svæði og viljum gjarnan taka þátt í því sem er að gerast. Ekki bara hlusta og horfa." *- gun*



Gönguleiðin nær frá smábátahöfninni í Gróf og að Stapa í Innri-Njarðvík. Fyrsti skuttogarinn á Íslandi, Baldur KE, stendur meðal annars við stíginn.

# Nýr göngustígur

Nýr göngustígur verður formlega tekinn í notkun á laugardaginn. Stígurinn liggur frá smábátahöfninni í Gróf meðfram strandlengjunni að Stapa í Innri-Njarðvík. Gönguleiðin verður opnuð með sögugöngu kl. 11 á laugardagsmorguninn.

Gönguleiðin liggur meðfram nýjum sjóvarnagarði sem lagður hefur verið í Reykjanesbæ og hefur hún verið upplýst að stórum hluta. Á gönguleiðinni hefur verið komið upp skiltum með upplýsingum um fuglalíf við sjávarströndina sem og sögukortum. Gönguleiðin, sem verður hátt í 10 kílómetrar að lengd þegar henni hefur endanlega verið lokið, hefur enn ekki hlotið nafn en niðurstaða í hugmyndasamkeppni meðal bæjarbúa verður kynnt við opnunina.



**● LJÓSLISTAVERK VIÐ ÆGISGARÐ** Á fimmtudagskvöldið kl. 20.30 verður ljósalistaverk eftir Guðmund Rúnar Lúðvíksson afhjúpað við Ægisgarð en verkið er tólf metra langt og myndar eins konar vatnsbragga. Þannig ganga átján bunur í boga út í sjó og hægt er að ganga inn í hann en með lýsingunni myndast fallegir regnbogar. Bragginn snýr út að Reykjavík en Guðmundur stendur ekki aðeins fyrir listaverkinu heldur byrja tónleikar strax á eftir í Svarta Pakkhúsinu. Þar munu um fjörutíu manns koma að tónleikunum í eins konar sígaunauppsetningu. Öll tónlist er frumsamin og ný eftir Guðmund Rúnar sjálfan. *-jma*



Upphafsmaður Ljósanætur og hótelstjóri Hótel Keflavíkur, Steinþór Jónsson, segir Ljósanótt orðna að annarri stærstu hátíð landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sameinar stórfjölskyldur

**Steinþór Jónsson, upphafsmaður og formaður Ljósanæturnefndar, hefur fylgt Ljósahátíð úr garði í öll þau ár sem hátíðin hefur verið haldin, en í ár er tíunda hátíðarárið.**

Ljósanótt stendur í fjóra daga, í stað eins, og fjörutíu þúsund manns sóttu hana síðast. „Upphaf Ljósanætur tengist vígslu á klettaveggslýsingu á Berginu sem í dag býður gesti Reykjanesbæjar velkomna," segir Steinþór.

Segja má að það hafi verið með gleraugum hótelstjórans sem Steinþór sá fyrir sér hvernig aðkoma að bænum gæti orðið mun skemmtilegri, en hann var og er hótelstjóri Hótel Keflavíkur. Eftir að hafa melt hugmyndina í um eitt og hálft ár kom hann henni í framkvæmd með hjálp ítalskra ljósahönnuða og árið 2000 stóð hann um miðja nótt hinum megin við Keflavíkurvíkina, með farsíma í hendi, og leiðbeindi ljósameisturum úr fjarlægð.

Steinþór viðurkennir að hann hafi fengið vægt sjokk þarna um nóttina þegar verið var að stilla kastarana – sem vísuðu fyrst þvers og kruss. „Þessi fína mynd komst hins vegar á þetta og í dag nýtum við upplýst Bergið í kynningu á bæjarfélaginu. Þá var næsta verk að vígja lýsinguna og út frá því kom Ljósanóttin."

Eins og flestir vita gekk Ljósanótt vonum framar og flugeldasýningin sem Björgunarsveit Suðurnesja hefur alltaf séð um endurkastaðist í sjónum og setti punktinn yfir i-ið.

„Bæjarbúar tóku hátíðinni afskaplega vel og það er þeim að þakka fyrst og fremst, ásamt því frábæra fólki sem unnið hefur í Ljósanæturnefnd, hve vel þetta hefur allt saman tekist en Ljósanótt er önnur stærsta bæjarhátíðin á Íslandi í dag. Við byrjuðum á því að fá 10.000 manns á hátíðina og á síðustu hátíð voru gestir orðnir 40.000," segir Steinþór en margar fjölskyldur eru farnar að nota Ljósanóttina sem tilefni til að hittast og eiga glaða stund saman þetta kvöld.

„Dagskráin er löng og erfitt að telja upp það sem í boði er en sem dæmi má nefna að á svæðinu er ótrúlegur fjöldi myndlistarsýninga og það er orðinn fastur liður að hátíðin sé notuð til að vígja stærri verk. Þannig er það orðið að frasa að eitthvað verði að klárast fyrir Ljósanótt – jafnvel að parkettleggja áður en stórfjölskyldan kemur í bæinn." Að þessu sinni verður göngustígur frá Berginu út í Stapa kláraður. Einnig verður bæjarklukka sett upp á Hafnargötunni. „Það hefur verið heiður að fá að stýra þessu verkefni og vinna með bæjarbúum í að gera góðan bæ betri. Ljósanótt hefur sameinað bæjarbúa." *-jma*

# Öll lögin á einum diski

Í tilefni af tíu ára afmæli Ljósanætur er kominn út diskur með öllum lögunum sem hafa unnið Ljósalagskeppnina frá upphafi. Hann heitir einfaldlega Ljósalögin frá 2002 til 2009 og Geimsteinn gefur hann út.

Ég sá ljósið eftir Rúnar Júlíusson er meðal laga á nýja diskinum. Það er ljósalag ársins að þessu sinni, sungið af Sigurði Guðmundssyni, söngvara og orgelleikara Hjálma. Lagið kom fyrst út á sólóplötu Rúnars 1976 og Baldur, sonur hans, kveðst muna vel eftir útgáfu hennar. „Ég var að pakka inn plötum og senda í póstkröfu út um allt land," rifjar hann upp.



Baldur Guðmundsson í Geimsteini, elstu plötuútgáfu landsins, Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi Reykjanesbæjar, og Steinþór Jónsson, formaður Ljósanæturnefndar.

Keppnin um Ljósalagið var fyrst haldin árið 2002 þar sem leitað var eftir einkennislagi Ljósanætur og sigraði Ásmundur Valgeirsson þá með lagið „Velkomin á Ljósanótt". Lagið hefur síðan verið flutt við setningu Ljósanætur ár hvert. Síðan þá hefur keppnin verið haldin í ýmsum myndum og mörg góð lög litið dagsins ljós svo sem „Ljóssins englar" eftir Magnús Kjartansson og „Ástfangin" eftir Védísi Hervöru. Árið 2007 var engin keppni haldin en Jóhann Helgason fenginn til að semja Ljósalag og fékk það nafnið „Ó, Keflavík".

Í ár var tekin sú ákvörðun að heiðra minningu Rúnars Júlíussonar með því að velja lag úr hans safni sem Ljósalag ársins en Rúnar var Listamaður Reykjanesbæjar síðustu æviár sín. Lokalag þessa disks er „Gamli bærinn minn" eftir Gunnar Þórðarson og Þorstein Eggertsson sem reglulega hefur verið flutt við lok stórglæsilegrar flugeldasýningar Ljósanætur.

Diskurinn verður til sölu í tjaldi körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur á hátíðarsvæði. *- gun*

# Frá hugmynd á markað á 3 sólarhringum

## Prófessor Kaj Mickos
## Fyrirlestur og vinnustofa á Ásbrú
## laugardaginn 5. september kl. 11.00
## Aðgangur ókeypis

Er hægt að komast frá óljósri hugmynd að vöru sem er markaðsfær á aðeins þremur dögum?
Er hægt að skila framúrskarandi vinnu án þess að gera kraftaverk?
Er hægt að kenna Íslendingum að vinna saman í liði?
Er hægt að klára verkefni án fjármagns?

Skráning á fyrirlesturinn og vinnustofu fer fram á www.asbru.is.

Keilir Atlantic Center of Excellence

KVENN

Kadeco

Royal Natural Snack



ÁSBRÚ

Samfélag frumkvöðla,fræða og atvinnulífs

www.asbru.is

MENNTUN | NÝSKÖPUN | HEILSA | ORKA | LÍFSGÆÐI | SAMGÖNGUR



Einar, Bob Murray, Sigurður og Gulli Helga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Léttir undir með landsmönnum

Kaninn er kominn í loftið – með íslensku tali. Sendur út frá Offiseraklúbbnum á 619 West Avenue sem heitir reyndar Grænásbraut í dag. Áherslan verður á hvatningu og jákvæðni að sögn útvarpsstjórans Einars Bárðarsonar.

Tveir heiðursgestir opnuðu útvarpsstöðina Kanann í gærmorgun eftir staðgóðan amerískan morgunverð í boði hússins. Þetta voru Sigurður Jónsson og Bob Murray sem störfuðu í áratugi hjá AFRTS, sjónvarps- og útvarpsstöð bandaríska hersins. Rödd Gulla Helga fór fyrst í loftið, eða Gunnlaugs Helgasonar eins og hann heitir fullu nafni. „Hann er aðalmaðurinn," segir Einar Bárðar, sem er samt sjálfur útvarpsstjórinn, eða Páll Magnússon Kanans. „Það er ekki leiðum að líkjast, nema ég á ekki jafn flott safn af bindum. Það hlýtur að koma með árunum," segir hann hress.

Kaninn mun senda út allan sólarhringinn á bylgjulengdunum 91,9 á höfuðborgarsvæðinu, 92,9 á Suðurlandi og 93,9 á Eyjafjarðarsvæðinu. „80-85 prósent af landsmönnum eiga að geta náð okkur gegnum loftnet og öll heimsbyggðin á www.kaninn.is," segir Einar og tekur fram að gott skap verði aðalsmerki starfsfólksins. „Markmiðið er að létta undir með landsmönnum," segir hann. „Við ætlum ekki að garfa mikið í þjóðfélagsumræðunni en þegar við rýnum í samfélagið þá verður það gert með báðum höndum."



**● ROKKHEIMUR RÚNARS JÚLÍUSSONAR**

Nú á föstudaginn verður opnað í tengslum við Ljósanótt Rokksafn Rúnars Júlíussonar á heimili rokkarans heitins, Skúlavegi 12 í Keflavík. Á safninu gætir ýmissa grasa og eru þar tugir hljóðfæra sem voru í hans eigu, fatnaður frá fyrri tíð sem og alls kyns munir en Rúnar var mikill safnari og þekktur fyrir að henda engu. Safnið hefur verið fjóra mánuði í bígerð og mikil tilhlökkun fyrir opnun þess en einnig verður opið inn í hljóðverið sem Rúnar notaði og þar er heill heimur út af fyrir sig.

# Söguspor í samfélagið

**Hefð er komin á að setja niður skjöld í gangstétt Hafnargötunnar í Keflavík á ljósanótt. Hann er minnisvarði um persónu, fyrirtæki eða félagsskap sem markað hefur söguspor í samfélagið. Nú er það Völlurinn sem hlýtur þann heiður.**



Sigrún Ásta og Steinþór Jónsson eru prímusmótorar í söguspori og sýningunni Vellinum sem verður í Duushúsum næstu tvö árin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Hljómaskjöldurinn var fyrsta sögusporið sem sett var niður. Einu sinni vorum með gestaspor til heiðurs Clint Eastwood sem hafði dvalið hér við tökur á myndinni sinni Flags of Our Fathers. Við settum það fyrir framan bíóið," útskýrir Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar. Skjöldurinn í ár er tileinkaður vinnuframlagi Íslendinga á Keflavíkurflugvelli og honum hefur verið valinn staður utan við Duushús. „Við hugsuðum mikið um hvort við ættum að fara með sögusporið út á vallarsvæðið en þá væri það komið úr tengslum við öll hin sporin sem eru við Hafnargötuna," segir Sigrún.

Sigrún hefur sett upp sýninguna Völlurinn í Duushúsum sem fjallar um veru varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli frá sjónarhóli heimamanna.

Um þúsund Íslendingar unnu hjá Varnarliðinu og annar eins fjöldi hjá Íslenskum aðalverktökum og Sigrún Ásta segir sýninguna varpa ljósi á sögu vinnustaðarins, frekar en hernaðarbröltssöguna. „Við erum með viðtöl við hátt í þrjátíu manns sem unnu hjá Varnarliðinu við ansi sérstakar aðstæður. Sumt af því fólki var með langan starfsaldur þó að mikil hreyfing væri í yfirmannahringnum því Ameríkanarnir stoppuðu yfirleitt stutt við.

Svo söfnuðum við munum í þeim byggingum á Vellinum sem við máttum fara inn í. Fundum helling, bæði húsgögn og smádót. Við vorum líka svo heppin að akkúrat þegar við byrjuðum að huga að sýningunni var verið að taka niður girðinguna hjá aðalhliðinu svo við erum með bút af henni. Náðum þar sögulegum minjum áður en þær fóru í endurvinnslu." *- gun*




Minningarbrot úr Messanum þar sem bandarískar vörur voru í fyrirrúmi.



Gömlu húsgögnin á skrifstofunum voru úr stáli og sköpuðu sérstakan andblæ.


Fyrsta sinnar tegundar




Heyrnarþjónustan HEYRN

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is

Tímapantanir 534 9600


# Þekking, orka og tækifæri á Reykjanes 2009

Sýningin Reykjanes 2009 verður haldin í Íþróttaakademíunni í Reykjanesbæ dagana 4. til 6. september í tengslum við tíu ára afmæli Ljósanætur. Sýningin er haldin undir yfirskriftinni „þekking, orka, tækifæri" og þar verður kynnt margt það helsta sem Reykjanes hefur upp á að bjóða í atvinnulífi, menningu og þjónustu.

Mörg af stærstu fyrirtækjum á svæðinu munu kynna starfsemi sína og þjónustu. Til dæmis Bláa lónið, Geysi Green Energy, Háskólavelli, HS Orku, KADECO – Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Keili, Norðurál og Sparisjóðinn í Keflavík.

Sýningin verður opnuð föstudaginn 4. september og megináhersla lögð á dagskrá fyrir fagaðila þann daginn. Almenningur verður boðinn velkominn alla sýningardagana og er aðgangur ókeypis. Auk kynninga á því sem helstu fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Reykjanesi hafa upp á að bjóða verða skemmtiatriði í tengslum við Ljósanótt. Sent verður beint út frá sýningunni á útvarpsstöðinni Bylgjunni föstudag og laugardag. Nánar má fræðast um sýninguna á www.reykjanes2009.is.



Íþróttaakademían í Reykjanesbæ.

SPARISJÓÐURINN
í Keflavík

REYKJANES 2009

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

VÍFILFELL · GEYSIR GREEN ENERGY · BLUE LAGOON ICELAND · Keilir · netto · Kadeco · NORÐURÁL

*10 ára afmælishátíð*

# Ljósanótt

*– Reykjanesbær 2009*

**Velkomin á björtustu fjölskylduhátíð landsins**

Ljósanótt, menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar verður haldin í 10. sinn **dagana 3. - 6. september.**

Listsýningar og uppákomur • Fjölbreytt barnadagskrá • Árgangagangan • Sagnakvöld og sögugöngur • Harmonikkuball • Kjötsúpa • Skessan í hellinum.

**Skemmtileg kvölddagskrá:**

Ljósanætursvíta og tónlistarsveifla: Björgvin Halldórsson, Eiríkur Hauksson, Einar Júlíusson, Erna Hrönn og Jóhann Helga. Buff, Páll Óskar, Lísa, Hrókar, Pakkið í Pakkhúsinu, Klassart, Deep Jimi & The Zep Creams og GCD.
Bein útsending á Rás 2 frá tónlistardagskrá á föstudeginum.

**Sýningin Reykjanes 2009: Þekking, orka, tækifæri**

reykjanes2009.is

**Bjartasta flugeldasýning landsins!**

*Láttu sjá þig!*



*ljosanott.is*



Í lok tónlistardagskrárinnar Ljósanætursvítu verður spilað ljósanæturlagið sem Rúnar Júlíusson samdi árið 1974. Hér er Rúnar heitinn í góðra manna hópi á Ljósanótt í fyrra.

# Tónlistardagskráin tileinkuð Suðurnesjum

Einvalalið tónlistarmanna á borð við Björgvin Halldórsson, Eirík Hauksson, Einar Júlíusson og Ernu Hrönn kemur fram undir dagskrárliðnum Ljósanætursvítan á laugardagskvöldið á Ljósanótt. Þar verður sungin og spiluð tónlist sem upprunnin er á Reykjanesi. Bítlaæðið á Íslandi má enda að miklu leyti rekja til Keflavíkur í byrjun sjöunda áratugarins. Þá spruttu fram margar hljómsveitir og tónlistarmenn sem áttu eftir að marka djúp spor í tónlistarsöguna. Hljómar, Óðmenn, Trúbrot, Júdas og fleiri hljómsveitir gerðu garðinn frægan á meðan þær störfuðu en það sem mest er um vert er sá tónlistararfur sem lagahöfundar af Suðurnesjum hafa byggt upp.

Á Ljósanætursvítunni verður spiluð tónlist eftir tónsmiði á borð við Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson, Jóhann G. Jóhannsson, Þóri Baldursson, Magnús Þór Sigmundsson og Jóhann Helgason. Að lokum verður síðan flutt ljósalagið í ár, en það var valið úr safni laga eftir Rúnar Júlíusson og heitir „Ég sá ljósið". Lögin eru öll í útsetningu Þóris Baldurssonar.





Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


# Ljósanótt - Dagskrá

**DAGSKRÁ**

**Sýningar um allan bæ**
Fjöldi sýninga verður opinn um allan bæ frá fimmtudegi og standa flestar fram til sunnudags. Einnig verða vinnustofur listamanna opnar um helgina. Sjá nánar á vef Ljósanætur. Almennur opnunartími: fimmtudagur 17-20, föstudagur 13-20, laugardagur 13-22, sunnudagur 13-17. *Breytilegt eftir sýningum

**FIMMTUDAGUR 3. SEPTEMBER**

**10.30** Setning Ljósanætur við Myllubakkaskóla.

**13.00** Púttmót á Mánaflöt í boði Toyota Reykjanesbæ.

**13.00** Vígsla klukku á hringtorgi Aðalgötu og Hafnargötu.

**13.00-15.30** Ljósagleði á Hæfingarstöðinni, Hafnargötu 90.

**17.00** Hraðmót. Meistaraflokkur kvenna í Njarðvík, Íþróttamiðstöðinni í Njarðvík. www.umfn.is

**18.00** Leyfið börnunum að koma til mín, Keflavíkurkirkja.
Opnun sýningar – Talendurnar leika.

**18.30** Opnun ljósmyndasýningar í Kjarna. Byggðasafnið og Ljósop. Eyrnakonfekt leikur.

**19.00-22.00** Reykjanes Cup International 2009. Meistaraflokkur karla í körfu Staðsetning: Njarðvík, Grindavík og íþróttahúsið við Sunnubraut. www.keflavik.is.

**20.00** Tónleikar unga fólksins í Frumleikhúsinu. Í boði Landsbankans.

**20.00** Sagnakvöld á Nesvöllum.

**20.00** Prjónakaffi – stofnfundur í Gallerí Björg, Hafnargötu 2.

**20.45** Ljós og vatn. Ljósa- og vatnslistaverk GRL við Ægisgötu.

**21.00** Pakkið í Pakkhúsinu. Vinnustofutónleikar, Hafnargötu 2.

**21.30** Víkingabrenna og berserkjablys í Víkingaheimum.

**FÖSTUDAGUR 4. SEPTEMBER**

**13.00 - 17.00** Ratleikur í bátasal Duushúsa fyrir alla fjölskylduna

**15.30** Sjósund ÍRB frá Íslendingi til skessunnar - áheit

**16.00 - 18.00** Sæþotufélagið Kefjet býður krakkarúnt á sæþotum í Gróf

**17.00** Opnun sýningar. Líbía og Ólafur/SuðSuðvestur Hafnargötu 22

**17.00 - 20.00** Rokkheimur Rúnars Júlíussonar – formleg opnun. Staðsetning. Skólavegur 12

**17.00 - 20.00** Sýningin Reykjanes 2009 opnuð. Þekking, orka, tækifæri. Staðsetning. Íþróttaakademían Menntavegi 1/www.reykjanes2009.is.

**18.00** Opnun í Listasafni. Flökkuæðar - Loftfar/Vessels. Inga Þórey Jóhannsdóttir

**18.00** Opnun sýningar á verkum Eggerts Guðmundssonar í Bíósal

**18.00** Sterkasti maður Suðurnesja - Kraftkeppni Massa

**18.00** Ljósanæturpílumót - Pílukastfélag Reykjanesbæjar

**18.15** Ísland er land þitt – frumsýning í boði Sambíóanna

**19.00 - 23.00** Fjölskylduskemmtun á stóra sviði í boði Nettó

**Skólamatur.is** býður upp á hina árlegu og hressandi kjötsúpu við aðalsvið Ljósanætur frá kl. 19.00 og fram á kvöld.

**Ljós um nótt.** Barnasöngleikur í umsjón Keflavíkurkirkju. Söngleikur með lögum eftir Arnór Vilbergsson, organista í Keflavíkurkirkju. Leikendur koma úr starfsliði kirkjunnar. Söguefnið er ljósið og hvernig það getur logað á ýmsum stöðum í lífi og umhverfi.

**Hrókar, Pakkið í Pakkhúsinu,**



**Klassart, Deep Jimi & The Zep Creams, Lifun og GCD.**

**20.00** Hnefaleikafélag Reykjaness - Hnefaleikakeppni í gömlu sundhöllinni.

**20.00** Harmonikkuball á Nesvöllum - Félag harmonikkuunnenda.

**LAUGARDAGUR 5. SEPTEMBER**

**09.30** Reykjanesmaraþon Lífsstíls í samvinnu við Sparisjóðinn í Keflavík.

**Ræsing.** Vatnaveröld – sundmiðstöð, Sunnubraut 31.

**10.00-15.00** Ljósanæturflugkoma Flugmódelfélags Suðurnesja. Staðsetning: Arnarvöllur við Seltjörn.

**11.00** Ljósanæturskákmót Skákfélags Reykjanesbæjar á Nesvöllum.

**11.00** Söguganga – opnun nýrrar gönguleiðar. Gengið frá Stekkjarhamri, Ytri-Njarðvík að Gróf.

**11.00** Komdu hugmyndinni á markað. Orku- og tækniskóli Keilis.

**11.00-12.30** Sýningarakstur barna á mótorkrosshjólum í Gróf.

**12.00-18.00** Sýningin Reykjanes 2009. Þekking, orka, tækifæri!

**12.00-18.00** Brjáluð bílskúrssala í gamla bænum. Vallargata 22.

**13.00-17.00** Afmælissýning á slökkvistöðinni.

**13.00-18.00** Námsmannaíbúðir til sýnis á Ásbrú.

**13.00** Ratleikur í bátasafni Duushúsa.

**13.00-18.00** Tónlistarsyrpa í Duushúsum.

**13.30** Árgangaganga . Allir velkomnir – bæði íbúar og gestir!
Árgangaganga leggur af stað frá Hafnargötu. Gangan markar upphaf hátíðarhaldanna og endar við stóra sviðið við Ægisgötu þar sem bæjarstjóri ávarpar gesti.

**14.00 Hátíðardagskrá á stóra sviði**
Kynnir: Guðný Kristjánsdóttir
Ávarp bæjarstjóra, Árna Sigfússonar
Bryn-Ballett Bollywood atriði
Léttsveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Bryn-ballet Akademía. Ungmenni og börn sýna dans
Börn frá pólska menningarfélaginu syngja og dansa
Bugsy Malone, nemendur Njarðvíkurskóla
Leikfélagið með atriði
Harmonikkuunnendur
Götuleikhús Vodafone: Sirkus, eldblástur og leikarar verða á hátíðarsvæði
Gleðijóga og fleira skemmtilegt.

**14.00-16.00** Stökkkeppni smábíla – Smábílaklúbbur Íslands

**14.00 - 17.00** Sigríður Klingenberg spáir á Cafe Keflavík.

**14.30** Iceland Fashion Show við smábátahöfnina í Gróf.
Ungir hönnuðir sýna verk sín. Fjölbreytt dagskrá. sjá nánar: www.icelandfashionweek.is.

**14.30** Sterkasti maður Suðurnesja – keppnin heldur áfram á hátíðarsvæði.

**14.30 - 16.30** Skessan býður börnum í lummur í helli sínum í Gróf.

**15.00** Ljósanæturbriddsmót Hafnargötu 57.

**15.00** Bílalest glæsivagna og hjóla
Bílalest Fornbílaklúbbsins ásamt bifhjólum ekur niður Hafnargötu við upphaf hátíðarhalda. Þátt taka Bílaklúbburinn Krúser, Fornbílaklúbbur Íslands, Íslenski Mustang klúbburinn og Ernir bifhjólaklúbbur. Lestin endar för við Duushús og verða bílarnir til sýnis á Keflavíkurtúni ásamt bílum 4x4.

**15.00 - 18.00** Kaffi og rjómavöfflur og framtíðarstjörnur á H-inum
Söngatriði ungra nemenda frá Söngskóla Bríetar Sunnu.

**15.30** Söguspor afhjúpað við Duushús.

**20.00 Hátíðardagskrá á stóra sviði**
Kynnir: Einar Bárðarson
Buffið, Lísa, Páll Óskar Hjálmtýsson
„Ljósanætursvíta" lög eftir tónskáld úr bæjarfélaginu í útsetningu Þóris Baldurssonar. Söngvarar: Einar Júlíusson, Erna Hrönn, Eiríkur Hauksson, Björgvin Halldórsson, Kvennakór Suðurnesja, Karlakór Keflavíkur.
Ljósalagið 2009. Ég sá ljósið eftir Rúnar Júlíusson
Flugeldasýning hefst um 22.00 í boði Sparisjóðsins í Keflavík. „Gamli bærinn minn" hljómar yfir hátíðarsvæðið
Buffið leikur eftir flugeldasýninguna.

**23.30** Miðnæturmessa í Keflavíkurkirkju

# tíu ára afmælishátíðar

**SUNNUDAGUR 6. SEPTEMBER**

**09.00** Opið golfmót í Leiru í boði Hótels Keflavíkur.

**11.00** Söguganga um gamla varnarsvæðið – Ásbrú.

**12.00-14.00** Fjölskylduhátíð Keflavíkurkirkju.

**13.00-17.00** Opið hús hjá Pílukastfélagi Reykjaness. Staðsetning: Hrannargata 6.

**14.00** Fjölskyldutónleikar á vegum gospelkrakka Hjálpræðishersins í Duushúsum.

**16.00** Hátíðartónleikar – Íslandsbanki og Nettó. Staðsetning: Salur Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

**Kórar svæðisins** og einsöngvarar flytja lög og atriði úr söngleikjum og óperum m.a. úr Jesus Christ Superstar, Fiðlaranum á þakinu, My Fair Lady og La boheme. Söngvarar: Valdimar Haukur Hilmarsson barítón, Bragi Jónsson bassi, Rúnar Guðmundsson tenór, Jóhann Smári Sævarsson bassi, Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran, Dagný Jónsdóttir sópran, Jelena Raschke sópran, Elmar Þór Hauksson tenór, Karlakór Keflavíkur, Kvennakór Suðurnesja, Kór Keflavíkurkirkju, Orfeus. Hljómsveitir: Talenturnar. Hanna Björg Konráðsdóttir, Birna Rúnarsdóttir, Sólmundur Friðriksson, Kristján Jóhannsson og Sigrún Gróa Magnúsdóttir. Léttsveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Stjórnandi er Arnór Vilbergsson.

*Sjá nánari upplýsingar um dagskrá Ljósanætur á ljosanott.is. Þar er einnig hægt að fá dagskrána í símann í samstarfi við Ými mobile guide.*

*Veittar verða upplýsingar um Ljósanótt á sýningunni Reykjanes 2009 í Akademíunni, Menntavegi 1.*

*Ljósanótt er menningar- og fjölskylduhátíð og eru foreldrar hvattir til þess að njóta hátíðarinnar með börnum sínum. Minnt er á útivistartíma barna.*

***Góða skemmtun!***



## SÝNINGAR

**SÝNINGAR Í DUUSHÚSUM**

**Duusgötu 2 - 8**

**Opið:** fimmtudag 13 - 17, föstudag 11 - 17, laugardag 12 - 19, sunnudag 13 - 18.

**Flökkuæðar - Loftfar/Vessels - Inga Þórey Jóhannsdóttir í listasal**

Farangur og farartæki er helsti efniviður Ingu Þóreyjar sem í verkum sínum leitar að svæðinu milli svefns og vöku, þess augljósa og þess sem er óaðgengilegt. Sýningin samanstendur af þrívíðum málverkum, máluðum skúlptúrum, hljóð- og ljósaverki sem stillt er upp þannig að úr verður nokkurs konar umferðarmiðstöð. Sýningin stendur til 18. október.

**Verk Eggerts Guðmundssonar í bíósal**

Verkin á sýningunni eru fjölbreytt að efnisvali: olíuverk, teikningar o.fl. en verkin eiga það sammerkt að flest þeirra eru í eigu bæjarbúa sjálfra. Eggert Guðmundsson var fæddur í Stapakoti í Innri-Njarðvík, árið 1906. Eggert var vinsæll málari og hélt fjölda sýninga bæði hér á Íslandi og erlendis. Sýningin í Duushúsum mun standa til 27. september.

**Völlurinn** - sýning um starfsemi bandarísku herstöðvarinnar og þau áhrif sem hún hafði sem vinnustaður og nágranni á byggðarlögin í kring.

**Bátasafn Gríms Karlssonar**

**Norðurljós á Ljósanótt** - ljósmyndir Olgeirs Andréssonar í anddyri Duushúsa.

**Leyfið börnunum að koma til mín** - Keflavíkurkirkja. Myndlistarsýning listamanna úr Reykjanesbæ fjallar um textann í MK 10.13-16 sem jafnan er lesinn við skírn. Málverkin verða til sölu og rennur hluti andvirðisins til æskulýðsstarfs við Keflavíkurkirkju.

**Libia og Ólafur í Suðsuðvestur, Hafnargötu 22**

Libia Castro og Ólafur Ólafsson sýna myndbandsverkið Caregivers (2008) sem þau unnu fyrir Evrópu-tvíæringinn Manifesta 7 sem haldinn var á Norður-Ítalíu á síðasta ári. Sýningin mun standa til 11. október.

**SÝNINGAR Í GRÓFINNI 8**

**40 ára afmælissýning** myndlistarmanna

**Listasafn Erlings Jónssonar** - Skúlptúrar og lágmyndir

**Steinunn Guðnadóttir** hönnuður - Vörur úr leðri með fiskroði.

**Rut Ingólfsdóttir**, keramiker - Gifsverk – Gúbbar

**Halla Har** - Listakona

**Árni Jakob** sýnir



**● ÁRGANGAR GANGA SAMAN**

Dagskrá Ljósanætur nær hápunkti sínum á laugardaginn og hefst með árgangagöngunni á Hafnargötunni. Þar hittast árgangar við sitt húsnúmer á Hafnargötunni. Þannig hittast þeir sem eru fæddir árið 1950 við Hafnargötu 50 og svo framvegis. Árgangagangan hefst frá Hafnargötu 88 þar sem yngstu þátttakendurnir eru og gengur sem leið liggur niður Hafnargötuna í átt að hátíðarsvæði. Við lok göngunnar raða þátttakendur sér upp fyrir framan stóra sviðið þar sem Árni Sigfússon bæjarstjóri setur dagskrána og við tekur óvænt skemmtiatriði. Árgangagangan er skemmtilegur viðburður á ljósanótt og tilvalin fyrir árganga að hittast - oft verða fagnaðarfundir. Gangan er opin öllum, bæði innfluttum og gestum á hátíðinni. Í ár er heiðursárgangurinn 1959 sem ætlar að fjölmenna og halda upp á 50 árin með stæl í göngunni.





FRUMKVÖÐLANÁM

Frumkvöðlanámið er öflug blanda hagnýtra námsgreina og vinnu við þróun viðskiptahugmyndar undir handleiðslu færustu sérfræðinga. Nemendur útskrifast með gráðuna PDE (Professional Diploma in Entrepreneurship).

Kennsla fer fram í Eldey, frumkvöðla- og orkusetri en þar hafa nemendur aðgang að rannsóknar- og skrifstofuaðstöðu, fundarherbergjum, kaffistofu og gagnasmiðju innan um frumkvöðla og sprotafyrirtæki á vegum NMÍ.

Auk námskeiða veita sérfræðingar og vísindamenn frá HÍ og NMÍ nemendum aðstoð og ráðgjöf við vinnslu viðskiptaáætlunar, fjármögnunar, styrkumsókna, stofnunar og reksturs fyrirtækja.

Nemendur hafa einnig aðgang að þjónustu náms- og starfsráðgjafa og upplýsingafræðings á bókasafni Keilis.

Frumkvöðlanámið hjá Keili er einstaklingsmiðað tveggja anna nám. Námið hentar bæði þeim sem eru í vinnu og þeim sem vilja helga sig þróun viðskiptahugmyndar sinnar.

Námskeiðin eru kennd í lotum sem eru að jafnaði frá fimmtudegi til laugardags á tveggja vikna fresti. Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN) veitir lán fyrir skólagjöldum og framfærslu eftir reglum sjóðsins og framvindu nemenda.

**Tökum enn við umsóknum!**

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

ÁSBRÚ - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

# Íþróttaakademían í Reykjanesbæ 4.-6. september

VELKOMIN Á SÝNINGUNA!

REYKJANES 2009

ÞEKKING
ORKA
TÆKIFÆRI

## Á sýningunni Reykjanesi 2009 kynna mörg af helstu fyrirtækjum og stofnunum á Reykjanesi starfsemi sína, vörur og þjónustu.

Komdu á glæsilega sýningu og kynntu þér það nýjasta í uppbyggingu atvinnulífsins á Reykjanesi.



FRÍR AÐGANGUR ALLA HELGINA!

**OPNUNARTÍMI:**

4. sept. kl. 17:00 – 20:00
5. sept. kl. 12:00 – 18:00
6. sept. kl. 12:00 – 18:00

www.reykjanes2009.is

### SÝNENDUR

BLÁA LÓNIÐ
BLÁI HERINN
EFLA
EIGNAMIÐLUN SUÐURNESJA
ENJO
FAGSÝNINGAR
GAGNAVARSLAN
GALLERÍ HJÁ TÓTU
GEYSIR GREEN ENERGY
HÁSKÓLAVELLIR
HBT
HÓTEL KEFLAVÍK
HS ORKA
HÚSANES
ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ
JOJA
KADECO
KANINN
KEILIR
LOGY
MANNVIT
MARKAÐSSTOFA SUÐURNESJA
MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR
NANA - GUÐBJÖRG JÓNA
NORÐURÁL
OFFICERAKLÚBBURINN
ORF LÍFTÆKNI
ÓLI PRIK
RAVEN DESIGN
REYKJANESBÆR
- REYKJANESHÖFN
- VATNAVERÖLD - FJÖLSKYLDUSUNDLAUG
- DUUSHÚS - LISTA OG MENNINGARMIÐSTÖÐ REYKJANESBÆJAR
- BYGGÐASAFN REYKJANESBÆJAR
- SKESSAN Í HELLINUM

SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM
SAMVINNA
SECURITAS
SOLIMANNS
SPARISJÓÐURINN Í KEFLAVÍK
SVEITARFÉLAGIÐ GARÐUR
- KVENFÉLAGIÐ GEFN
- NESFISKUR
- GUÐMUNDUR MAGNÚSSON KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR

URTASMIÐJAN
VERKFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA
VILLIMEY
VÖKVATENGI
ÝMIR MOBILE

PORT hönnun

SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA.

KYNNTU ÞÉR REYKJANES 2009!

www.reykjanes2009.is







SKIPULEGGJENDUR: REYKJANESBÆR reykjanesbaer.is; AP ALMANNATENGSL

SAMSTARFSAÐILAR: BLUE LAGOON ICELAND; GEYSIR GREEN ENERGY; Háskólavellir; HS ORKA HF; Kadeco; Keilir Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs; NORÐURÁL; SPARISJÓÐURINN



**AGV hjálmar**
opnanlegu agv Longway hjálmarnir komnir aftur Hagkaup Garðabæ 563 5000

Ford Escort 1,6 árg. '97 ek. 132 þús., nýsk. '10, ný tímareim og legur. V. 170 þús. S. 697 4767.

Toyota Carrina E. Árg. '97. Sjálfsk. 2 ný dekk. Nýlegt púströr. Ek 190 þús. V. 250 þús. S. 849 0499.

Volvo V40 station. Árg '00. Sjálfsk. Ek 192 þús. Uppl í s 866 4919.

## 0-250 þús.

vantar þig Húsbýla, fellhýsa, tjaldvagna, bíla, motorhól eða fjórhjóla geymslu. Erum ódýr tökum inn í byrjun september. upplýsingar í síma 892-2555 Stefán eða 899-0553 Fjóla

Ford Ka árg. '99 ek. 115þ. bsk., CD, verð 135þ. S. 893 8596.

## 500-999 þús.



Pajero 1998. Ek. 130þ. km. Bensín, sjálfsk. leður, skoðaður 2010. Verð 790.000. S: 8446610



Toyota Corolla 2003. Ek.77 þús. 5 gíra. Sk á ódýrari bíl. V 1.090 þús. S 8682712

## 1-2 milljónir



Opel Corsa 2005 ek. 67þús. Verð 1.090.000 Fæst á 100% láni. Uppl í síma 692-2087

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíll á verðbilinu 50-150 þús. Sími 899-9000

**0-200 STAÐGREITT!!!**
Óska eftir bíl á 0-200 þús., helst skoðaðan enn má þarfnast smá lagfæringar. s. 691 9374.

Óska eftir Golf eða Toyotu geng 300 þús. Stgr. Verður að vera í toppstandi. Uppl í s. 517 1718 & 862 6618.

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

Óska e.að kaupa til niðurrifs gamla Peugeot, Daewoo og Merced.Benz bíla. Nánari uppl.í s. 661 2222.

**Vantar ódýrann**
Vantar bíl á verðbilinu 20-120 þús. allar tegundir koma til greina. Má þarfnast lagf. S. 857 9326.

Óska eftir að kaupa bíla sem þarfnast lagfæringa á ca. 20-100þ. S. 896 8568.

## Jeppar



Til sölu Toyota LC 120 árg. '04 Ekinn 106þ. Ssk. og dísel. Fallegur bíll í toppstandi. Uppl. í s. 869 5681.

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Mótorhjól



HUSABERG 450 2/2005 NÝ YFIRFARIÐ, HRIKALEGUR KRAFTUR V 590 TIILB 490ÞÚS S 892 7858.



**Husqvarna TC 250 4 genis**
Er með til sölu 2006 Husqvarna TC 250 4gengis. Gott eintak af hjóli og mjög lítið keyrt. Frekari uppl. veittar í s. 692 7949.




Dual-sport ferðir sem þú getur ekki msst af. Förum nokkrar frábærar helgarferðir á ferðahjólunum í september og október. Lagt af stað á laugardagsmorgni og komið til baka á sunnudag. Mótorhjól, tryggingar, gisting, matur, leiðsögn og fleira innifalið. Þú getur komið á eigin hjóli eða fengið hjól hjá okkur. Verð: kr. 58.000,- eða kr. 28.000,- ef þú kemur á eigin hjóli. Hringdu í okkur í síma 578 7860 eða skoðaðu heimasíðuna okkar www.bluemountain.is

Suzuki GSX 1000, k4. Verð 1millj. eða tilboð. Dodge Stratus RT '02. Verðtilboð. S 692 5980.

## Hjólhýsi



CARAVELAIR Atnares luxe 490 kojuhús.Þetta hús er með kojunum aftast og hjónarúminu fremst,salerni sturtu heittvatn ískapur og fortjald gott hús á góðu verði Sími:866-5156

## Bátar



Til sölu Seadoo GTX limited 4tec árg. 2002 Geggjað tæki í toppstandi, selst með góðum vagni. Tilboð 850þús. pakkinn. Uppl. í síma 892 1419.



Bátur til sölu sk,nr 1396.Tilboð óskast,Uppl, 770-5144.

S.T.K tæki. Comnav útistýri og vinnuflotgalli XL. Uppl. í s. 849 0499.

## Bílar óskast




## Varahlutir




**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Er að rífa Musso 96-04.Musso Sport 04.Isuzu Trooper 99.Landrover Discovery 98.Lanos 00-02.Nubira 02.Cherokee 94.Toy Double Cap 94. Kaupum bíla til niðurrifs.Musso varahlutir Kaplahrauni 9.S.864 0984

**Netpartar-Partasala S. 486 4499 & 486 4477**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla! www.netpartar.is

**VW, Skoda S. 534 1045**
Varahlutir í VW og Skoda bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

## Veislusalir

Leigjum veislusal, með eða án veitinga. Rúmar 120 manns í sæti. S. 896 1250.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn




**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Simi 512 4010. www.vy.is

## Garðyrkja




**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**







Trjáklippingar! Áratuga reynsla, hagstæð verð tímavinna/tilboð Guðlaugur 866 3870.

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

Tökum að okkur alla almenna umhirðu garða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Felli tré, grysja og klippi tré og runna og önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. s. 698 1215.

**Haustklippingar!**
Runnaklippingar, trjáfellingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Málarar geta bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Vöruflutningar

Ódýrari flutningar. Tilboð á sendibílaþjónustu. S. 892 6363 og á www.vefsida.is/skutlari.

## Húsaviðhald

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð.**
**Upplýsingar í síma 899 2420**
**Steingæði ehf.**




**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.




**Húsasmíðameistari**
Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Lögg. rafverktaki getur bætt við sig verkefnum og viðhaldsvinnu. Föst verð eða tilboð. Sumarbústaðir og töfluskipti. S. 693 7141.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Eldhús og baðinnréttingar, parketlagnir, viðhaldsverkefni,mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður 698 9608.

## Stífluþjónusta







## Tölvur

**Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun**
Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet ehf - S. 6152000

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin

## Nudd

**NUDD**
Whole body massage. S. 841 8529.

## Spádómar

**Spásími Daddýar 846 6364.**
**Opið frá kl. 12-24 alla daga.**
**Ekkert mínútugjald Visa/Euro**










Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




## Trésmíði

**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

## Önnur þjónusta

**Fatabreytingar**
**Styttum buxur, skiptum um rennilása á buxum og jökkum, einnig leðurjökkum.**
**Opin mánudag- föstudag frá kl 09 - 17.30.**
**laugardaga 10-14.**
**Sími 552 5540. & 861 4380.**
**Skraddarinn á Horninu, Lindargötu 38.**
**Geymið auglýsinguna.**

Lítil járnsmiðja getur bætt við sig verkefnum. Smíða bæði úr svörtu efni og riðfríu. Uppl. í s. 862 2530.

## Til sölu



**Eldsneytis sparari. Hvirfilstæki í bíla!**
SPARNAÐUR: 7% til +27%* þetta virkar! Meiri Kraftur.VERÐ frá 11.900.-kr. 30 daga skilaréttur. S.K.M ehf. Viðarhöfða 2, V/Stórhöfða. Opið 10:30-19:00 S. 517 8400.

7 blóm myndir, krónur 770.000.000.000.000.000.000.000,00. Krónur. Edda. S: 552 5880.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**

**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**

**Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**

**Verið velkomin**

## Heimilistæki

Til sölu 29 tommu Philipssjónvarpstæki. og tölva og 15" skjár. Uppl. í s. 663 4244.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 34.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 69.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

## Tölvur

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695 2095.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygg-inga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

## Verslun



Skokkur: 7.500kr Nýjar vörur komnar!! Emilía Bláu húsin Faxafeni clamal.is

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Heilsuvörur

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd

Glæsilegt heilnudd. Langar þig í nudd hringdu í s. 662 0841.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - HEILSULIND TILBOÐ KR. 3.500.-**
Heilsunudd 45 mín. Kr. 3.500.-slökunarnudd,svæðanudd, Ayur Veda, hunangsnudd, heitsteina- og jurtanudd, sogskálanudd, allskyns snyrting og fleira. Ekkert sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18. Pantanir í S. 445 5000.

## Námskeið



Viltu læra að hlaupa með minni áreynslu? Smári s. 896.2300 www.smartmotion.org



LEIRKRÚSIN Ný og spennandi námskeið í leirmótun www.leir.is S:555 1809 /661 2179.



Smáskipanámskeið 14/9 - 22/10. Fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið 14/9 - 22/10 fjarnám. Skráning á www.tskoli.is Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

## Kennsla



**Tónskóli Guðmundar**
Innritun í nám á píanó, gítar, harmonikku og þverflautu. Kennsla hefst 7. sept. Tónskóli Guðmundar S: 822 0715 & 567 8150 Hagaseli 15, 109 Rvk.

**NULL**
Píanókennsla fyrir byrjendur og lengra komna. Uppl. í s. 899 3787.

## Ferðaþjónusta

Ferðaþjónustan Lónkot í Skagafirði. Sælkeramatur. Gisting á góðu verði. Uppl. í s. 453 7432.

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

3 herb. íb. til leigu í 101. Laus strax. V.99þús. M/rafm., hita og hússjóð. Netfang: rosalindbjornsdottir@gmail.com

30.fm stúdíóíbúð 59 þús. 10 fm. herbergi frá 29 þús. til leigu í Hfj. Internet, allt innifalið. Uppl. í s. 770 5451.

**101 Rvk Laus fljótlega**
Til leigu 3 herb. 100 fm íbúð á 1. hæð ásamt stæði í bílskýli. Eignin er laus fljótlega. Leiga 130 þús. + hússj. Langtímaleiga. Uppl. í s 511 5005 Telma eða Telma@husin.is

Stórt herb. til leigu í Stórholti, ódýrt, internet, eldhús og þvottahús. S. 899 3749 & 895 8698.

Penthouse all inclusive 101 Rvík 96fm. Glæsileg íbúð með útsýni til allra átta. Leigist með öllu. Laus strax . S.821 1616. Mail. helenah@iex.is

Hugguleg 3ja herb. 55 fm íbúð til leigu í Grunarhverfi á Kjalanesi. Mjög hagstæð leiga. S. 691 2388 & 895 5247.

Til leigu lítil studíóíbúð við Laufásveg, 65þ. á mán. S. 865 5544 & 552 5137.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Stórt og bjart. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 695 1918.

Herbergi við Skólavörðustíg kr 40.000. til 50.000. þvottavél sameiginlegt eldhús WC með sturtu langtímaleiga 2 mánuðir fyrirfram 861 4142 kl 10.00 til 17.00 en ekki á öðrum tímum

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Nemi við H.Í óskar eftir íbúð til leigu með húsgögnum og hundur leyfður. Uppl. 846 9445.

Þriggja manna fjölskylda óskar eftir húsnæði í Vesturbæ Reykjavíkur (101,107). S. 8491995

Óska eftir 3 herb. íbúð í kóp á sv. 200-201 Öruggar greiðslur og fyrirfram gr. ef óskað er. S. 824 7788.

## Sumarbústaðir

Glæsilegt 93 fm lúxus heilsárshús til leigu 11 km norður af Borgarnesi.- upplýsingar í síma 896-0675 eða á http://storaborg.123.is

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 200 fm tveggja hæða atvinnuhúsnæði. Stórar innkeyrsludyr á neðri hæð. Verð 80 þús. per. mán. ATH. Skammtímaleiga. Uppl. í s. 898 8300.

Til leigu atvinnuhúsnæði á góðum stað í Hafnarfirði. 100 til 180 ferm. S. 8224200

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Upphitað og nýstandsett hús á Eyrarbakka. Hreint, þurrt og lyktarlaust. Sömu verð og í fyrra. 10% stgr.afsl. S. 660-1060 & 564-6500

FELLIHÝSI-HJÓLHÝSI-TJALDVAGNAR TÖKUM TIL GEYMSLU FELLIHÝSI, HJÓLHÝSI, TJALDVAGNA OG HÚSBÍLA. ENGIN STÆRÐARTAKMÖRK. LEIGUTÍMI SEPTEMBER TIL 15. MAÍ UPPHITAÐ FYRSTA FLOKKS HÚSNÆÐI Í HJARTA REYKJAVÍKUR. UPPLÝSINGAR Í SÍMUM 544 5466, 893 1162 og 660 4560.

Er með pláss fyrir húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi, báta o.fl. S. 893 1257 & 861 3976.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**Geymsla á farartækjum**
Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, báta ofl. Upphitað húsnæði með sólahrings vakt. Sanngjarnt leiguverð. Leigutímabil frá sept-11. maí. Uppl. í s. 899 0274, Gylfi, eða á www.husbilageymslan.net

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176

Eigum ennþá nokkur upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. báta ofl. í Borgarfirði. Gott verð. Áralöng reynsla. S. 663 2130 eða á magnus1220@ hotmail.com

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN - GÓÐ STAÐSETNING, GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð 950 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## Atvinna í boði

JOLLI

**Söluturninn Jolli Hafnarfirði.**
Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Umsóknareyðublöð á www.umsokn.foodco.is

**Vinsælt veitingahús í hjarta miðbæjarins**
**Óskar eftir matreiðslumanni/ matráð, einnig vanatar aðstoðarfólk í eldhús.**
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „matreiðslumaður"**

Óska eftir vönum kjötafgreiðslumanni sem getur unnið sjálfstætt við kjötborð. Vinnutími 10.30 - 18. virka daga. Upplýsingar Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60. Sími 553 8844.

**Glaumbar**
Óskum eftir hressu fólki í dyravörslu um helgar. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir með mynd sendist á glaumbar@glaumbar.is.

Erótísk nuddstofa óskar eftir stelpum í vinnu, mjög góð laun í boði. Uppl. á : nuddstofa09@gmail.com

Byggingaverkamaður/húsasmiður óskast til starfa á Reykjavíkursvæðinu. S. 893 1696.

Óskum eftir að ráða fólk í fulltstarf og hlutastarf. Einnig vantar okkur í uppvask. Uppl. á staðnum eða á netfang milano@internet.is Kaffi Milano Faxafeni 11.

Ný og fersk blómabúð óskar eftir að ráða Blómaskreyti til starfa. Umsóknir sendist á netfangið sara@ulfurinn.is .

Starfsmaður óskast til þjónustustarfa á veitingahúsi í efribyggðum reykjavíkur. Aðeins kraftmikið, heiðarlegt og stundvíst fólk með mikla þjónustulund kemur til greina. Vinnutími frá 12:00 til 16:00 á kvöldin, 50% starf. Áhugasamir hafi samband í netfangið spice@visir.is.

Starfsmaður óskast í fullt starf eða hlutastarf við Korputorg. S. 618 3080.

Góður stundvís starfskraftur óskast í matvöruverslun. Bílpróf æskilegt. Upplýsingar Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60. Sími 553 8844

Vantar þjóna á vinsælt veitingahús í bænum. Reynsla nauðsynleg. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband á b5@b5.is

**Vantar aðstoðarmann**
í vélsmiðju. Upplýsingar í síma 897 2206.

Söluturninn Allt í einu, Jafnaseli 6, 109 Rvík, óskar eftir hressu og brosmildu starfsfólki í dag- og kvöldvinnu. Ekki yngri en 18 ára. Upplýsingar fást á staðnum og í síma 587-7010.

Meiraprófsbílstjóri óskast til starfa við vörudreifingu. Næturvinna. Reynsla og hreint sakavottorð skilyrði. Umsóknir sendast til atvinna@flutt.is

## Atvinna óskast

Smiður óska eftir vinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 893 5908.

## Viðskiptatækifæri

Miklir tekjumöguleikar. Kíktu á www.vidskipti.com

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

## Atvinna

**Sundþjálfari óskast:**
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík óskar að ráða íþróttakennara/sundþjálfara til sunddeildar félagsins. **Upplýsingar í síma 561-8226 eða 862-8276**
*Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík*

SNÆLAND VIDEO
Þar sem nýju myndirnar fást

**Starfsfólk óskast**
Ert þú 25 ára eða eldri jákvæður, stundvís og glaðvær einstaklingur sem hefur áhuga á að vinna við afgreiðslustörf og telur vaktavinnu vera fyrir þig. Þá vantar okkur aðila eins og þig í okkar lið.
**Upplýsingar gefur Pétur í síma 693-3777 eða petur@snaelandvideo**

Sveitarfélagið ÁLFTANES

**Félagsleg heimaþjónusta**
**Starfsmaður óskast í félagslega heimaþjónustu í Sveitarfélaginu Álftanesi.**
Um er að ræða u.þ.b. 50% starf. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Áhugasamir hafi samband við Guðrúnu Hrefnu Sverrisdóttur yfirfélagsráðgjafa eða Skarphéðin Jónsson forstöðumann í síma 550-2300.
Umsóknir skal senda til: Sveitarfélagið Álftanes, Bjarnastaðir, 225 Álftanes. Einnig má senda umsókn með tölvupósti á netfangið: skarphedinn@alftanes.is
**Umsóknir skal senda fyrir 11. september nk.**

## Fasteignir

**VALHÖLL FASTEIGNASALA**
*Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479*

**Vaðnes Grímsnesi – Lóðir til sölu.**




**Valhöll fasteignasala Síðumúla 27, höfum fengið til einkasölu tvær úrvalslóðir á besta stað við Mosabraut í landi Vaðnes í Grímsnesi.**
Lóðirnar sem eru við Mosabraut 17 ( 7.844,0 m²) og Mosabraut 19 (8.912,0 m²). Hitaveita og rafmagn að lóðamörkum. Vegir tilbúnir. Búið er að byggja upp góða aðstöðu í landi Vaðness í mörg ár fyrir sumarhúsaeigendur.

**Allar nánari upplýsingar gefur sölumaður Valhallar Páll Höskuldsson í síma 864 0500.**

**Ingólfur Gissurarson lgf.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Anna Magnúsdóttir**
Ferjubakka 16, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 24. ágúst. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 4. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á HjartaHeill eða önnur líknarfélög.

**Hafliði Pétursson**
**Arnar Hauksson**
**Vilhelmína Hauksdóttir Þór Ragnarsson**
**Tómas Reynir Hauksson Silja Ketonen**
**Haukur Baldvinsson**
**ömmubörn og langömmubarn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, stjúpfaðir og sonur,*

**Ágúst Björn Hinriksson**
til heimilis að Norðurvangi 34 Hafnarfirði,

sem lést þann 17. ágúst, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 4. september kl. 13.00.

**Margrét Hildur Steingrímsdóttir**
**Örn Ingi Ágústsson Hildur Ársælsdóttir**
**Hinrik Þór Ágústsson Hulda Magnúsdóttir**
**Íris Tinna Margrétardóttir**
**Þorsteinn Bjarni Viðarsson**
**Hinrik V. Jónsson Hulda Magnúsdóttir**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sólveig Vilhjálmsdóttir**
Dvalarheimilinu Kjarnalundi, áður Víðivöllum 4, Akureyri,

sem lést 25. ágúst sl., verður jarðsungin frá Höfðakapellu föstudaginn 4. september kl. 13.30.

**Vilhjálmur Ingi Árnason**
**Tryggvi Árnason Björg S. Skarphéðinsdóttir**
**Ingibjörg Bryndís Árnadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**



†

*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs sonar, föður, stjúpföður og afa,*

**Harðar Barðdal**
Brúnastöðum 17, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum v/Hringbraut 4. ágúst sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki krabbameinsdeildar 11E fyrir frábæra umönnun.

**Sesselja E. Guðnadóttir Barðdal**
**Jóhanna I. Barðdal**
**Sesselja E. Barðdal**
**Bergþóra Fanney Barðdal**
**Þórður V. Oddsson Marta E. Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Þorsteins Hjaltason (Glói)**

lést á dvalarheimilinu Hlíð laugardaginn 29. ágúst. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sigríður Steindórsdóttir**
**Steindór Jónsson Anna Þórný Jónsdóttir**
**Helgi Vigfús Jónsson Ingibjörg Jónasdóttir**
**Lára Magnea Jónsdóttir Ólafur Guðmundsson**
**afabörn og langafabörn.**

**J. R. R. TOLKIEN LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1973.**

*„Huglaus er sá sem kveður þegar vegurinn myrkvast.“*

***Tolkien var breskur rithöfundur og fræðimaður. Hann er þekktastur fyrir skáldsögur sínar Hringadróttinssögu og Hobbitann.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 2. SEPTEMBER ÁRIÐ 1845

## *Gos hefst í Heklu*



Þennan dag árið 1845 hófst Heklugos og stóð það fram á vor árið 1846. Þá voru 77 ár frá síðasta gosi en 102 ár liðu að því næsta.

Hekla er eitt virkasta eldfjall Íslands og hefur hún gosið nítján sinnum á sögulegum tíma, fyrst 1104 og síðast árið 2000 en þá var hægt að spá fyrir um gosið fimmtán mínútum áður en það hófst.

Eldfjallið, sem er í Rangárvallasýslu, er fremur ungt og er meginhluti þess talinn vera yngri en 7.000 ára. Það stendur á fremur þykkri jarðskorpu þar sem Suðurlandsbrotabeltið og Suðurlandsgosbeltið mætast. Þarna er því mikil virkni í jarðskorpunni en spenna er hlaðin í brotbeltinu og undir gosbeltinu liggja kvikuhólf og -þrær.

Fjallið er frábrugðið öðrum íslenskum eldfjöllum að því leyti að kvikuhólf þess er mun dýpra en í öðrum fjöllum, eða á um ellefu kílómetra dýpi í jarðskorpunni.



**SJÚKRAHÚSPRESTUR Í TVO ÁRATUGI** Bragi segir mikilvægt að fólk eigi kost á því að eiga samtal um dauðann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BRAGI SKÚLASON: FLYTUR ERINDIÐ SAMTAL UM DAUÐANN

# Mikill munur á milli kynja

Samtal um dauðann heitir erindi sem Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur heldur við Háskólann í Reykjavík í hádeginu á morgun. Þar leggur hann út frá hliðarrannsókn sem varð til í sambandi við rannsóknarverkefni um ekkla á Íslandi sem hann hefur unnið að síðastliðin ár.

„Ég legg út frá viðtölum mínum við sjúklinga með ólæknandi sjúkdóma annars vegar og við starfsfólk sem annaðist þá hins vegar en með viðtölunum var ég að skoða hvaða þetta fólk var að takast á við,“ segir Bragi, sem hefur starfað sem sjúkrahúsprestur á Landspítalanum í yfir tuttugu ár og meðal annars sinnt krabbameinssjúkum og eftirfylgd við syrgjendur.

Af viðtölum við sjúklinga að dæma segir Bragi mikinn mun á því hvernig kynin takast á við það að standa frammi fyrir dauðanum. „Konur sýna áberandi meira frumkvæði til að fara inn í umræðuna um dauðann en karlmenn þurfa meiri hvatningu. Þegar til þess kemur eru þeir þó ekki fráhverfir umræðunni en þeir virðast síður vita hvernig þeir eigi að opna hana,“ upplýsir Bragi. Hann segir einnig ljóst að fólk sé að takast á við mjög ólíka hluti. „Þeir geta verið tilvistarlegs eðlis en auk þess hafa margir miklar áhyggjur af fjölskyldunni. Sumir láta síðan í ljós ótta við kviksetningu en komi slíkt fyrir er það sett í ákveðinn farveg og farið yfir málið þannig að ekki þurfi að óttast.“ Þá segir Bragi suma hrædda en aðra hlakka til, en hið síðarnefnda á sérstaklega við um þá sem upplifa miklar þjáningar.

Hvað starfsfólk sem vinnur með deyjandi sjúklingum varðar er allur gangur á því hvort það sé búið að gera upp við sig sinn eigin dauða og segir Bragi það hafa komið sér á óvart að það að annast deyjandi sjúklinga getur tengst sterkum faglegum þáttum sem fólk er að skerpa hjá sjálfu sér. En setur það mark sitt á fólk að annast deyjandi? „Já, það er ákveðin áminning um að það sama bíði okkar allra og forgangsröðun í lífi fólks getur orðið fyrir áhrifum.“

Í erindinu á morgun veltir Bragi upp þeirri spurningu hvort líknandi meðferð feli í sér samtal um dauðann. „Cecily Saunders, einn helsti frumkvöðull líknandi meðferðar, lagði upp með mikilvægi þess að vera með sjúklingum sem væru að takast á við eigin yfirvofandi dauða og veita þeim samtal,“ en að sögn Braga benda nýlegar rannsóknir til þess að þetta geri sig ekki nægilega vel þar sem starfsfólkið höndli ekki alltaf þær byrðar. „Það þyrfti því að byggja inn í þjónustuna meiri bakstuðning við starfsfólk en ég hugsa að út úr þessari vinnu komi fræðsluefni,“ segir Bragi.

Fyrirlesturinn, sem er öllum opinn, fer fram í stofu K-5 og hefst klukkan 11.45.

**vera@frettabladid.is**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, amma og langamma,*

**Margrét Þorsteinsdóttir**
Sunnuvegi 11,

lést laugardaginn 29. ágúst á Hrafnistu Hafnarfirði. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 7. september klukkan 13.00.

**Björn Ingvarsson**
**Þorsteinn Björnsson Anna Heiðdal**
**Björn Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**
- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**


ALLT FYRIR
ÞAKIÐ!
TAX FREE!
Síðustu dagar - gildir til 6. september
ÞAKSTÁL- ÞAKPAPPI - ÞAKRENNUR - ÞAKULL - ÞAKSPERRUR -
ÞAKGLUGGAR - ÞAKMÁLNING - ÞAKSAUMUR OG MARGT FLEIRA
Þakpappi
Þakdúkur
Bindiborði
isola
TAX FREE!
Þakrennur
Plastmo
isola
TAX FREE!
Þakstál
Þaksaumur
Þakskrúfur
TAX FREE!
Viðgerðarsett
fyrir lek þök
TAX FREE!
Þakmálning
Ryðvarnargrunnur
JOTUN
Bengalack
DEMI
DEKK
TAX FREE!
Þakull
Rakasperruplast
TAX FREE!
Loftaþiljur frá
BYGMA og
PARADOR
TAX FREE!
Þakkantaefni
(vatnsklæðning)
TAX FREE!
Þaksperrur
48x198
48x223
73x223
og festingar
TAX FREE!
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.
HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál







NOKKUR ORÐ

Kolbrún Björt Sigfúsdóttir

# Vídeó-leigan er komin til að vera

Það hefði líklega verið fáheyrt fyrir nokkru að bruni myndbandaleigu þætti stórslys fyrir íslenska menningu, líkt og bruni Laugarásvídeó gerir nú. Persónulega líkti ég viðburðinum við bruna Árnastofnunar. Mín kynslóð tengir ekki við bækur, sú er allavega alhæfingin. En að sjá safn mynda brenna, hittir okkur í hjartað.

Menningarlegt gildi er áunnið mjög hægt. Hlutir verða verðmætir löngu eftir að þeir fara af markaði, eitthvað verður klassískt af umtali og nostalgíu áratugum síðar. Hvenær og hvernig er erfitt að henda reiður á. Við dauða? Ef um verk poppstjörnu er að ræða, já. Við afrek? Stundum. Við dularfullan stimpil listaelítunnar? Oft. Það er engin nefnd sem kveður á um menningarlegt gildi beint. Menningarlegt gildi er í höndum og hugum fólksins.



Það þykir ekki fínt að halda upp á poppmenningu, poppmenning er lágmenning og verður aldrei klassík. En svo vill verða að sótsvartur almúginn nær sínu fram og það sem hann heldur upp á verður viðfangsefni lærðra greina fræðimanna. Með því staðfesta þeir menningarlegt gildi viðkomandi efnis. En þeir skapa það ekki.

Þegar eitthvað hefur svo fest sig í sessi, sem eitthvað sem einkennir kynslóð, áratug, stefnu, strauma eða mannlífið almennt á hverjum stað og tíma, verður það ekki aftur tekið. Metnaðarfullar myndbandaleigur eru og verða mikilvægar fyrir menningu landans. Myndbönd detta upp fyrir, hver veit hvað tekur við af Blue-Ray, en stofnunin, leigan, er komin til að vera. Menningarlegt gildi hennar er ótvírætt. Verst að sá viðburður sé markaður með ómetanlegu tjóni.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Námskeið fyrir þjónustuaðlila handslökkvitækja

Námskeiðið verður haldið 22. septermber 2009 að Flugvallarbraut 732, Reykjanesbæ. Námskeiðsgjald er kr. 15.000,-

Brunamálastofnun stendur fyrir námskeiði fyrir þjónustuaðila handslökkvitækja skv. gr. 1.3. í reglugerð nr. 170/1990 um eftirlit og viðhald handslökkvitækja.
Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa lokið 60 tíma starfsþjálfun í meðferð handslökkvitækja hjá viðurkenndum þjónustuaðila.
Þátttakendur þurfa að skila staðfestingu viðurkennds þjónustuaðila um 60 tíma starfsþjálfun við upphaf námskeiðsins.
Námskeiðinu lýkur með skriflegu prófi.

Sérstök athygli er vakin á að þeir sem fengið hafa bráðabirgðaleyfi hjá Brunamálastofnun til að starfrækslu þjónustustöðvar þurfa að sækja námskeiðið til að halda þeim réttindum.

Umsóknir um þátttöku sendist fyrir 15.9.09 á Pétur Valdimarsson (petur@brunamal.is) á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast á heimsíðu Brunamálastofnunar (www.brunamal.is).
Námskeiðsgjald greiðist fyrir 21. sept. 2009

Brunamálastofnun

Skúlagata 21
101 Reykavík
Sími 591 6000
Fax 591 6001
www.brunamal.is

Skrifstofan er opin virka daga kl. 8-16








HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 09-1395

> SAFNAR STRÁKUM

Það er ýmislegt misjafnt sem kemur úr munni leikkonunnar **Megan Fox** í viðtölum. Í nýlegu viðtali spjallaði leikkonan um sambönd. „Ég á ekki erfitt með skuldbindingu. Ég get ýtt á hnapp í hausnum á mér og þá get ég staðið við hliðina á Brad Pitt án þess að hafa áhuga. En ég get líka slökkt aftur og þá safna ég myndarlegum strákum eins og leikföngum.“



# fólk

folk@frettabladid.is

# Leika fótbolta af fingrum fram

Hið nýstofnaða fótboltafélag FC Tinna samanstendur af nokkrum stúlkum sem hittast einu sinni í viku og leika knattspyrnu. Félagið hefur einungis hist tvisvar frá stofnun þess og eru hæfniskröfur til leikmanna engar.

„Þetta er nýbyrjað en nokkuð margar stelpur hafa sýnt þessu áhuga. Liðið samanstendur af vinkonum mínum, vinkonum þeirra og vinkonum vinkvenna vinkvenna minna; allt stelpur sem urðu allt í einu mjög sprækar þegar þær fréttu af félaginu,“ útskýrir Tinna Ásgeirsdóttir, stofnandi FC Tinnu, og bætir við að þetta sé í fyrsta sinn sem flestar stúlkurnar sparki í bolta.

„Mig hefur alltaf langað að prófa að spila fótbolta en hef hingað til ekki getað fundið nógu margar stelpur til að skipa tvö lið þannig að ég hef alltaf afskrifað hugmyndina strax. Ég þorði heldur ekki að biðja kærasta minn um að leyfa mér að koma með sér og hans vinum þannig að ég stofnaði síðu á Fésbókinni þar sem ég bauð vinkonum að ganga til liðs við FC Tinnu og þá fyrst fór boltinn að rúlla,“ segir Tinna og útilokar ekki að góður árangur kvennalandsliðsins í fótbolta hafi ýtt undir áhuga kvenna á íþróttinni. Hún tekur þó fram að þar sem engin í liðinu hafi áður spilað fótbolta sé ekki farið eftir reglum heldur leikið af fingrum fram. „Við erum ekki með neina dómgæslu og nennum ekki að fara eftir settum reglum, enda kunnum við þær ekki. Þetta á fyrst og fremst bara að vera gaman,“ segir Tinna. - sm



**FC TINNA** Systurnar Tinna og Katla Ásgeirsdætur segja það ekki nauðsynlegt fyrir félagsmenn FC Tinnu að hafa sparkað í knött áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## *Býður við sögusögnum*

**Nýlegar sögusagnir um að kærasti kynbombunnar Katie Price fari með hlutverk í klámmynd hafa farið mjög fyrir brjóstið á henni. Samkvæmt þessum sögusögnum á Alex Reid að hafa leikið í nokkuð grófu nauðgunaratriði. Price á að hafa verið svo misboðið vegna þessara sögusagna að henni fannst hún ekki geta setið aðgerðarlaus mikið lengur og ákveðið að tjá sig um málið í fjölmiðlum.**

**„Nauðgun er viðkvæmt mál sem stendur mér nærri. Mér var sjálfri nauðgað þegar ég var yngri. Því ætti ég ekki að þurfa að taka fram að ég mundi aldrei umgangast neinn sem tæki þessu svo létt,“ var haft eftir Price. Hún sagði einnig að einhver nákominn Reid hefði einnig upplifað kynferðislegt ofbeldi og því væri hann sjálfur miður sín vegna þessara gróusagna.**



**VER SINN MANN** Jordan stendur við bakið á sínum manni og ver hann fyrir sögusögnum.



**BUFF** Hljómsveitin Buff er að taka upp plötu með sínum útgáfum af vinsælustu lögum Magga Eiríks. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Buff leikur lög Magga Eiríks

**Hljómsveitin Buff er þessa dagana að taka upp plötu með sínum útgáfum af vinsælustu lögum Magga Eiríks. Tilefnið er útgáfa nýrrar ævisögu kappans.**

„Það var haft samband við okkur og spurt hvort við hefðum áhuga. Við höfðum það svo sannarlega þar sem við erum allir miklir aðdáendur Magga,“ segir Hannes Friðbjarnarson, trommari Buffsins. „Okkur fannst gríðarlegur heiður að vera boðið þetta, líka af því að Maggi hefur sínar skoðanir á hlutunum. Hann var mjög hrifinn af því að við myndum taka þetta í okkar hendur og við fengum þau skilaboð að við mættum gera það sem okkur sýndist.“

Buff sér um allan undirleik á plötunni og söngurinn er að mestu í höndum sveitarinnar. Maggi syngur þó í einhverjum lögum og tekur virkan þátt í verkefninu. Við undirbúning plötunnar söng Maggi inn sín vinsælustu lög á kassagítarinn og í framhaldinu ákvað Buffið hvernig lögin yrðu útsett. Þar má telja gimsteina á borð við Ó þú, Reyndu aftur, Samferða, Gleðibankann og Hina einu sönnu ást, sem Björgvin Halldórsson söng í myndinni Óðal feðranna.

„Hugmyndin er að þessi plata fylgi bókinni,“ segir Maggi Eiríks. „Það var annaðhvort að gera þetta með „orginal“ upptökurnar eða gera eitthvað aðeins öðruvísi. Mér datt í hug að það væri sniðugt að fá unga og hrausta menn til að koma með nýtt sjónarhorn á þessi lög,“ segir hann. „Þessi lög eru mörg börn síns tíma en það breytir ekki því að menn hafa mismunandi aðkomu að svona efni. Ég vona bara að þeir fari sem lengst frá „orginalnum“.

Upptökur hófust í síðustu viku í hljóðveri í íbúð eins meðlims Buffsins á Laugaveginum og var hljóðverið sérstaklega búið til fyrir þetta verkefni. Platan, sem hefur fengið vinnuheitið Lag og texti – Magnús Eiríksson, er væntanleg í október, sama dag og bókin kemur út hjá útgáfufyrirtækinu Sögur. Plötunni verður fylgt eftir með tónleikaferð um landið þar sem Buff, Maggi og hljómsveit hans, Mannakorn, leika listir sínar.

freyr@frettabladid.is



**MAGGI EIRÍKS** Vonar að útgáfur Buffsins verði sem frábrugðnastar upphaflegu lögunum sínum.




Hef flutt snyrtistofu mína í **Gallerí Útlit.**
Bæjarhrauni 6, Hafnarfirði.
**Tímapantanir í síma 823-3310.**
**Berglind Adda**
Snyrti-tattú og förðunarfræðingur.




INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.



Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*



Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*



Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101**


# Moore er náttúrulega falleg

Ummæli leikkonunnar Demi Moore í viðtali við franska tímaritið Marie Claire þar sem hún þvertekur fyrir að hafa nýtt sér lýtalækningar til að viðhalda unglegu útliti sínu hafa vakið mikið umtal. „Svona aðgerðir gera fólk ekki hamingjusamt. En þegar sá dagur kemur að ég fer að gráta í hvert sinn sem ég lít í spegil mun ég kannski endurskoða afstöðu mína gagnvart lýtalækningum. En í dag er ég ánægð með útlit mitt eins og það er,“ sagði Moore meðal annars í viðtalinu.

Margir hafa þó dregið orð leikkonunnar í efa og vilja meina að hún hafi víst lagst undir hnífinn. Vefritið Eonline.com lagðist í nokkra rannsóknarvinnu og vill meina að hin 47 ára gamla leikkona gæti verið að segja sannleikann. Vefritið vill meina að Moore hafi greinilega elst á síðustu tíu árum. „Ef vel er að gáð má sjá að það hafa myndast örfínar hrukkur í kringum augu leikkonunnar sem voru ekki sjáanlegar fyrir áratug,“ skrifar blaðamaður. „Rétt lýsing getur gert kraftaverk. Eldri stjörnur kjósa oft að láta mynda sig í sterku ljósi, þannig sjást hrukkur síður. Ef Moore stæði fyrir framan okkur í eigin persónu án nokkurs farða væri fullvíst að sjá mætti merki öldrunar á andliti hennar,“ lýkur blaðamaður greininni, fullviss um að fegurð Moore sé genum hennar að þakka.



**UNG OG SÆLLEG** Moore á sínum yngri árum, dæmi nú hver fyrir sig.



**NÁTTÚRULEG FEGURÐ** Moore hefur ávallt neitað því að hafa lagst undir hnífinn.



**SLÓ Í GEGN** Uppsetning Þorleifs á Rómeó og Júlíu í St. Gallen sló í gegn og kemur nú til Íslands. MYND/FILIPPÍA

# Áherslan á hvernig en ekki hvað

„Ég er að fara að gera margt í ár, en það er fátt sem ég hlakka meira til en að vera viðstaddur þetta festival,“ segir Þorleifur Örn Arnarsson um Rómeó og Júlíu á þremur sviðum, litla hátíð Borgarleikhússins í maí. Uppsetning St. Gallen og Þorleifs á verkinu fer þá á svið samhliða metaðsóknarsýningu Vesturports og margverðlaunaðri uppsetningu Oskaras Korsunovas.

„Í þessum stærri löndum eins og Þýskalandi, þar sem ég er að vinna aðallega, er maður vanur því að sjá margar uppsetningar á sama verkinu. Heima erum við með svo fá leikhús og verk eru leikin með svo löngu millibili að það er ekki hægt að bera sýningarnar að neinu leyti saman. Að vera með svona festival held ég að geti gefið íslenskri leikhúsmenningu ofboðslega mikið. Áherslan færist á sýn listamannanna á samfélagið í gegnum verkin frekar en verkin sjálf.“

Þorleifur leikstýrir Eilífri óhamingju sem á að frumsýna á Litla sviðinu í mars. „Ég var í miklum samræðum við þá í Borgarleikhúsinu út af Eilífri óhamingju á svipuðum tíma og ég var að setja þetta upp. Þá kviknaði þessi hugmynd hjá þeim, af því að Oskaras er að koma að leikstýra hjá þeim líka.“ Frábærar viðtökur á uppsetningu Þorleifs spilltu án efa ekki fyrir vali Borgarleikhússins.

Í sýningunni keyrir hann að eigin sögn upp erótík og léttleika til að „tragedían geti fært áhorfandanum ástina“. Eru persónur dregnar skýrum dráttum sem og samböndin þeirra á milli á annars auðu sviði.

Hjá Litháíska Borgarleikhúshópnum eru Rómeó og Júlía hins vegar af bakaraættum og verða stóru orðin magnþrungin undir stórbrotinni umgjörð og yfir átökum um deig, flórsykur og hveiti. Sýningu Vesturports þekkja landsmenn en þar blandar leikhópurinn saman sirkus og leikhúsi við þýðingu Hallgríms Helgasonar.

- kbs


2 fyrir 1 til

**Costa del Sol**

**5. september**

**frá kr. 29.990**



Ótrúlegt tilboð - Allra síðustu sætin

Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Costa del Sol 5. september í 10 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu, m.a. góð íbúðahótel meðan á dvölinni stendur. Þú nýtur þjónustu fararstjóra Heimsferða allan tímann.

*Ath. aðeins örfá sæti og íbúðir á þessum kjörum!*





Verð frá kr. **29.990**

Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 5. september í 10 nætur. Netverð á mann. Takmarkaður fjöldi sæta á þessu verði - verð getur hækkað án fyrirvara.
Gisting frá kr. 3.700 m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð á “stökktu tilboði”. Netverð á mann pr. nótt.
Aukalega m.v. 2-4 í stúdíó / íbúð á Timor Sol eða Aguamarina kr. 900 (á mann pr. nótt). Aukalega m.v. 2-4 í íbúð á Principito Sol kr. 1.800 (á mann pr. nótt). Takmarkaður fjöldi íbúða á þessu verði - verð getur hækkað án fyrirvara.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.






**Nýlegar rannsóknir á íslenskum vinnumarkaði gefa mikilvægar upplýsingar um þann veruleika og þær áskoranir sem stjórnendur standa nú frammi fyrir. Á ráðstefnunni, sem haldin verður þann 10. september, verður breytingum á íslenskum vinnumarkaði lýst og rætt um þær áherslur sem mikilvægar eru í fari framtíðarleiðtoga þjóðarinnar.**

**Dagskrá**

**12:30 Skráning**

**13:00 Setning**
*Fundarstjóri Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, rannsóknarstjóri Capacent Rannsókna.*

**13:15 Breytingar á vinnumarkaði**
*Gunnar Haugen, framkvæmdastjóri Capacent Ráðninga.*
Gunnar fjallar um hvaða áhrif samdráttur á vinnumarkaði hefur haft á framboð á starfsfólki, væntingar umsækjenda til launa og mikilvægi ímyndar fyrirtækja í starfsmannaöflun.

**13:55 Líðan, viðhorf, væntingar, fyrir og í kreppu**
*Tómas Bjarnason, sviðsstjóri starfsmanna- og kjararannsókna Capacent Rannsókna.*
Tómas fjallar um áhrif breyttra aðstæðna á viðhorf fólks eins og þau endurspeglast í niðurstöðum VR könnunarinnar, en VR hefur árlega látið gera könnun meðal félagsmanna sinna sem lítur að helstu þáttum í innra starfsumhverfi fyrirtækja. Velt er upp mögulegum skýringum á þeim breytingum sem sjá má frá fyrri árum.

**14:35 Hlé**

**14:55 Helping people to reenter the job market**
*Erik Bernskov, forstöðumaður Capacent IKU í Danmörku og stjórnarmaður í samtökum fyrirtækja um starfsendurhæfingu.*
Capacent IKU hefur sérhæft sig í að aðstoða Dani sem eru við það að missa vinnuna eða eru án atvinnu, að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Erik Bernskov kynnir þær leiðir sem Danir hafa farið og hver árangurinn hefur verið af þeim.

**15:35 Úr hverju í hvað? – Nýir tímar kalla á öðruvísi forystu**
*Bjarni Snæbjörn Jónsson, partner hjá Capacent Ráðgjöf og Vilmar Pétursson, partner hjá Capacent Ráðgjöf.*
Rannsóknir á grunngildum og áherslum á vinnustöðum í fjölda landa sýna að niðurstöður fyrir Ísland eru nokkuð frábrugðnar löndunum í kringum okkur. Þessar niðurstöður varpa mikilvægu ljósi á hvaða áherslur eru líklegar til þess að endurspegla þá leiðtoga sem ná árangri í breyttu umhverfi.

**16:15 Samantekt og ráðstefnuslit**

Ráðstefnan verður haldin á Hótel Hilton fimmtudaginn 10. september. Verð 3.900 kr. Skráning á www.capacent.is.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Haugen, gunnar.haugen@capacent.is.

Capacent
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| UPP 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 - 5.50 | L |
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 5 - 8 - 10.30 | 16 |
| INGLORIOUS BASTERDS LÚXUS | kl. 5 - 8 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| STELPURNAR OKKAR | kl. 6 | L |
| G.I. JOE | kl. 10.10 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 - 10 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 6 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| THE GOODS LIVE HARD SELL HARD | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.50 - 8 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 10.10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 7 og 10(POWER) | 16 |
| THE GOODS | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| THE TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 og 10.10 | 16 |
| G.I.JOE: THE RISE OF COBRA | kl. 5.45 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 5:30 - 8:30 - 10:10 | 16 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 10:10 | VIP |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 8(3D) | L |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | VIP |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 3:30 - 5:50 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5 | 10 |
| THE HANGOVER | kl. 3:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 6(3D) - 8(3D) - 10:10(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 8:20 - 10:30 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 10:10 | 16 |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) | L |
| THE PROPOSAL | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 8 - 10 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 8 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 10 | 16 |

SKRÁÐU ÞIG Í FRÍÐINDAKLÚBB SAMBÍÓANNA Á HTTP://FACEBOOK.SAMBIOIN.IS


# Hörmungar hversdagsins

**Hallur Ingólfsson og Halldóra Malín Pétursdóttir gefa út plötu 11. september sem heitir Disaster Songs. Hallur segist alltaf hafa langað til að gera plötu sem fjallar um ömurlegar aðstæður frá A til Ö.**



**DÚETT** Hallur og Halldóra reyna að syngja eins vel og þau geta á nýrri plötu, Disaster Songs. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Ég heyrði Halldóru syngja í brúðkaupi, ég var reyndar búinn að heyra hana syngja áður, en það var það sem gerði útslagið. Ég var sem sagt búinn að semja þessi lög þá og ætlaði að fá hina og þessa til að syngja þetta með mér. Svo ákvað ég bara að fá Halldóru á móti mér í þetta og sé ekki eftir því.“

„Ég bara féll í stafi, þetta var svo fallegt og svo frábær hugmynd sem hann var með á bakinu, Disaster Songs, um fólk í hinum ýmsu hörmungum hversdagsleikans,“ útskýrir Halldóra.

Hallur tekur fram að hörmungarnar séu ekki tengdar þjóðfélagsástandinu eða náttúruhamförum. „Það er oft eitthvert lag á plötu sem segir eitthvað satt og einhverjum líður illa en svo koma hressu lögin inn á milli. Eða það er lag um að þó að allt sé ömurlegt, þá eigi maður samt að vera hress. Ég vildi að það væri til allavega ein plata sem væri ekkert að böggast yfir hvernig manni líður. Þetta hljómar kannski ekki vel á pappír, en mun betur þegar maður hlustar á plötuna.“

Hljómurinn er ekki þungur. „Persónurnar finna aldrei til með sjálfum sér, þetta verður aldrei eitthvað: Aumingja ég,“ segir Halldóra. Allar útsetningar eru minimalískar, „eins og eitthvað vanti eða sé farið og það sem er skemmt og skrítið,“ lýsir Hallur.

Plötunni verður fylgt eftir með miklu spilerí, en auk Halldóru og Halls eru upptökumennirnir Axel Árnason og Hafþór Karlsson, eða Haffi Tempó, og Ása Dýradóttir, bassaleikari Mammúts, í tónleikabandinu.

Halldóra hefur tónlistarferil sinn með plötunni. „Ég var bara veidd á stöng. Við Hallur hittumst fyrir ótrúlega löngu. Þá var hann að halda fyrirlestur í Listaháskólanum fyrir verkefni sem ég er að vinna. Svo hef ég alltaf verið að banka upp á dyrnar hjá honum. Hann er svo sjóaður, það er svo flott að hafa einhvern svona sjóaðan með sér þegar maður er að taka þessi barnaskref.“

kolbruns@frettabladid.is



**FALLEGUR BOÐSKAPUR** Peter, sem er dansari hjá Íslenska dansflokknum, skipuleggur manngerða bylgju á degi friðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vill setja heimsmet á friðardeginum

„Mig langar að reyna að safna eins mörgum einstaklingum og ég mögulega get til að taka þátt í þessum gjörningi. Í heimsmetabók Guinness stendur að metið í öðrum eins gjörningi sé fjórtán hundrað manns og það væri gaman ef hægt væri að slá það met,“ segir Peter Andersson, dansari hjá Íslenska dansflokknum, sem skipuleggur sérstaka friðaröldu í tilefni alþjóðlegs friðardags. Að sögn Peters er hugmyndin að safna fólki saman við Sæbraut og láta manngerða öldu ganga niður eftir götunni. „Vinur minn sendi mér upplýsingar um alþjóðlega friðardaginn á netinu og mér fannst hugsunin að baki deginum vera stórkostleg. Það er haldið upp á þennan dag víðs vegar um heiminn og mig langaði að taka þátt í því að dreifa friðarboðskapnum,“ segir Peter.

Nú þegar hafa um hundrað og fimmtíu manns boðað þátttöku sína í gjörningnum og að sögn Peters bætist ört í hópinn. „Því fleiri sem mæta, þeim mun betra. Ég er meira að segja búinn að koma á vinnustaði og sýna fólki hvernig á að gera ölduna,“ segir Peter brosandi. Alþjóðlegi friðardagurinn er haldinn 21. september og mun friðarbylgjan fara fram klukkan 17.30 þann dag.

- sm

# Rambó 5 í fæðingu

Ekkert lát er á framhaldsmyndunum. Nú á að gera Bad Boys 3, og að sögn Empire hafa Will Smith og Michael Bay, auk annarra úr fyrri myndunum, lýst yfir áhuga á gerð myndarinnar ef sagan reynist góð.

Þá hefur Variety það fyrir satt að kempan Sylvester Stallone ætli sér að leika í og leikstýra fimmtu Rambó-myndinni. Að sögn mun Rambó þurfa að berja sér leið í gegnum eiturlyfjabaróna og mannseljendur til að bjarga ungri stúlku sem hefur verið rænt við landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó, sem minnir óneitanlega á söguþráð Taken. Hefja á tökur næsta vor og mun armur Nu Image/Millennium-mynda, sem sér um framleiðslu The Expendables, sjá um framleiðslu Rambó 5.

- kbs



**ENN Á NÝ** Rocky Balboa var bara byrjunin á endurkomu Stallone.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Miðvikudagur 2. september

#### ➜ Sýningar

Í Gerðarsafni við Hamraborg í Kópavogi hafa verið opnaðar tvær nýjar sýningar: **„Dyr draumanna“**, sýning á verkum finnsku listakonunnar Elenu Schuvaloff-Maijala, og „Mandala“, sýning á verkum **sex íslenskra listamanna.**

Í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði hefur verið opnuð sýning á verkum tæplega þrjátíu listamanna sem öll tengjast hafinu. Opið alla daga kl. 11-17, fimmtudaga til kl. 21. **Lokað á þriðjudögum.**

Hópur listamanna frá **Aarhus Kunstakademi**, hefur opnað leirlistasýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur. Fjölbreytt verk íslenskra, danskra og grænlenskra listamanna. Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 12-18.

#### ➜ Handverkskaffi

Handverkskaffi verður haldið kl. 20-22 í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi (Gerðuberg 3-5) undir yfirskriftinni **„Flækjur og fínerí“**. Ragnheiður Eiríksdóttir kynnir prjónamenningu á vefnum. Fólk er hvatt til að hafa með sér handavinnu. **Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.**



Prjónaklúbburinn í Bókasafni Kópavogs við Hamraborg, hefst á ný kl. 16.30. **Allir velkomnir, með eða án handavinnu**, til að fá ráð og hugmyndir, hittast og spjalla. Umsjón hefur Elísa Friðjónsdóttir.

#### ➜ Ljósmyndasýningar



Sýningin **„Lífið er ekki bara leikur - það er líka dans á rósum“** Í Ljósmyndasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu, hefur verið framlengd til 20. september. Íslenskar ljósmyndir frá sjöunda áratug síðustu aldar. Opið virka daga kl. 13-19 og um helgar 13-17. Aðgangur er ókeypis.

Kristján Ingi Einarsson sýnir ljósmyndir í Kringlunni úr bókinni **„Kjarni Íslands“.** Sýningin er opin á opnunartíma verslanna.

#### ➜ Síðustu forvöð

Sýningin **„Þrælkun, þroski, þrá“** í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu, lýkur á sunnudaginn. Ljósmyndir af börnum við vinnu á sjó og á landi á árunum 1920-1950. Opið þri.-sun. kl. 11-17.

Í Gallerí Nútímalist við Skólavörðustíg 3 stendur yfir sýning á málverkum og teikningum eftir **Drífu Viðar**. Sýningu lýkur á laugardaginn. Opið virka daga kl. 12 til 18 og lau. kl. 12 til 17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# „HIN SANNA MIRANDA ÚR THE DEVIL WEARS PRADA“
– KRISTA SMITH, VANITY FAIR

# „GÓMSÆT OG SKEMMTILEG“
– OWEN GLEIBERMAN, ENTERTAINMENT WEEKLY

## „SVIPTIR HULUNNI AF DULÚÐLEGRI VERÖLD ÖNNU WINTOUR“
– KIM MASTERS,THE SUNDANCE CHANNEL

## „SAFARÍK, ÞESSA VERÐUR ÞÚ VERÐUR AÐ SJÁ“
– BETSY SHARKEY, LOS ANGELES TIMES

# „ALGJÖRLEGA ÁVANABINDANDI“
– ANDREW O´ HEHIR, SALON.COM




**BÍÓHLAUP**
**14**
SÝNINGARDAGAR

Frumsýnd:
**4. september**

Hvar:
**Háskólabíó**

Skráning á póstlistann margborgar sig
**www.graenaljosid.is**

**græna ljósið**

## > Lið 19. umferðar

Fréttablaðið hefur valið lið 19. umferðar í Pepsi-deild karla. Það skipa eftirtaldir leikmenn: Henryk Boedker (Þrótti) – Skúli Jón Friðgeirsson (KR), Kári Ársælsson (Breiðabliki), Dennis Danry (Þrótti), Sam Tillen (Fram) – Alfreð Finnbogason (Breiðabliki), Atli Jóhannsson (KR), Tony Mawejje (ÍBV), Tómas Leifsson (Fjölni) – Albert Brynjar Ingason (Fylki) og Ajay Leitch-Smith (ÍBV).



**sport**

sport@frettabladid.is

KÁRI ÁRSÆLSSON: LEIKMAÐUR 19. UMFERÐAR PEPSI-DEILDAR KARLA

# *Næsta ár lofar góðu fyrir Breiðablik*

Kári Ársælsson er leikmaður 19. umferðar að mati Fréttablaðsins. Hann skoraði eitt mark í 3-1 sigri sinna manna í Breiðabliki gegn hans gömlu félögum í Stjörnunni, þar sem Kári lék í fyrra. Breiðabliki hefur gengið vel að undanförnu enda hefur liðið fengið þrettán stig af fimmtán mögulegum í síðustu fimm leikjum sínum í deildinni og er þar að auki komið í undanúrslit bikarkeppninnar. „Við höfum verið á bullandi siglingu og þurfum nú helst að passa okkur á því að vera með fæturna á jörðinni,“ sagði Kári.

Breiðablik hefur komist í 3-0 í fyrri hálfleik í síðustu þremur leikjum sínum í deildinni en í þeim fyrsta, gegn Fram, missti liðið forystuna í þeim síðari. Leiknum lauk með 3-3 jafntefli.

„Það hefur verið gríðarlega góður sigur fyrir okkur leikmenn og þjálfara að hafa náð að halda forystunni út leikinn bæði gegn Val og Stjörnunni eftir leikinn gegn Fram. Við erum greinilega í góðum gír í fyrri hálfleik okkar leikja – það vantar ekki.“

Hann neitar því ekki að þetta góða gengi Blikanna komi helst til seint enda stutt eftir af tímabilinu. „Ég var ekki með Blikunum í fyrra en þá spiluðu þeir illa á síðasta hluta mótsins. Nú erum við að spila vel og vissulega hefðum við mátt hrökkva fyrr í gang. En þetta fer allt í reynslubankann. Næsta ár lofar vissulega góðu fyrir Breiðablik enda með góða leikmenn, unga uppalda Blika sem hafa fengið nóg að spila. Flestir eru þeir átján og nítján ára gamlir og afar þroskaðir miðað við aldur. Mér líst því vel á framtíðina.“

Hann segir liðið stefna eins hátt og það getur í deildinni og vitanlega alla leið í bikarnum. „Ég tel það raunhæft fyrir okkur að stefna að fjórða sætinu í deildinni. Það væri þó vel hægt að enda í tíunda sæti ef við pössum okkur ekki. Við ætlum því að reyna að klára tímabilið með stæl og helst fara alla leið í úrslitaleikinn í bikarnum líka.“



Eyjólfur Sverrisson tilkynnti landsliðshóp í gær:

# Mæta Norður-Írum

**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfarinn Eyjólfur Sverrisson hjá U-21 árs landsliði karla hefur valið landsliðshópinn sem mætir Norður-Írum í undankeppni EM 2011 þriðjudaginn 8. september næstkomandi en leikið verður ytra.

Landsliðshópur Íslands er eftirfarandi:

**Markmenn:** Haraldur Björnsson (Val), Óskar Pétursson (Grindavík). **Varnarmenn:** Hólmar Örn Eyjólfsson (West Ham United), Hjörtur Logi Valgarðsson (FH), Skúli Jón Friðgeirsson (KR), Andrés Már Jóhannesson (Fylki), Jósef Kristinn Jósefsson (Grindavík), Jón Guðni Fjóluson (Fram). **Miðjumenn:** Birkir Bjarnason (Viking), Bjarni Þór Viðarsson (KSV Roselare), Aron Einar Gunnarsson (Coventry), Jóhann Berg Guðmundsson (AZ Alkmaar), Guðmundur Kristjánsson (Breiðabliki), Almarr Ormarsson (Fram), Guðlaugur Victor Pálsson (Liverpool). **Sóknarmenn:** Rúrik Gíslason (Viborg), Kolbeinn Sigþórsson (AZ Alkmaar), Alfreð Finnbogason (Breiðabliki). - óþ






# Afsakanir Jóhannesar eins og blaut tuska í andlitið

**Jóhannes Karl Guðjónsson hefur aldrei spilað landsleik undir stjórn Ólafs Jóhannessonar en hefur þó tvívegis verið valinn. Ólafur tjáir sig nú í fyrsta sinn um þær ástæður sem Jóhannes Karl gaf honum fyrir fjarveru sinni.**

**FÓTBOLTI** Það þykir sæta tíðindum að atvinnumaður í knattspyrnu sem leikur með liði í efstu deildum Englands skuli ekki fá tækifæri með íslenska landsliðinu. Engu að síður hefur Jóhannes Karl Guðjónsson aldrei spilað með landsliðinu þegar það hefur verið undir stjórn Ólafs Jóhannessonar. Hann hefur þó tvívegis verið valinn en í hvorugt skiptið komst hann í viðkomandi verkefni.

Í viðtali við Morgunblaðið sem birtist 17. ágúst síðastliðinn segir Jóhannes Karl farir sínar ekki sléttar í samskiptum sínum við Ólaf. Hann sitji ekki við sama borð og aðrir leikmenn. Því er Ólafur ekki sammála.

„Það koma allir leikmenn til greina,“ segir Ólafur. „Allir leikmenn sitja við sama borð, hvort sem þeir spila á Íslandi eða annars staðar. Allir verða að lúta sömu reglum.“

Jóhannes segir í viðtalinu að Ólafur hafi tekið sínar ástæður fyrir fjarverum sínum góðar og gildar. „Ég hef valið hann tvisvar sinnum,“ segir Ólafur um þessi ummæli hans. „Í annað skiptið hringdi hann í mig rétt áður en hann átti að fara í flug og sagðist vera meiddur – að hann væri jafnvel rifbeinsbrotinn. Ekki spilar hann þannig. En svo spilaði hann með Burnley nokkrum dögum síðar.“

„Í hitt skiptið gaf hann ekki kost á sér af fjölskylduástæðum – vegna þess að sonur hans átti afmæli. Þetta var því spurning um hvort ég tæki slíkar afsakanir góðar og gildar. En mér finnst þessi afsökun léleg og nánast eins og blaut vatnstuska í andlitið. En ég stilli mönnum ekki upp við vegg. Ef þeir vilja ekki koma er það þeirra val.“

Nokkru síðar fór svo Ólafur til Englands til að fylgjast með Jóhannesi Karli spila. Jóhannes sagði í áðurnefndu viðtali að Ólafur hefði tilkynnt sér að hann ætlaði sér að velja hann í hópinn. „Það er ekki rétt,“ sagði Ólafur. „Ég var ekki búinn að lofa honum sæti í landsliðinu enda get ég ekki lofað mönnum því. En vissulega fór ég til Englands til að sjá hann spila vegna þess að ég íhugaði að velja hann. Eftir leikinn sá ég hins vegar ekki ástæðu fyrir því. Það er ekki flóknara en svo.“

Líkurnar hafa nú minnkað talsvert á að Jóhannes Karl verði valinn í landsliðið á meðan Ólafur er þjálfari þess. „Ég hef reyndar ekki talað við hann og veit ekki hvort það var rétt eftir honum haft. En hann segir í greininni að hann telji mig á rangri leið með landsliðið. Og leikmenn sem hafa ekki trú á því sem þjálfarinn gerir eru sjaldan valdir,“ segir Ólafur.

eirikur@frettabladid.is





**ÞJÁLFARINN OG LEIKMAÐURINN** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari og Jóhannes Karl Guðjónsson, leikmaður Burnley. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON OG GETTY






Landsliðið valið fyrir leikina gegn Noregi og Georgíu:

# Eigum góðan möguleika á sigri

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari tilkynnti í gær leikmannahópinn sem mætir Noregi í undankeppni HM 2010 á laugardaginn og Georgíu í vináttulandsleik á miðvikudaginn í næstu viku. 22 leikmenn voru valdir og kom fátt á óvart í valinu.

Leikurinn á laugardaginn er afar þýðingarmikill fyrir Norðmenn. Liðið á í harðri baráttu við Skota og Makedóna um annað sæti í riðlinum og er sigur á Íslandi nauðsynlegur fyrir þá baráttu.

Norðmenn unnu Skota, 4-0, á heimavelli í síðasta mánuði. „Það var fyrsti sigur Norðmanna í heilt ár,“ segir Ólafur, sem segir liðið ekki mikið breytt þó svo að Egil „Drillo“ Olsen hafi tekið við því. „Drillo er þekktur fyrir sínar aðferðir. Liðið beitir löngum spyrnum og er sterkt í seinni boltunum. Þeir hafa náð fínum árangri með sínum aðferðum sem er auðvitað aðalmálið.“

Hann segir greinilegt að sjálfstraust Norðmanna sé mikið. „Þeir vita vel hversu þýðingarmikill leikurinn er en ég held að við eigum góðan möguleika á sigri. Við viljum að sjálfsögðu fá fleiri stig í riðlinum enda væru það vonbrigði að enda bara með fjögur stig.“

Leikurinn við Noreg er sá síðasti hjá Íslandi í riðlinum. Samningur Ólafs rennur því fljótlega út.

„Við munum ræða þessi mál eftir leikina,“ sagði Ólafur en hefur hann áhuga á að halda áfram? „Ég mun svara þeim fyrst sem þurfa að vita hvort ég hafi áhuga eða ekki.“

Landsliðshópurinn: Árni Gautur Arason, Gunnleifur Gunnleifsson, Hermann Hreiðarsson, Indriði Sigurðsson, Kristján Örn Sigurðsson, Grétar Rafn Steinsson, Ragnar Sigurðsson, Sölvi Ottesen, Brynjar Björn Gunnarsson, Stefán Gíslason, Emil Hallfreðsson, Birkir Sævarsson, Pálmi Rafn Pálmason, Aron Einar Gunnarsson, Helgi Valur Daníelsson, Ólafur Ingi Skúlason, Rúrik Gíslason, Eiður Smári Guðjohnsen, Heiðar Helguson, Veigar Páll Gunnarsson, Garðar Jóhannsson og Atli Viðar Björnsson. - esá



**ÓLAFUR OG PÉTUR** Tilkynntu landsliðshópinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



VILTU VINNA EINTAK?
PS3
NÝ PS3 TÖLVA
MINNI
LÉTTARI
120GB DISKUR
Blu-ray Disc
SMS LEIKUR
10. HVER VINNUR!
AÐALVINNINGUR ER NÝ PS3 ÁSAMT TVEIMUR STÝRIPINNUM
SENDU SMS SKEYTIÐ EST PS3 Á NÚMERIÐ 1900
OG SVARAÐU SPURNINGU OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
FULLT AF AUKAVINNINGUM
BÍÓMIÐAR · TÖLVULEIKIR · DVD
FULLT AF PEPSI MAX OG MARGT FLEIRA!
FRUMSÝND
11. SEPTEMBER
PEPSI MAX
Nýja PS3 er komin í
ELKO
Vinningar afhentir í ELKO Lindum.199 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. Leik lýkur 18.09.09



**KRANJCAR** Kominn aftur til Harry Redknapp. NORDIC PHOTOS/GETTY

Blóðtaka fyrir Portsmouth:

## Kranjcar til liðs við Tottenham

**FÓTBOLTI** Tottenham gekk frá kaupum á króatíska landsliðsmanninum Niko Kranjcar frá Portsmouth í gær en kaupverðið var ekki gefið upp.

Samningur Kranjcars átti að renna út næsta sumar og leikmaðurinn var búinn að koma því skýrt frá sér að hann ætlaði sér ekki að framlengja við félagið og því ákvað Portsmouth að selja leikmanninn í stað þess að missa hann á frjálsri sölu eftir tímabilið.

Kranjcar kemur eins og kallaður til Tottenham en félagið missti Luka Modric í meiðsli á dögunum og Kranjcar mun því væntanlega fylla skarð landa síns fyrst um sinn í það minnsta. - óþ

Eftirmaður Lescotts fundinn:

## Everton nældi sér í Heitinga

**FÓTBOLTI Everton náði að semja við varnarmanninn Johnny Heitinga áður en félagaskiptaglugganum var lokað en enska félagið hafði áður náð samkomulagi um fimm milljóna punda kaupverð við Atletico Madrid.**

**Heitinga skrifaði undir fimm ára samning á Goodison Park eftir að hafa staðist læknisskoðun hjá félaginu. Heitinga er fenginn til þess að fylla skarð Joleons Lescott, sem fór sem kunnugt er til Manchester City á dögunum. Hollendingurinn verður enn fremur í treyju númer fimm eins og Lescott var hjá Everton. - óþ**

# City allt í öllu á sumarmarkaðnum

Hinum svokallaða félagaskiptaglugga var lokað á Englandi í gær en fátt var um fína drætti á lokadegi sumarmarkaðarins. Eftir stendur kaupæði Manchester City í sumar en félagið eyddi meiri peningum í leikmannakaup en „stóru fjögur“ félögin, Manchester United, Chelsea, Arsenal og Liverpool, gerðu öll til samans.

**FÓTBOLTI** Frestur félaga á Englandi til þess að kaupa og selja leikmenn rann út í gær kl. 16 að íslenskum tíma en sumarmarkaðurinn hafði verið opinn frá 1. júní.

Manchester City hélt uppteknum hætti frá því eigandinn forríki Sheikh Mansour mætti fyrst til leiks á Borgarleikvanginum í Manchester fyrir um ári og eyddi gróflega áætlað um 120 milljónum punda í leikmannakaup í sumar á meðan „stóru fjögur“ félögin höfðu tiltölulega hægt um sig. Sér í lagi í samanburði við eyðslumátt City-manna.

**United kom út í plús**

Þrátt fyrir að Englandsmeistarar Manchester United hafi selt dýrasta leikmann heims í sumar þegar Cristiano Ronaldo fór til Real Madrid á áttatíu milljón pund hélt knattspyrnustjórinn Sir Alex Ferguson sig á mottunni í eyðslunni.

Antonio Valencia var keyptur á átján milljónir punda og Frakkinn ungi Gabriel Obertan kostaði þrjár milljónir punda. Þá krækti Ferguson í stórstjörnuna Michael Owen á frjálsri sölu en þess má geta að félögin á Englandi geta enn fengið til sín leikmenn á frjálsri sölu þó svo að félagsskiptaglugganum hafi verið lokað, svo framarlega sem leikmaðurinn hafi verið með lausann samning fyrir 1. september.



**OWEN** Kom til United á frjálsri sölu í sumar. NORDIC PHOTOS/AFP



**ADEBAYOR OG BARRY** City-menn fjárfestu langmest allra liða ensku úrvalsdeildarinnar í félagaskiptaglugganum í sumar. Hvort fjárfestingarnar skili sér í titlum kemur í ljós síðar. NORDIC PHOTOS/AFP

Ferguson er þó hvergi banginn þrátt fyrir að hann hafi ekki eytt nærri jafn mikið í leikmannakaup og nágrannar hans í Manchesterborg.

„Ég er mjög ánægður með leikmannahópinn eins og hann er og ég treysti á hann. Það er hrein móðgun að halda að ég sé ekki nógu ánægður með núveradi leikmannahóp,“ sagði Ferguson þegar hann var inntur eftir því á dögunum hvort hann þyrfti ekki að bæta við leikmönnum.

**Roman dregur saman seglin**

Eigandinn Roman Abramovich hjá Chelsea hefur einnig verið nokkuð rólegur í sumar miðað við oft áður og hann virðist hafa eytt mestum tíma og peningum í að halda fyrirliðanum John Terry áfram hjá vestur Lundúnafélaginu og frá klóm City-manna.

Yuri Zhirkov voru einu stórkaup Chelsea í sumar en hann kostaði átján milljónir punda.

Þá var heldur ekki mikið verslað í Norður-Lundúnum og Thomas Vermaelen var einu stórkaup Arsenal en leikmaðurinn kostaði tíu milljónir punda.

Knattspyrnustjórinn Arsene Wenger var aftur á móti duglegur að selja og Manchester City var helsti viðskiptavinurinn þar sem Emmanuel Adebayor fór þangað á 25 milljónir punda og Kolo Toure fór sömu leið á sextán milljónir punda.

Fyrir utan tvímenningana frá Arsenal fjárfestu City-menn einnig í Carlos Tevez á 25,5 milljónir punda sem var áður hjá United á láni, Joleon Lescott á 24 milljónir punda frá Everton, Roque Santa Cruz á átján milljónir punda frá Blackburn og Gareth Barry á tólf milljónir punda frá Aston Villa.

Hvort þessi sumareyðsla City-manna nær að splundra „topp fjögur“ kjarnanum kemur í ljós í maí en byrjun félagsins í deildinni gefur óneitanlega fögur fyrirheit um framhaldið.

omar@frettabladid.is

**KAUP MAN. CITY Í SUMAR**

| | |
|---|---|
| Carlos Tevez | £25,5 milljónir |
| Emmanuel Adebayor | £25 m. |
| Joleon Lescott | £24 m. |
| Roque Santa Cruz | £18 m. |
| Kolo Toure | £16 m. |
| Gareth Barry | £12 m. |
| **Samtals** | **£120,5 m.** |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



## > Vanessa Williams

„Ég er fjögurra barna móðir og þó svo að ég elski að vera í hlutverki klækjakvendisins Wilhelminu Slater þá vil ég heldur eyða tímanum með börnunum mínum.“

***Williams fer með hlutverk Wilhelminu í þættinum Ljóta Betty sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 20.15.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON BAÐAR SIG Í ÓHLUTDRÆGNI

# *Að kunna sér hóf*

Stundum eru starfsmenn fréttastofu kallaðir inn í morgunspjallþættina og látnir taka þátt í umræðum. Þá hafa umsjónarmenn, sem yfirleitt eru tveir, ákveðið að fá smá pásu svona rétt undir níu og láta þá fréttastofugestinum eftir að leika andskota einhvers jóns utanúr bæ. Umsarnir skjóta þá inn orði og orði svona rétt til að smyrja samtalið ef talvélin er tekin að hökta. Í þessum tilvikum er oft erfitt að gera sér í hugarlund hvort Þórhallur Jósepsson er prívatpersóna með einstæða þekkingu á efninu eða er enn á vakt. Hjá öðrum er þetta alltaf ljóst, til dæmis hjá Boga mínum Ágústssyni sem hefur einstaka hæfileika að leika bæði hlutverkin, drjúgfróðan fréttasjúkling og mann með prívatskoðun. Bogi skilur þarna á milli með inngangi, aðvörun eða þessu gamla góða: mér finnst.

Því er þetta til tals að í gærmorgun var Þórhallur kominn í það hlutverk að grilla Sigrúnu Elsu hjá þeim Láru Ómars og Frey. Úpps – hugsaði maður – er þetta alveg rétt dæmi?

Nú má enginn skilja mann svo að það sé eitthvað asnalegt að Sigrún Elsa sé grilluð, jafnvel að Þórhallur snúi teininum – en þá vil ég fá að vita skilmerkilega hvort hann er þar prívat – eða bara skítaredding fyrir andmælanda og þá að yfir honum sé dauf slikja þess sem alla jafna á að flytja óhlutdrægar fréttir – svona af tillitssemi við kúnnann sem yfirleitt vill vita að hann vinni sína vinnu af stakri reglusemi.



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **17.30** Gilmore Girls STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.45** Meistaradeildin í golfi 2009 STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.25** Medium STÖÐ 2



▶**21.50** Secret Diary of a Call Girl SKJÁREINN



▶ **22.20** Við erum saman SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Út og suður** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka** (22:26)

**17.55 Gurra grís** (101:104)

**18.00 Disneystundin** Gló magnaða, Sígildar teiknimyndir og Einskonar dreki.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Aðalhlutverk: America Ferrera, Alan Dale, Mark Indelicato, Tony Plana og Vanessa L. Williams.

**21.00 Matur um víða veröld - Krydd-leiðirnar** (Planet Food: Spice Trails: Kryddleiðirnar) Í þættinum verður flakkað um heiminn og sagt frá því hvernig yfirráð yfir kryddleiðunum hafa á síðustu 5000 árum átt sinn þátt í því að merkar borgir hafa risið og forn menningarsamfélög liðið undir lok.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

▶**22.20 Við erum saman** (We Are Together) Heimildamynd um kór suðurafrískra barna sem hafa misst foreldra sína úr alnæmi.

**23.25 Mótókross** (e)

**23.55 Kastljós** (e)

**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.10 Hot Shots! Part Deux**

**08.00 The Pink Panther**

**10.00 Reign Over Me**

**12.00 Toy Story**

**14.00 The Pink Panther**

**16.00 Reign Over Me**

**18.00 Toy Story**

**20.00 Bring It On: All or Nothing** Britney Allen er fyrirliði klappstýruhópsins og vinsælasta stelpan. Hún er því ekki sátt þegar fjölskylda hennar ákveður að flytja og hún þarf að byrja í nýjum skóla.

**22.00 No Way Out**

**02.10 Thelma and Louise**

**04.15 No Way Out**

**06.05 The Addams Family**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.

**08.15 Oprah** Þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (18:25)

**10.00 Doctors** (19:25)

**10.30 Tekinn 2** (9:14)

**11.00 Gilmore Girls**

**11.50 Monarch Cove** (1:14)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Aliens in America** (2:18)

**13.40 The Loop** (5:10)

**14.15 ER** (6:22)

**15.00 The O.C. 2** (11:24)

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Stóra teiknimyndastundin og Dynkur smáeðla.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (19:25)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (14:22)

**20.10 Supernanny** (5:20) Ofurfóstran Jo Frost gefur ungu og ráðþrota fólki gagnleg uppeldisráð sem skila árangri.

**20.55 Ástríður** (3:12) Ný íslensk rómantísk gamanþáttaröð.

▶**21.25 Medium** (3:19) Allison Dubois sér í draumum sínum skelfilega hluti sem enn hafa ekki átt sér stað. Þessi náðargjöf hennar gagnast lögreglunni við rannsókn ýmissa mála.

**22.10 Monarch Cove** (12:14)

**22.55 Love You to Death** (11:13)

**23.20 Sex and the City** (4:18)

**23.45 In Treatment** (16:43)

**00.10 Eleventh Hour** (6:18)

**00.55 ER** (6:22)

**01.50 Sjáðu**

**02.20 Aquamarine**

**04.00 Medium** (3:19)

**04.45 Ástríður** (3:12)

**05.10 The Simpsons** (14:22)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.50 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.

**18.20 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.

**19.15 F1: Við endamarkið** Gunnlaugur Rögnvaldsson og sérfræðingar skoða keppnina gaumgæfilega og leiða áhorfendur í gegnum allan sannleikann.

▶**19.45 Meistaradeildin í golfi 2009** Skemmtiþáttur um golf. Fylgst með Meistaradeildinni í golfi, kylfingar teknir tali, golfkennsla skoðuð og einnig verða íslenskir golfvellir skoðaðir.

**20.15 Chelsea - Liverpool** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**21.55 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**22.25 Augusta Masters Official Film** Þáttur um Masters-mótið sem er hið fyrsta af fjórum árlegum risamótum í golfinu.

**23.25 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Hold ´Em.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Aston Villa - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.00 Wolves - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.40 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**20.35 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**21.05 Chelsea - Burnley** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.45 Stoke - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**17.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.20 Style Her Famous** (18:20) Jay Manuel heimsækir venjulegar konur sem dreymir um að líta út eins og stjörnurnar í Hollywood. (e)

**18.50 Design Star** (6:9) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. (e)

**19.40 Psych** (11:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa sakamál. (e)

**20.30 Welcome to the Captain** (3:5) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan hóp fólks.

**21.00 Britain's Next Top Model** (10:10) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að nýrri ofurfyrirsætu. Stúlkurnar þrjár sem eftir eru fara í sjóðheita myndatöku á ströndinni.

▶**21.50 Secret Diary of a Call Girl** (2:8) Skemmtileg og ögrandi þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi. Belle íhugar breytingar og brýtur stærstu regluna í bransanum þegar hún ákveður að fara á stefnumót með Alex.

**22.20 Californication** (2:12) (e)

**22.55 Penn & Teller: Bullshit** (51:59) Penn og Teller leita sannleikans en takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.

**23.25 Law & Order: Criminal Intent** (15:22) (e)

**00.15 Pepsi MAX tónlist**

## iNN

**20.00 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir ræðir um málefni borgarinnar.

**20.30 Íslands safarí** Akeem R. Oppang ræðir um málefni innflytjenda á Íslandi

**21.00 Reykjavík – Ísafjörður – Reykjavík** Umsjón: Árni Árnason og Snorri Bjarnvin Jónsson.

**21.30 Björn Bjarna** Björn Bjarnason ræðir við gest sinn um málefni allra landsmanna. Gestur Björns í kvöld er Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





# BYLGJAN Í FYRSTA SÆTI

BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Hlustendur Bylgjunnar eru í eftirsóttasta markhópnum og stærsta neysluhópnum. Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 33, 2009.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909 BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### Ástríður



Ný rómantísk gamanþáttaröð um unga konu sem ræður sig til vinnu hjá fjármálafyrirtæki þar sem allt er auðvitað að gerast en um leið ekki neitt. En þótt Ástríði reynist erfitt að fóta sig í hörðum heimi viðskiptalífsins þá gengur henni enn verr í mun harðari heimi ástarlífsins. Þar veit hún sjaldnast í hvorn fótinn hún á að stíga og veðjar ósjaldan á rangan hest, jafnvel þótt sá rétti sé beint fyrir framan nefið á henni. Ástríður er ný og spennandi leikin gamanþáttaröð, full af rómantík og drama og með stórskemmtilegri skírskotun í íslenskan veruleika rétt fyrir hrun.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
## Welcome to the Captain

### SkjárEinn kl. 20.30

Josh er ungur handritshöfundur sem skaust upp á stjörnuhimininn í Hollywood en þjáist nú af ritstíflu. Besti vinur hans útvegar honum íbúð en í sömu byggingu búa ýmsir furðufuglar og Josh kemst fljótt að því að þetta er rétta umhverfið sem hann þarf til að veita sér innblástur við frekari skrif.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Litli prinsinn
**14.03** Lili Marlene
**15.03** Útvarpssagan: Með hægð
**15.25** Með flugu í höfðinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Ehrengard
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Ísland og Evrópusambandið
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 91,9 | Kaninn |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 95,7 | FM957 | FM 96,3 | FM Suðurland |
| FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 97,7 | X-ið | FM 98,9 | Bylgjan |
| FM 99,4 | Útvarp Saga | FM 90,1 | Rás 2 | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 102,9 | Lindin | FM 105,5 | Útvarp Boðun | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (14:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum á fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem það greiðir úr flækjum í einkalífinu.

**17.00 Doctors** (15:25)

▶ **17.30 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Það rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**18.15 Seinfeld** (23:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

**18.45 Doctors** (14:25)

**19.15 Doctors** (15:25)

**19.45 Gilmore Girls**

**20.30 Seinfeld** (23:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.20 Ísland í dag**

**21.40 Little Britain** (5:6) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Walliams.

**22.10 Bones** (26:26) Dr. Temperance „Bones" Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í flóknustu morðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglumaðurinn Booth vinna vel saman og stóra spurningin er hvort þau verði nokkurn tímann par.

**22.55 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.

**23.25 Fréttir Stöðvar 2**

**00.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Absolutely Fabulous **12.45** Only Fools and Horses **13.35** The Weakest Link **14.20** The Weakest Link **15.05** Only Fools and Horses **15.55** Only Fools and Horses **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Family **18.30** My Family **19.00** Blackadder Goes Forth **19.30** Blackadder Goes Forth **20.00** The Inspector Lynley Mysteries **20.45** My Family **21.15** My Family **21.45** EastEnders **22.15** The Weakest Link **23.00** The Inspector Lynley Mysteries **23.45** Blackadder Goes Forth

## DR 1

**12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Pigerne Mod Drengene **14.30** Braceface **14.50** Højspændingsmanden og Robotdrengene **15.00** Ninja Turtles **15.20** Oggy og kakerlakkerne **15.30** PLING BING **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Drengehjemmet **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Taggart **21.40** OBS **21.45** Onsdags Lotto **21.50**

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Sametingsvalget 2009 **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** På fisketur med Bård og Lars **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Olivia **16.10** Ugler i mosen **16.30** Safari Europa **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Velg! 09 **18.50** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Lærerne **20.10** Vikinglotto **20.20** Sporløst forsvunnet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Intriger og begjær **22.10** Olje! **23.00** Skilt! **23.30** Kulturnytt

## SVT 1

**12.25** Det förälskade molnet **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hedebyborna **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Livvakterna **20.00** True Blood **20.55** Kulturnyheterna **21.10** Himmelblå **21.55** På spåret - Oldsbergs favoriter **22.55** Sändningar från SVT24



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég vil bara hamborgara, hvar sem er, hvenær sem er. Nonnabiti, Aktu taktu, Prikið, Hressó. Allt gott, jafnvel þegar það er vont.“*

Heiðar Sumarliðason leikskáld og leikstjóri.

# Sólkrossinn gefinn út í Þýskalandi

„Loðinn um lófana? Tja, þetta er gott forlag og forlög borga eftir stærð. Þetta forlag er mjög stórt þótt þeir upplifi sig örugglega ekki eins og þeir séu einhverjir höfðingjar,“ segir Óttar Martin Norðfjörð en þýski útgefandinn Der Aufbau hefur tryggt sér útgáfuréttinn að skáldsögu Óttars, Sólkrossinum. Þjóðverjar hafa undanfarin ár verið ákaflega hrifnir af íslenskum rithöfundum, Arnaldur Indriðason er vinsæll spennusagnahöfundur þar og rithöfundar á borð við Auði Jónsdóttur og Guðrúnu Evu Mínervudóttur hafa fengið verk sín útgefin í Þýskalandi að undanförnu. Der Aufbau er virt forlag og gefur út marga af snjöllustu rithöfundum heims, þeirra á meðal Paul Auster. „Þetta er því mikill heiður fyrir mig og ég átti alls ekki von á þessu.“

Óttar hefur enga eina skýringu á því hvers vegna Íslendingar séu svona vel liðnir í Þýskalandi. „Ætli þetta sé ekki bara þetta norræna og þá höfðar Sólkrossinn náttúrlega vel til þeirra, hún svolítið norræn,“ útskýrir hann.

Óttar situr nú sveittur við skriftir, er að leggja lokahöndina á nýja bók en hún á að koma út um þessi jól. Bókinni hefur verið gefið nafnið Paradísarborgin og er spennusaga án glæps. „Spennusagan er komin í ákveðið hjólfar, einhver leysir eitthvert morðmál og allir verða glaðir. Þetta er svolítið staðnað form. Bókin sækir svolítið í ástandið og það er náttúrlega stærsti glæpurinn hvernig komið var fram við íslensku þjóðina,“ útskýrir Óttar. - fgg



**ÁNÆGÐUR MEÐ SAMNINGINN** Óttar Martin er kominn á samning hjá þýska forlaginu Der Aufbau sem hyggst gefa út síðustu bók hans, Sólkrosssinn.



**LÁRÉTT**
**2.** mælieining, **6.** tveir eins, **8.** viljugur, **9.** fyrirboði, **11.** guð, **12.** spýta, **14.** kryddblanda, **16.** nafnorð, **17.** holufiskur, **18.** kerald, **20.** þessi, **21.** grobb.

**LÓÐRÉTT**
**1.** svei, **3.** hvort, **4.** súrsað grænmeti, **5.** kæla, **7.** afhjúpun, **10.** púka, **13.** hress, **15.** skál, **16.** lík, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** desí, **6.** uu, **8.** fús, **9.** spá, **11.** ra, **12.** sprek, **14.** karrí, **16.** no, **17.** nál, **18.** áma, **20.** sá, **21.** raup.
**LÓÐRÉTT: 1.** fuss, **3.** ef, **4.** súrkás, **5.** ísa, **7.** uppkoma, **10.** ára, **13.** ern, **15.** ílát, **16.** nár, **19.** au.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Að svíkja tugi milljóna út úr Íbúðalánasjóði.
2. Hjörtur Hjartarson.
3. Númer níu.








**STÆKKAR HRATT OG VEL** Ásta segir mikilvægt að hlúa að sprotafyrirtækjum því þá geti þau stækkað hratt og vel. Fatamerkið E-label hefur dafnað vel og verður bráðum fáanlegt í tískuverslunninni Topshop við Oxford Circus í London.

ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR: E-LABEL Á LEIÐ Í LIT

# Íslensk hönnun í Top Shop

„Við erum í hópi sjö hönnuða sem voru valdir til að selja hönnun sína í versluninni. Það eru um hundrað umsóknir sem berast frá hönnuðum til Topshop í hverri viku þannig að við erum mjög ánægðar að hafa komist þarna að,“ segir Ásta Kristjánsdóttir, annar af eigendum E-label en fatamerkið verður til sölu í verslun Topshop við Oxford Circus í London. Hönnunin verður fyrst um sinn seld í Edit-deildinni þar sem nýir og upprennandi hönnuðir fá að njóta sín. „Þar þurfum við að standast mjög ströng sölumarkmið og ef þau ganga eftir heldur samstarfið áfram og merkið verður jafnvel selt í fleiri verslunum Topshop,“ segir Ásta Kristjánsdóttir en með henni í fyrirtækinu er Heba Hallgrímsdóttir.

Aðspurð segir Ásta að mikil vinna liggi að baki velgengni fatamerkisins sem hefur hlotið jákvæða umfjöllun í erlendum fjölmiðlum og má þar nefna vefsíðu tímaritsins Elle, tímaritið Grazia og London Paper. „Öll umfjöllun hjálpar okkur auðvitað mjög mikið og skilar sér meðal annars í auknni netsölu og gerir okkur auðveldara um vik að finna erlenda dreifingaraðila fyrir vöruna.“

Að sögn Ástu er hönnun E-label bæði þægileg og nothæf og er hún stíluð inn á hina atorkusömu nútímakonu. „Flíkurnar eiga að vera þægilegar, nothæfar og nýtast manni við mismunandi tækifæri og byggist hönnunin á hugtakinu „empowering women“.“ Ásta segir að næsta vor sé von á litaglaðari línu frá E-label, en flíkurnar hafa hingað til aðeins fengist í svörtu. „Við ætlum að byrja með liti næsta vor. Það er aðallega gert fyrir erlenda markaðinn sem vill sjá liti í vor- og sumartískunni. Íslenskar konur eru aftur á móti hrifnastar af svörtu og þess vegna hefur hönnun okkar hingað til verið öll svört.“

Að sögn Ástu lagði fyrirtækið upp með það markmið að gefa til baka til samfélagsins ef vel gengur. „Hönnunin er íslensk en vörurnar eru framleiddar á Indlandi. Ástandið þar er mjög bágborið og því ákváðum við að þrjú prósent af öllum hagnaði E-label renni til styrktar inderskum mannúðarsamtökum sem kallast Girls Project at Shaati sem veitir heimilislausum stúlkum húsaskjól, menntun og læknishjálp.“

sara@frettabladid.is



**HÖNNUNIN VEKUR ATHYGLI** Hönnun E-label hefur vakið athygli ýmissa erlenda tískutímarita undanfarnar vikur.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eftirvinnsla stendur yfir á myndinni Bjarnfreðarson sem aðdáendur Nætur- og Dagvaktarinnar bíða eftir með mikilli eftirvæntingu. Leikstjórinn **Ragnar Bragason** mun eiga í mestu erfiðleikum með að klippa myndina niður í hæfilega lengd vegna hins mikla efniviðar sem hann hefur úr að moða. Líklegt má telja að hluti af þeim atriðum sem klippt verða út muni í staðinn rata á DVD-útgáfu myndarinnar.



Og aðeins meira úr herbúðum Vakt-liðsins því nú er hafin mikil auglýsingaherferð fyrir Fangavaktina. **Ólafur Ragnar**, sem Pétur Jóhann leikur, er þar í aðalhlutverki því heimasíða og strætóauglýsingar eru farnar að sjást um bæinn og þar má líta Ólaf Ragnar í fullri stærð auglýsa fasteignasölu sína og að það sé „vangefið að gera“. Þetta minnir ögn á fasteignaauglýsingarnar þegar góðærið stóð sem hæst og fasteignasalar voru á hátindi frægðar sinnar. En nú er jú öldin önnur á frosnum fasteignamarkaði.



Meira af sjónvarpi því Stöðvar 2-menn eru farnir að leggja snörur fyrir fræga fólkið og reyna fá það til að taka þátt í íslensku útgáfunni af Wipeout. Einhverjir hafa gefið vilyrði sitt fyrir þátttöku sinni en ein manneskja hefur þegar sagt nei. **Ásdísi Rán** fannst það víst ekki hæfa sinni ofurfyrirsætu-stöðu að böðlast um í leðju og vatni og svo var djobbið víst ekki launað. Þótt flug og uppihald væri borgað af sjónvarpsstöðinni. - fb/fgg/afb








# Iben formaður dómnefndar á RIFF

Danska leikkonan Iben Hjejle verður formaður dómnefndar í keppninni um Gyllta lundann, aðalverðlaunin á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík, RIFF, sem verður haldin síðar í mánuðinum. Hjejle er vafalítið þekktust hérlendis sem kona Caspers Christensen í gamanþáttunum Klovn.

„Þetta er alveg frábært,“ segir Hrönn Marínósdóttir hjá RIFF um komu Iben til landsins. „Það eru svo margir sem þekkja hana úr þáttunum og hún er skemmtileg leikkona líka. Það er mikil ánægja með þetta enda er hún búin að gera mikið af góðum hlutum.“

Iben á að baki vel heppnaðan feril bæði í heimalandi sínu og í Hollywood. Auk Klovn er hún þekkt fyrir leik sinn í myndunum Mifunes sidste sang, High Fidelity og Defiance, ásamt þáttunum um lögreglukonuna Önnu Pihl.

Hún verður ein fimm kvenna í dómnefnd hátíðarinnar, sem hlýtur að teljast heldur óvenjulegt. „Karlarnir eru svolítið áberandi í þessum kvikmyndabransa og þess vegna var tekin þessi ákvörðun að hafa eingöngu konur í dómnefndinni,“ segir Hrönn. Hinar í dómnefndinni eru Elísabet Ronaldsdóttir klippari, Sitora Alieva, dagskrárstjóri rússnesku kvikmyndahátíðarinnar Kinotavr, Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona og Jessica Hausner, leikstjóri myndarinnar Lourdes sem verður sýnd á RIFF.

Alls munu fjórtán myndir keppa um Gyllta lundann í ár, þar á meðal Kelin frá Kasakstan, Eyes Wide Open frá Ísrael og Dogtooth frá Grikklandi. - fb



**IBEN OG TRÚÐARNIR** Iben Hjejle ásamt þeim Casper og Frank þegar þau komu hingað til lands á síðasta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# RISA ÚTSALA

## OUTLET CENTER

OPIÐ,
mánud. – laugard. $10^{00}$-$18^{00}$
sunnud. $12^{00}$-$17^{00}$

Mikið úrval af skóm frá 499,-

Herranærbuxur 499,-

Allar herraskyrtur 999,-

Allar dömubuxur 999,-

Húfur og vettlingar. Verð frá 199,-

Satin náttkjólar 499,-

Úlpur frá 3.999,-

Dömu, herra og barnasokkar frá 99,-

Dömu sokkabuxur 199,-

Mikið úrval af nælónsokkabuxum verð frá 199,-

KLINKIÐ
LÁGVÖRUMARKAÐUR

Skrautvörur í miklu úrvali
3 verð 49,- 99,- og 199,-

Barna- og grínvara
verð frá 49,-

Fótboltar/blakboltar
Áður 1.999,- nú 999,-

Stórar og flottar vatnsbyssur
Áður: 1.999,- nú 999,-

Scateboard dót. Hjálmar og hlífar
Áður: 1.999,- Nú: 799,-

Plast hnífapör 51 í pakka 99,-
101 í pakka 149,-

Adidas legghlífar PRO
Áður: 2.499,- Nú: 1.499,-

Signatures Of Nature
ENDORCED FOR YOU

Verð frá
390 kr - 2990 kr

Náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur

15% afsláttur
miðvikud-sunnudags

# GULAHÚSIÐ - FAXAFENI 8

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

## *Passaðu sólgleraugun þín*

Aðeins hef ég einu sinni á ævinni rekist á íslenska ferðamenn á förnum vegi við Miðjarðarhafið þótt ég hafi lengi alið þar manninn. Eins undarlegt og það kann að hljóma var það sársaukafull reynsla.

**ÉG VERÐ** nefnilega sífellt vitni að því í margmenningarsamfélaginu að það er einmitt þjóðernið sem dregur menn í dilka. Til dæmis hér á Suður-Spáni. Fjölmargir vel efnaðir Englendingar hafa komið sér vel fyrir í mörgum bæjum hér þar sem þeir búa hlið við hlið, liggja hlið við hlið á ströndinni eða sundlaugarbakkanum og drekka á sama öldurhúsinu sem oftast er í eigu landa þeirra sem veit hvar Davíð keypti ölið. Þannig tekst þeim að komast í gegnum daginn nánast án þess að hafa nokkur samskipti við heimamenn.

**HVER** þjóð virðist hafa sinn háttinn á til að geta verið innan um landa sína þótt þeir séu fjarri heimahögum. Þeir vinna saman, búa saman og drekka ölið saman. Og ef upp koma deilur virðist ekki spurt um málstað eða tildrög heldur þjóðerni. Fyrir rúmri viku kom til dæmis til hópslagsmála í litlum bæ þar sem sígaunar og Nígeríumenn öttu kappi. Tildrögin voru þau að sígaunamey ein missti sólgleraugu sín þegar hún var á rúntinum með mannsefni sínu. Lagði hann bílnum hið snarasta og fór á eftir sólgleraugunum, sem þá voru komin í hendurnar á Nígeríumanni einum. Voru hnefar látnir útkljá málið. Nígeríumenn á nálægri símstöð komu sínum manni til hjálpar og sígaunar sem voru á hverfisbarnum létu ekki sitt eftir liggja. Enginn þeirra þarf nú á sólgleraugum að halda þegar horft er fram á veginn.

**EN SÍÐAN** er til undantekning frá þessari tilhneigingu því að það síðasta sem íslenskur ferðamaður vill finna á vegi sínum í sólarlöndum er annar Íslendingur. Ég minnist þeirrar skelfilegu reynslu þegar ég heyrði þrjá spjátrunga í Barcelona mæla á okkar ylhýru tungu. Ég var með mikla heimþrá svo ég stökk af stað og gaf mig á tal við þá. Það var engu líkara en þeir hefðu fengið norðangarra í fangið þegar ég ávarpaði þá og áður en ég gat spurt hvort heyskapur væri hafinn í sveitum sunnanlands sá ég í iljarnar á þeim niður eftir Römblunni.

**ÉG HVET** alla Íslendinga sem kunna að missa sólgleraugun sín að hafa réttlætið með sér þegar náð er í þau; annað liðsfengi er ekki að finna.



**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er miðvikudagurinn 2. september 2009, 245. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.13 | 13.27 | 20.39 |
| Akureyri | 5.52 | 13.12 | 20.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


